allt

Guðrún Rut Hreiðarsdóttir:

*Ferðin til Hóla tók tíu ár*

• nám

Í MIÐJU BLAÐSINS





Ingvar úti í Mýri:

*Kostar 170 milljónir*

• stór mynd á íslenskan mælikvarða

SÍÐA 42










# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

4. maí 2005 – 119. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir

MIÐVIKUDAGUR




**MÁLAFERLAFRUMVARP** Stjórnarfrumvarp um Ríkisútvarpið leiðir til réttindaskerðingar starfsmanna og málaferla að mati stjórnar BSRB. Ekkert liggur á að afgreiða frumvarpið segir formaður Starfsmannasamtaka RÚV. **Sjá síðu 2**

**VAKTASKIPTI Í WESTMINSTER** Bretar ganga að kjörborðinu á morgun og kjósa sér nýtt þing. Þrátt fyrir það er rólegt í miðborg Lundúna eins og Auðunn Arnórsson blaðamaður komst að í gær. **Sjá síðu 4**

**STEFNA Á STRASSBORG** Samtök eigenda sjávarjarða höfða mál á hendur ríkinu. Nýfallinn dómur Hæstaréttar tók ekki á eignarrétti sjávarbænda á hlunnindum í sjó. Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður segir viðbúið að mál bændanna endi í Strassborg. **Sjá síðu 6**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**VÍÐA LÍTILSHÁTTAR VÆTA** síst þó austan og suðaustan til. Fremur þungbúið á landinu. Hiti 4-11 stig, hlýjast Suðaustanlands. **Sjá síðu 4**

**DAGURINN Í DAG**



**SÍÐUSTU HÁDEGISTÓNLEIKARNIR** Klukkan tólf hefjast síðustu hádegistónleikar vetrarins í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar. Bergþór Pálsson barítón og Antonía Hevesi píanóleikari flytja vorljóð úr ýmsum áttum.


| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 38 | Myndlist | 36 |
| Tónlist | 36 | Íþróttir | 28 |
| Leikhús | 36 | Sjónvarp | 40 |







# Starfsendurhæfing í ólestri

**Ráðherraskipaður starfshópur segir að í starfsendurhæfingarmálum hér á landi skorti fjármagn, framboð, fjölbreytni og eftirfylgni. Þá vantar á samræmingu úrræða og heildaryfirsýn í málaflokknum. Hópurinn hefur skilað heilbrigðisráðherra skýrslu um stöðuna.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Of litlu fjármagni er hér veitt til starfsendurhæfingar. Ónógt framboð, skortur á fjölbreytni og ófullnægjandi eftirfylgni eru þröskuldar í vegi hennar, auk þess sem skortir á samræmingu úrræða og heildaryfirsýn.

Niðurstöður þessar er að finna í óbirtri skýrslu starfshóps um starfsendurhæfingu á Íslandi. Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra skipaði hópinn, en hann kynnti sér skipulag og framboð starfsendurhæfingar og endurmenntunar, bæði hér og einnig á hinum Norðurlöndunum. Hann hefur nú skilað skýrslu sinni.

Í skýrslunni segir að erfitt sé að ná til fólks nógu snemma, eða á fyrstu mánuðunum sem fólk er óvinnufært. Lág framfærsla og flókið framfærslukerfi ýti einstaklingnum óeðlilega snemma út í að sækja um örorkubætur án þess að starfsendurhæfing hafi verið reynd. Þá séu úrræði til starfsendurhæfingar takmörkuð utan höfuðborgarsvæðisins. Endurhæfingarlífeyrir Tryggingastofnunar er í mörgum tilvikum sagður of skammvinnur og reglur atvinnuleysistryggingasjóðs um missi bótaréttar of stífar.



**FJÖLMENNT**
Fjölmennt – fullorðinsfræðsla fatlaðra er eitt þeirra endurhæfingarúrræða sem starfrækt eru hér á landi og talin eru upp í skýrslunni. Starfsendurhæfing er mjög mikilvæg til að forða fólki frá örorku.

Starfshópurinn bendir á að beinn fjárhagslegur sparnaður fyrir þjóðfélagið við að forða örorku hjá einum einstaklingi nemi um 30 milljónum króna. Því þurfi að endurskipuleggja starfshæfingu og auka framboð og sveigjanleika til að bregðast við breyttum þörfum á vinnumarkaði.

Lagt er til að komið verði á fót miðstöð starfsendurhæfingar. Við það skapist vettvangur til að vinna frekar að málefnum endurhæfingar í starfi, þvert á ríkjandi fyrirkomulag. Áætlaður kostnaður við miðstöðina er 40 milljónir króna, en hópurinn bendir á atriði sem hafa í för með sér beinan og óbeinan sparnað með tilkomu hennar. Leggur hópurinn til að rætt verði við hagsmunaaðila um aðild þeirra að skipulagningu og fjármögnun sameiginlegs endurhæfingarkerfis með einni miðstöð. Þar yrði metin þörf einstaklinga á starfsendurhæfingu og þeim vísað á viðeigandi úrræði.

Jafnframt telur starfshópurinn þörf á endurskoðun ákvæða laga um endurhæfingarlífeyri, auk þess sem breyta þurfi læknisvottorðum þannig að þau endurspegli endurhæfingarþörfina tímanlega.

„Efla þarf sértækar greiðslur til atvinnulausra,“ segir í skýrslunni, „til að hvetja þá til náms og starfsendurhæfingar og inn á vinnumarkaðinn að nýju.“

jss@frettabladid.is



MYND: NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

**LEIKUR GÆRKVÖLDSINS**
Eiður Smári Guðjohnsen telur að hann og félagar hans í liðinu Chelsea geti borið höfuðið hátt þrátt fyrir að hafa lotið í lægra haldi fyrir Liverpool í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu með 1-0 tapi í gærkvöld.

Chelsea beið lægri hlut fyrir Liverpool í Meistaradeildinni í gærkvöld:

# Eiður Smári komst ekki í úrslit

**FÓTBOLTI** Við getum þrátt fyrir þetta tap borið höfuðið hátt. Þetta tímabil hefði getað orðið ótrúlegt með því að komast í úrslitin en Liverpool spilaði mjög vel og gerði okkur erfitt fyrir,“ sagði Eiður Smári Guðjohnsen, leikmaður Chelsea, í gær, eftir að hafa fallið annað árið í röð úr leik í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu með 1-0 tapi gegn Liverpool á Anfield í gær. Þrátt fyrir að hann reyndi að horfa á björtu hliðarnar leyndu vonbrigðin sér ekki í andliti Eiðs.

„Að þetta skuli gerast annað árið í röð gerir það enn sárara. Menn voru niðurbrotnir í klefanum eftir leikinn og þetta var bara ekki okkar dagur,“ sagði Eiður sem sjálfur brenndi af besta færi Chelsea á síðustu mínútu leiksins í gær. „Þetta var þröngt færi auk þess sem ég var orðinn mjög þreyttur. Það sagði til sín,“ sagði Eiður. Hann getur þó huggað sig við enska meistaratitilinn sem Chelsea tryggði sér um síðustu helgi. ■

Sala Símans framundan:

# Keppast við tilboðsgerð

**EINKAVÆÐING** Að minnsta kosti sjö innlendir hópar keppast nú við að undirbúa óformlegt tilboð í Símann fyrir 17. maí. Ekki liggur enn fyrir hverjir munu á endanum sameinast í lokatilboði.

Einstaklingar tengdir Atorku og Tryggingamiðstöðinni eru að ræða samstarf á síðara stigi útboðsins. Meiður og VÍS hafa verið að undirbúa tilboð og einnig Burðarás. Þá er Íslandsbanki í viðræðum við bandaríska fjárfesta, Blackstone Group að nafni. Líklegast er að Straumur starfi með erlendum aðilum og Almenningur ehf. stefnir áfram á þátttöku.

– bg

**Sjá Markaðinn**






## SPURNING DAGSINS

*Andri, er ekki ódýrara að flytja fólkið suður?*

**„Nei, það er betra að búa fyrir norðan og allir geta fengið lóð sem vilja.“**

Andri Teitsson er framkvæmdastjóri KEA sem vill reiða fram hundruð milljóna króna til flutnings ríkisstofnana til Akureyrar.

Borgarafundur á Akureyri um ofbeldi og vímuefni:

# Meðferðarstofnunar þörf

**FÉLAGSMÁL** Borgarafundur um ofbeldi og fíkniefnavandann í íslensku samfélagi var haldinn í Ketilhúsinu á Akureyri í gær. Um 70 manns sátu fundinn og var almenn samstaða um að halda áfram því starfi sem hófst á Akureyri með þögulli mótmælastöðu gegn ofbeldi síðastliðinn föstudag þar sem um eitt þúsund Akureyringar gáfu ofbeldinu rauða spjaldið. Stofnaður hefur verið sérstakur félagsskapur á Akureyri sem nefnist Hingað en ekki lengra en hópurinn er skipaður ungu fólki og foreldrum grunnskólanemenda á Akureyri. Markmið hópsins er að spyrna við fótum gegn ofbeldi og fíkniefnanotkun og er öllum velkomið að leggja hópnum lið.

Í máli fundarmanna Í Ketilhúsinu í gær kom fram sterkur vilji til að berjast gegn ofbeldi og vímuefnanotkun og töldu margir fundarmenn þörf á að koma á fót meðferðarstofnun á Akureyri fyrir ungt fólk sem ætti við áfengis- og vímuefnavanda að stríða.

Klukkan 17 á föstudaginn verður efnt til þögullar mótmælastöðu á Ingólfstorgi í Reykjavík þar sem ofbeldinu verður sýnt rauða spjaldið eins og gert var á Akureyri.

-kk



FRÉTTABLAÐIÐ/KK

**BORGARAFUNDUR Í KETILHÚSINU**
Í máli fundarmanna kom meðal annars fram að þörf væri á að koma á fót meðferðarstofnun á Akureyri fyrir ungt fólk sem ætti við áfengis- og vímuefnavanda að etja.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar:

# Gagnrýnir vegaáætlun

**VEGAÁÆTLUN** Bæjarstjórn Hafnarfjarðar gerði í gær alvarlegar athugasemdir við vegaáætlun fyrir tímabilið 2005-2008. Í ályktun bæjarstjórnar er bent á að ekki renni til nýframkvæmda á höfuðborgarsvæðinu nema rétt um fimmtungur af framlögum ríkisins til vegaframkvæmda.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar tekur þar með undir sjónarmið sem stjórnarþingmennirnir Gunnar I. Birgisson og Kristinn H. Gunnarsson lýstu á Alþingi fyrir skemmstu.

-oá



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**FREKARI HÆKKANIR**
Bensínlítrinn með þjónustu er kominn yfir 110 krónur hjá öllum félögunum.

Olíufélögin:

# Hækka öll eldsneytisverð

**NEYTENDUR** Verð á eldsneyti hækkaði í gær hjá Olís og Skeljungi og hafa því allir söluaðilar eldsneytis hér á landi hækkað verð sín að undanförnu.

Bensínlítrinn kostar nú á flestum stöðum rúmlega 110 krónur með þjónustu en um 105 í sjálfsafgreiðslu. Lággjaldastöðvarnar bjóða allar lítra af 95 oktana bensíni á í kringum 104 krónur.

Ástæður hækkananna eru þær sömu hjá öllum fyrirtækjunum. Hækkandi heimsmarkaðsverð og veiking íslensku krónunnar gagnvart dollaranum. Á heimasíðu Olíufélagsins eru þó áfram bundnar vonir um að verð muni lækka á næstunni.

-aöe

## ALÞJÓÐASTJÓRNMÁL

**OECD-FUNDI LÝKUR** Í dag lýkur árlegum fundi fjármálaráðherra OECD-ríkjanna sem hófst í gær. Fundinn situr Geir H. Haarde fjármálaráðherra. Geir ræddi góða reynslu af skipulagsbreytingum í smærri ríkjum Evrópu og taldi reynsluna geta orðið öðrum Evrópuríkjum hvatning til að takast á við uppsafnaðan vanda.

# Óbreytt frumvarp veldur málaferlum

**Stjórnarfrumvarp um Ríkisútvarpið leiðir til réttindaskerðingar starfsmanna og málaferla að mati stjórnar BSRB. Ekkert liggur á að afgreiða frumvarpið segir formaður Starfsmannasamtaka RÚV.**

**RÍKISÚTVARPIÐ** Starfsmannasamtök Ríkisútvarpsins telja rangt að kjósa stjórn og útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins árlega eins og gert er ráð fyrir í frumvarpi menntamálaráðherra um stofnunina. Þetta kemur fram í athugasemdum samtakanna sem lagðar hafa verið fram í menntamálanefnd Alþingis. „Þetta fyrirkomulag leiðir til þess að erfitt verður að marka ákveðna stefnu og setja fyrirtækinu skýr framtíðarmarkmið.“ Jafnframt segist stjórn samtakanna ekki skilja hvað átt sé við með því að ný stjórn RÚV eigi að að gefa út reglur um fréttaflutning og vill að ákvæði þar um verði fellt niður. Loks mótmæla Starfsmannasamtök Ríkisútvarpsins áformum um að fella niður biðlaunarétt starfsmanna hafni þeir boði um starf á sambærilegum kjörum ef gerðar verða formbreytingar á rekstrinum. Starfsmenn geti neitað að vinna hjá nýju félagi án skerðingar á slíkum réttindum.

Jóhanna Margrét Einarsdóttir, formaður Starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins, segir að ekkert liggi á að afgreiða frumvarpið á yfirstandandi þingi enda sé rökrétt að afgreiða það í tengslum við frekari umfjöllun um fjölmiðlaskýrsluna svonefndu og boðað frumvarp um málefni fjölmiðla næsta haust.

Stjórn BSRB lýsir andstöðu við frumvarp um Ríkisútvarpið enda muni það að óbreyttu skerða kjör og réttindi starfsmanna.



**RÍKISÚTVARPIÐ EFSTALEITI**
Erfitt að móta stefnu og setja fyrirtækinu skýr framtíðarmarkmið ef kjósa á stjórn og útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins árlega.

Stjórnin telur einboðið að upp rísi mál sem nauðsynlegt verði að útkljá fyrir dómstólum. Ekki sé gert ráð fyrir neinni aðkomu starfsfólks að stjórnkerfi stofnunarinnar eins og verið hafi allar götur frá byrjun níunda áratugar síðustu aldar. BSRB lýsir furðu á að engin tilraun hafi verið gerð til að ræða við fulltrúa Starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins eða BSRB um fyrirhugaðar breytingar svo forða megi augljósum slysum. Stjórn BSRB telur frumvarpið óviðunandi og hvetur ríkisstjórnina til þess að draga það til baka.

johannh@frettabladid.is



Gengisþróun:

# Krónan veiktist

**EFNAHAGSMÁL** Gengi íslenskra krónunnar veiktist um rúmt prósent strax eftir að markaðir opnuðu í gærmorgun. Er breytingin meðal annars rakin til viðbragða við óvæntum fréttum af því að fjármálaráðherra ætli að greiða hundrað milljóna dollara skammtímalán umfram það sem áætlað var í maí. Jafngildir það um 6,4 milljörðum króna miðað við gengið í gær.

Samhliða þessu ákvað Hagstofa Íslands að breyta útreikningi á neysluverðsvísitölunni með þeim afleiðingum að hún lækkar um 0,45% í maí. Þessi ákvörðun léttir þrýstingi af Seðlabankanum við að halda verðbólgu innan markmiða bankans.

-bg

Heydalur:

# Bílvelta í lausamöl

**STYKKISHÓLMUR** Ökumaður fólksbíls var fluttur á slysadeild í Reykjavík eftir að bílaleigubíll með fjórum ferðamönnum valt í lausamöl í Heydal um fimmleytið í gær. Aðrir farþegar sluppu með skrámur.

Lögreglan í Stykkishólmi segir fólk á sveitabæjum í nágrenninu hafa verið afar hjálpsamt og aðstoðað við björgunarstörf. Allir farþegar voru í bílbeltum. Að sögn vaktlæknis á slysadeild Landspítala - háskólasjúkrahúsi er líðan mannsins eftir atvikum góð og útlit fyrir að hann nái fullum bata.

-oá

NISSAN PATHFINDER XE

SKIPT_um landslag



Beinskiptur 3.990.000 kr.

- 2.5 L dísilvél
- 174 hestöfl
- Tvöföld loftkæling
- 5 sæta
- Fjarstýrðar samlæsingar
- Geislaspilari og útvarp
- ABS + EBD
- 4 loftpúðar
- ISOFIX barnabílstólafestingar
- 17 tommu álfelgur
- ESP skriðvörn
- Gardínuloftpúðar

Ingvar Helgason Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Mynd af bíl er Pathfinder SE

Fíton/SÍA

Notkun lyfja við ofvirkni og athyglisbresti:

# Greiða ber fyrir sálfræðiþjónustu

**HEILBRIGÐISMÁL** Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, kveðst fagna því að heilbrigðisráðherra ætli að láta athuga nánar hvort mikil notkun Ritalins og skyldra lyfja við ofvirkni og athyglisbresti barna tengist á einhvern hátt oflækningum. Hún spurði ráðherrann meðal annars hvort eðlilegt þætti að á annað þúsund barna upp að 14 ára aldri tækju þessi lyf að staðaldri.

Sigurður Guðmundsson landlæknir segir að þótt notkun Ritalins og skyldra lyfja sé meiri hér en í nágrannalöndunum hafi notkunin aukist einnig þar og vísbendingar séu um að farið sé að draga úr aukningunni hérlendis. Ásta Ragnheiður segir að þótt lyfin geri gagn hafi foreldrar bundist samtökum um önnur úrræði eins og sálfræðiþjónustu. „Slík þjónusta er hins vegar ekki greidd og því er fremur gripið til lyfjameðferðar,“ segir Ásta Ragnheiður.



**ÁSTA RAGNHEIÐUR JÓHANNESDÓTTIR:**
„Sálfræðiþjónusta í skólum er ekki greidd.“

Landlæknir tekur undir það að bæta þurfi sálfræðiþjónustu í skólum.

Ásta Ragnheiður segir að fyrirspurnin og svör heilbrigðisráðherra verði rædd nánar á Alþingi fyrir þinglok, en þau eru fyrirhuguð í næstu viku.

-jh




# Vorsala

## Útsala í 5 daga

Rýmum fyrir nýjum vörum.
Komdu og gerðu góð kaup!

**Margar verslanir hafa opið 13–17 á morgun, uppstigningardag.**

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

| | Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| Verslanir | 10.00 til 18.30 | 10.00 til 21.00 | 10.00 til 19.00 | 10.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |
| Ævintýraland | 14.00 til 18.30 | 14.00 til 19.00 | 14.00 til 19.00 | 11.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |

**Veitingastaðir** og **Kringlubíó** eru með opið lengur á kvöldin.

## GENGIÐ

**GENGI GJALDMIÐLA 03.05.2005**

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 63,80 | 64,10 |
| Sterlingspund | GBP | 120,68 | 121,26 |
| Evra | EUR | 82,03 | 82,49 |
| Dönsk króna | DKK | 11,02 | 11,08 |
| Norsk króna | NOK | 10,07 | 10,13 |
| Sænsk króna | SEK | 8,89 | 8,94 |
| Japanskt jen | JPY | 0,61 | 0,61 |
| SDR | XDR | 96,33 | 96,91 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**113,43 +1,23%**

Heimild: Seðlabanki Íslands

Bresku þingkosningarnar verða á morgun:

# Blair enn í vörn vegna Íraksmála

**BRETLAND** Enn er sótt að Tony Blair forsætisráðherra vegna Íraksmálsins. Á mánudag féll breskur hermaður við skyldustörf þar og hafa fjölmiðlar gert mikið úr þessum atburði á lokaspretti kosningabaráttunnar. Meðal annars var haft eftir ekkju hermannsins að dauði hans væri Blair að kenna.

Þá mættu fulltrúar samtaka aðstandenda fallinna hermanna að Downingstræti 10 og afhentu kröfu um að fram færi ný óháð rannsókn á því hvort ákvörðunin um þátttöku Bretlands í Íraksstríðinu hefði verið lögleg.

Viðhorfskannanir hafa þó ítrekað sýnt að Íraksmálið sé ekki mjög ofarlega á lista flestra kjósenda yfir þau mál sem þeim þykir skipta mestu í þessum kosningum. Efnahags- og velferðarmálin standa flestum nær, og á þessum sviðum stendur stjórnin allsterkt að vígi að mati meirihluta kjósenda. Óánægjan sem margir stuðningsmenn Verkamannaflokksins bera í brjósti í garð Blairs vegna Íraksstríðsins virðist þó ætla að verða til þess að allnokkrir þeirra láti hana í ljósi með því ýmist að sitja heima á kjördag eða kjósa Frjálslynda demókrata, eina stóru flokkanna þriggja sem frá upphafi var andsnúinn innrásinni í Írak. -aa



**FULLUR ELDMÓÐS**
Þótt hart sé sótt að Tony Blair vegna Íraksmálsins sýna skoðanakannanir örugga forystu Verkamannaflokksins.

Fésektir og fangelsi:

# Fíkniefnabrot fyrir norðan

**DÓMSMÁL** Sex voru dæmdir í fésektir og fangelsi fyrir fíkniefnabrot í fjórum dómum Héraðsdóms Norðurlands eystra í gær. Lægsta sektin var 30 þúsund krónur og sú hæsta 150 þúsund. Þyngsti dómurinn hljóðaði upp á tveggja mánaða fangelsi og eins árs ökuleyfissviptingu.

Í öllum málunum var um að ræða tiltölulega lítið magn efna, trúlega ætlað til eigin neyslu. Sá sem fékk hæstu sektina sat inni í fangelsi þegar félagi hans reyndi að smygla til hans rúmlega 2,5 grömmum af hassi í földu í tölvudrifi. Sá sem fangelsisdóminn hlaut á sér langan sakaferil og rauf skilorð með broti sínu. - óká



**SAMNINGURINN STAÐFESTUR**
Gert er ráð fyrir að framkvæmdum vegna nýja samningsins verði lokið síðla árs 2008.

Norðurál á Grundartanga:

# Viðbótarraforka frá OR

**ORKUMÁL** „Þetta er stærsta verkefni sem Orkuveitan og Hitaveita Suðurnesja hafa ráðist í hingað til,“ segir Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur.

Í gær var skrifað undir samning milli Norðuráls annars vegar og Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja hins vegar um kaup hins fyrrnefnda á 70 megavöttum af viðbótarraforku fyrir álver fyrirtækisins á Grundartanga. Samningurinn gerir Norðuráli kleift að auka framleiðslu sína í 260 þúsund tonn árlega. -aöe

Sektargreiðslur olíufélaga:

# Einungis Skeljungur borgaði

**OLÍUSAMRÁÐ** Bæði Essó og Olís ætla að bíða með að greiða sektir sínar vegna ólöglegs samráðs þar til niðurstöður dómstóla liggur fyrir. Bæði félögin vilja leggja fram bankatryggingar þangað til. Skeljungur var því eina olíufélagið sem borgaði sekt sína að fullu áður en frestur til þess rann út á mánudag.

Samtals þurfa fyrirtækin að greiða um einn og hálfan milljarð króna, Olís 560 milljónir, Ker 495 milljónir og Skeljungur 450 milljónir. -oá

# Vaktaskipti í Westminster

**Bretar ganga að kjörborðinu á morgun og kjósa sér nýtt þing. Þrátt fyrir það er rólegt í miðborg Lundúna eins og Auðunn Arnórsson blaðamaður komst að í gær.**

**BRETLAND** Það er af sem áður var, þegar vegfarendur um fjölförnustu torg Lundúna gátu vart þverfótað fyrir kosningaáróðri sem sjálfboðaliðar flokkanna öttu að þeim er kosningar stóðu fyrir dyrum. Á endasprettinum fyrir þingkosningarnar sem fara fram í Bretlandi á morgun er fátt í bresku höfuðborginni sem minnir á að vaktaskipti í einu elsta og virtasta þingi heims séu að skella á.

Það er helst að fulltrúar sprellframboða vindi sér að vegfarendum með boðskap á borð við: „Ís fyrir alla.“ Meira að segja höfuðstöðvar flokkanna í nágrenni þinghússins skera sig ekki að neinu leyti frá hverjum öðrum skrifstofubyggingum nema að því leyti að öryggisvarsla við inngangana er áberandi mikil.

Það kom blaðamanni á óvart að prentaðar kosningastefnuskrár stóru flokkanna þriggja var aðeins hægt að fá í bókabúð gegn greiðslu. Og það á verði sem er vel yfir framleiðslukostnaði. Það er augljóst að það er liðin tíð að flokkarnir reyni að vinna kjósendur á sitt band með dreifingu prentaðs áróðurs. Að minnsta kosti í Lundúnum, þar sem svo til öll kjördæmi eru talin „örugg“ – kosningabaráttan er meira áberandi í þeim um það bil 100 kjördæmum (af alls 646) þar sem kannanir benda til að mjótt sé á mununum.

Í þessum kjördæmum beita flokkarnir markhópamiðuðum áróðursaðferðum svo sem persónulegum póstsendingum og blöðrugjöfum til skólabarna með orðsendingum til foreldranna. Að ógleymdum hefðbundnum baráttuaðferðum eins og kosningafundum með flokksleiðtogunum eða sjónvarpsauglýsingum með stuðningsyfirlýsingum vinsælla frægra persóna við þennan eða hinn flokkinn.

Nú á dögum ýktra hryðjuverkavarna er reyndar ekki hlaupið að því fyrir kjósendur að mæta á kosningafundi þar sem leiðtogarnir tala. Svo að ræðurnar sem þeir halda eru oftast fluttar til þess að fjölmiðlar flytji fréttir af þeim – öðru vísi næðu þær ekki eyrum nema þeirra fáu útvöldu sem hleypt er inn á kosningafundina.

audunn@frettabladid.is



**BRESKA ÞINGHÚSIÐ**
Ekki er að sjá að Lundúnabúar kippi sér mikið upp við þingkosningarnar sem fara fram á morgun.



**NORRÆNA Á SIGLINGU**

Hópur Norðmanna:

# Fastur í Norrænu

**NOREGUR** Illa fór fyrir hópi Norðmanna sem tóku sér far með ferjunni Norrænu frá Björgvin til Hanstholm í Danmörku um helgina. Þegar hópurinn bjó sig undir að yfirgefa skipið við heimkomuna í Björgvin var honum sagt að það hefði þegar lagt frá bryggju og væri á leið til Íslands með viðkomu á Hjaltlandi og í Færeyjum.

Hópnum var ekki hleypt frá borði á Hjaltlandi þar sem enginn hafði vegabréf meðferðis og þar sem engar ferðir eru á milli Noregs og Færeyja ákvað fólkið að halda áfram til Íslands, en ferjan kom til Seyðisfjarðar í gær.

„Við báðum ekki um að fara í þessa ferð,“ sagði Björn Engvik, einn farþeganna, í samtali við Bergens Tidende. ■

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**VÖRUBÍLL VALT OG BRANN** Vörubíll fór út af veginum við Kárahnjúka í gær. Engin slys urðu á fólki en það kviknaði í bílnum og er hann ónýtur eftir. Slysið varð þegar tveir stórir bílar mættust og vegöxl gaf sig með þessum afleiðingum.

## STUÐNINGSNEFND

**VILJA FRELSA ARON PÁLMA** Hópurinn sem vann að frelsun Bobbys Fischer hefur ákveðið að beita sér í máli Arons Pálma Ágústssonar, íslensks drengs, sem sætt hefur refsivist í Bandaríkjunum í yfir 8 ár, frá 13 ára aldri. „Hyggst nefndin nú beita sér af alefli í máli hans,“ segir í tilkynningu.




## Veðrið

**ÁKVEÐNARI NORÐANÁTTIR Í ÞRÓUN**
Í dag verður lægð að mjaka sér austur með norðurströndinni og í kjölfarið dregur hún inn á landið ákveðna norðlæga átt. Þannig að á morgun og hinn verður svalt á Norðurlandi en skaplegra syðra, raunar miklu betra. En í dag verður heldur þungbúið með vætu hér og hvar.

**HELGIN NÆSTA**
Breytileg átt. Hiti við frostmark fyrir norðan og sumstaðar él. Syðra verður skýjað með köflum og þolanlegur hiti yfir miðjan daginn. Gæti skúrað syðra á sunnudag.



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Um hádegi í dag




### Á morgun




Fremur hægur vindur.

### Föstudagur




Fremur hægur vindur.

### Veðurhorfur í borgum í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Kaupmannahöfn** | 17°C léttskýjað | **París** | 14°C skýjað | **Alicante** | 26°C hálfskýjað |
| **Osló** | 13°C skýjað | **Berlín** | 17°C skýjað skúr | **Milano** | 22°C heiðskírt |
| **Stokkhólmur** | 15°C alskýjað | **Amsterdam** | 13°C léttskýjað | **New York** | 16°C skýjað-skúrir |
| **Helsinki** | 12°C hálfskýjað | **Madrid** | 25°C hálfskýjað | **San Francisco** | 20°C skýjað |
| **London** | 16°C skýjað-skúr | **Barcelona** | 21°C hálfskýjað | **Orlando/Florida** | 27°C skýjað-skúr |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Grísaveisla

## Pörusteik




### Uppskrift að hætti Bjarna landsliðskokks

**fyrir 5-6 manna**

1 1/2 kg mögur svínasíða (pörusteik)
Maldon sjávarsalt og pipar

| | |
|---|---|
| 1/2 ltr. | kryddsoð |
| 1 msk. | sojasósa |
| 1 1/2 msk. | hveiti |
| 10 g | smjör |

**Aðferð:**

Skerið með 1/2 cm millibili í steikina og leggið í ofnfast fat eða pott með fitunni niður, látið vatn yfir og sjóðið í 20 mín. setjið svo steikina á rist. Nuddið svo Maldon sjávarsalti á steikina og kryddið með pipar. Eldið í ofni við 220°C í 20 mín, lækkið svo niður í 180°C, bætið í kryddsoði og sojasósu. Bakið áfram í 1 1/2 tíma, oft er gott að setja grillið í botn á lokamínútunum. Hellið soðinu af, fleytið af mesta fitu og þykkið með smjörinu og hveitinu (sem hefur verið hrært saman í potti). Framreiðið með heimalöguðu rauðkáli og kartöflum.

**Kryddsoð:**

| | |
|---|---|
| 1 stk. | laukur |
| 1 stk. | gulrót |
| 1 stk. | hvítlaukur |
| 1 ltr. | vatn |
| 100 ml | ólífuolía |
| 10 | kóríander fræ |
| 5 | piparkorn |
| 2 stk. | negull |
| 1 | lárviðarlauf |

**Aðferð:**

Grænmetið er léttsteikt, vatni er bætt í, látið sjóða í 1 klst. og sigtað fyrir notkun.




**Svínabógur** úr kjötborði




**Svínalæri** úr kjötborði




Ferskar **svínakótilettur**
**svínahnakki** úrbeinaður

## Jói Fel — Mest seldu salötin í Hagkaupum






**Myllu** brallarabrauð




**Eldfugl** hjúpaðir kjúklingabitar og kjúklingastrimlar




**Rice dream** hrísmjólk, 4 tegundir

Gildir til 8. maí eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



## KJÖRKASSINN

*Er Eiður Smári Guðjohnsen besti knattspyrnumaður Íslands frá upphafi?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 52% |
| Nei | 48% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að krefjast aukins eldvarnaviðbúnaðar hjá Hringrás?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Tryggingastofnun ríkisins:

# Útgáfa evrópskra sjúkratryggingakorta hafin

**HEILBRIGÐISMÁL** Útgáfa Tryggingastofnunar á evrópsku sjúkratryggingakorti er hafin.

Ef Íslendingur lendir óvænt í slysi eða veikindum á ferð um Evrópu veitir kortið korthafanum rétt til nauðsynlegrar heilbrigðisþjónustu á sama verði og heimamenn greiða. Kortið tryggir að viðkomandi greiðir aðeins hlut sjúklings í læknisþjónustu og lyfjum. Það gildir hjá heilsugæslustöðvum, sjúkrahúsum, apótekum og öðrum þjónustuaðilum með samninga við opinbera sjúkratryggingakerfið, en ekki þegar um er að ræða þjónustu sem veitt er á einkareknum sjúkrastofnunum sem starfa án samnings við hið opinbera. Brýnt er að þeir sem dvelja tímabundið í Evrópulandi, gæti þess ávallt að leita heilbrigðisþjónustu sem rekin er af hinu opinbera eða hjá aðilum sem hafa samninga við ríkið.

Evrópska sjúkratryggingakortið er gefið út á einstaklinga, ekki fjölskyldur og eins og E-111 vottorðið, og einfaldast er að sækja um kortið á heimasíðu TR, tr.is. Allir Íslendingar, og aðrir EES ríkisborgarar, sem sjúkratryggðir eru hér á landi eiga rétt á að fá evrópska sjúkratrygggingakortið til notkunar á ferðalögum til annarra EES landa. -jss



**FYRSTA KORTIÐ** Karl Steinar Guðnason, forstjóri TR, afhenti Jóni Kristjánssyni heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra fyrsta kortið á fundi með fréttamönnum þar sem kortið var kynnt.

Bréf til al-Zarqawi:

# Kvartað yfir hæfnisskorti

**BAGDAD, AP** Hersveitir Bandaríkjamanna hafa fundið bréf stílað á Abu Musab al-Zarqawi leiðtoga uppreisnarmanna í Írak. Í bréfinu er kvartað undan slæmu andrúmslofti á meðal fylgismanna og hæfnisskorti foringja hryðjuverkasamtakanna sem al-Zarqawi leiðir. Ekki hefur tekist að ganga úr skugga um uppruna eða sannleiksgildi bréfsins en ef rétt reynist virðist fylgi við hryðjuverkahópinn fara minnkandi. Engu að síður eru samtökin enn fullfær um að framkvæma mannskæð hryðjuverk eins og atburðir síðustu daga sanna. ■

## SVÍÞJÓÐ

**GENGU BERSERKSGANG** 30-50 unglingar gengu berserksgang í Hjulsta-skólanum í Stokkhólmi í gær. Þau lömdu húsakynnin að innan og utan með keðjum og bareflum þannig að ekki var ein rúða óbrotin þegar þau höfðu lokið sér af. Skemmdarvargarnir voru á brott þegar lögregla kom á vettvang.

## TÓGÓ

**KOSNINGASIGUR STAÐFESTUR** Hæstiréttur Tógó staðfesti í gær kosningasigur sonar fyrrum einræðisherra landsins í forsetakosningum sem haldnar voru fyrir rúttri viku síðan. Niðurstöður kosninganna hafa nú þegar valdið miklum óeirðum í Tógó og hafa nokkrir beðið bana og tugir þúsunda flúið.


## Tölvunám eldri borgara

### Grunnur

30 kennslustunda byrjendanámskeið. Engin undirstaða nauðsynleg, hæg yfirferð með þolinmóðum kennurum. Aldurstakmark 60 ára og eldri. Á námskeiðinu er markmiðið að þátttakendur verði færir að nota tölvuna til að skrifa texta, setja hann snyrtilega upp og prenta, fara á internetið, taka á móti og senda tölvupóst. Þátttakendur læra að koma sér upp ókeypis tölvupóstfangi.

Kennsla hefst 9. maí og lýkur 30. maí.
Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl 13 - 16.
Verð kr. 19.500,-
Vegleg kennslubók innifalin.



### Framhald I

30 kennslustunda námskeið, hentar þeim sem lokið hafa byrjendanámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu.

- Upprifjun
- Æfingar í Word ritvinnslu
- Leit og vinnsla á internetinu og meðferð tölvupósts.
- Excel kynning

Kennsla hefst 10. maí og lýkur 31. maí.
Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl 13 - 16.
Verð kr. 19.500,- Vegleg kennslubók innifalin.

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING
Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is


# Fara með málið eins langt og það kemst

**Samtök eigenda sjávarjarða höfða mál á hendur ríkinu. Nýfallinn dómur Hæstaréttar tók ekki á eignarrétti sjávarbænda á hlunnindum í sjó. Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður segir viðbúið að mál bændanna endi í Strassborg.**

**SJÁVARBÆNDUR** Á næstu vikum höfða Samtök eigenda sjávarjarða mál á hendur ríkinu til að fá viðurkenndan rétt bænda sem eiga land að sjó til fiskveiða, bæði almennt og einnig í netlögum. Netlög marka ytri eignamörk jarðeigna, um 115 metra út í sjó.

Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður undirbýr málið fyrir hönd samtakanna. „Þessi mál eru óhemju flókin og því erfitt að negla nákvæmlega niður hvenær málið verður höfðað, en það er alveg örstutt í það,“ sagði Ragnar og kvaðst hafa orðið fyrir vonbrigðum með dóm Hæstaréttar í síðustu viku þar sem fjallað var um grásleppuveiðar trillukarls á Ströndum innan netlaga. „Ekki liggur samt fyrir hvort hentar að fara með það mál til Strassborgar,“ sagði hann en taldi viðbúið að eitthvert sjávarnytjamála bænda endaði þar fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu. „Ég bjóst að sjálfsögðu við að Hæstiréttur myndi gera betri grein fyrir viðhorfi sínu en að staðfesta héraðsdóminn,“ sagði Ragnar og kvað ekki hafa verið tekið á ágreiningnum sem uppi var um heimildir landeigenda til fiskveiða. Dómurinn horfði hins vegar til þess að manninn skorti leyfi til grásleppuveiðanna og hafði því brotið lög um veiðar í atvinnuskyni.

„Almennt er það þannig að ef gripa þarf inn í eignarréttindi borgaranna þarf að gera það gegn bótum. Hæstiréttur hefði fremur átt að sýkna manninn og senda ríkisvaldinu þannig skilaboð um að ef ætti að taka þessar eignir af rétthöfum í kring um landið þá þyrfti að setja lög um bætur,“ segir Ragnar og taldi löngu markað í löggjöf að öll eignarréttindi innan netlaga væru hluti af jörðum. „Eignaréttarmál héðan enda úti í Strassborg, líka út af þjóðlendunum, en íslensku dómarnir sem gengið hafa eru ekki í samræmi við dóma sem gengið hafa um eignarétt fyrir Mannréttindadómstóla Evrópu,“ bætti hann við.

Ómar Antonsson, formaður Samtaka eigenda sjávarjarða, segir höfuðáherslu lagða á að fá viðurkenndan rétt bændanna til veiðihlunninda í sjó og telur lítinn áhuga á bótum fyrir eignarnám. „Þarna er eignarréttur sem okkur er meinað að nýta,“ sagði hann og taldi bara framkvæmdaatriði hvernig þeim málum yrði háttað eftir að bændurnir hafa fengið sitt fram fyrir dómstólum.

olikr@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**RAGNAR AÐALSTEINSSON HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR Í HÆSTARÉTTI** Ragnar fer með mál Samtaka eigenda sjávarjarða sem til stendur að höfða á hendur ríkinu á næstu vikum. Hann segir galla á lögum um fiskveiðar í landhelgi, því þau miði bara við útgerðarmenn, en gleymst hafi að huga að landeigendum og þeim ekki kynnt hugsanleg eignaupptaka.

Ráðherrar sverja embættiseið í skugga ofbeldis:

# Ríkisstjórn al-Jaafari tekin við völdum

**BAGDAD, AP** Ráðherrar í ríkisstjórn Íraks sóru embættiseið sinn í gær, í skugga ofbeldisöldu sem ekkert lát virðist á. Tvær bandarískar orrustuþotur eru taldar hafa lent í árekstri yfir landinu í fyrradag.

Við innsetningarathöfn í íraska þinginu í gær hétu Ibrahim al-Jaafari forsætisráðherra og ráðuneyti hans að verja land og þjóð. Enn á þó eftir að skipa í fimm mikilvægar stöður, þar á meðal embætti varnarmálaráðherra og olíumálaráðherra, þar sem ekki hefur náðst samkomulag um hverjir eiga að gegna þeim. Al-Jaafari vill að súnníi taki að sér varnarmálaráðuneytið en á meðan sá maður er ófundinn stýrir forsætisráðherrann því sjálfur.

Ekkert lát er á ofbeldinu í landinu. 35 féllu í árásum víðs vegar um Írak í fyrradag og í gær biðu 12 manns bana í skotbardaga í Ramadi, flestir þeirra uppreisnarmenn. Þrír lögreglumenn dóu í átökum í Samarra.

Talið er að tvær bandarískar orrustuþotur sem saknað var á mánudag hafi skollið saman yfir suðurhluta Íraks. Lík eins flugmannsins fannst í gær en flök vélanna eru enn ófundin. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**AL-JAAFARI Í BEINNI** Þessir írösku menn fylgdust með sjónvarpsútsendingu frá innsetningu ríkisstjórnarinnar af miklum áhuga á kaffihúsi í Bagdad í gær.

# Dregið á föstudaginn




# 10 Ford Mustang

## bifreiðar í vinninga

## 3 milljónir í skottið að auki ef þú átt tvöfaldan miða

**Dregið 52 sinnum á ári um 705 skattfrjálsar milljónir!**

Hringdu núna
**561 7757**

Kíktu á netið
**www.das.is**

HAPPDRÆTTI
das
-vinningur í hverri viku

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DAS 27499 4/2005



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hversu mikið jókst notkun geðlyfja vegna athyglisbrests og ofvirkni barna og unglinga frá 2002?*

2 *Hvernig var afkoma deCode á fyrsta ársfjórðungi?*

3 *Eftir hverjum er ný prófessorsstaða við Viðskiptaháskólann á Bifröst nefnd?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 42

Ný sorpbrennslustöð við Húsavík:

# Sorpið notað til raforkuframleiðslu

**ÚRGANGUR** Í lok maí hefjast byggingarframkvæmdir við sorpbrennslustöð skammt sunnan við Húsavík sem getur tekið á móti 8000 tonnum af úrgangi á ári.

Sú varmaorka sem myndast við brennsluna verður notuð til raforkuframleiðslu hjá Orkuveitu Húsavíkur og jafngildir 10 til 15 prósentum af allri raforkuþörf Húsvíkinga.

Sorpsamlag Þingeyinga mun eiga og reka sorpbrennslustöðina en þar verður allur úrgangur frá Húsavík og nágrannasveitarfélögunum flokkaður og það brennt sem hægt er að brenna. Sigurður Rúnar Ragnarsson, framkvæmdastjóri Sorpsamlags Þingeyinga, segir kostnaðinn við sorpbrennslustöðina á bilinu 300 til 350 milljónir króna en framkvæmdum á að ljúka fyrir árslok.

„Við ætlum að kveikja upp á gamlárskvöld og rekstur stöðvarinnar á að standa undir sér.

Sorpið sér að mestu leyti sjálft um brunann, nema hvað forbrennslu- og eftirbrennsluhólf verða kynt með olíu en mengun frá stöðinni verður sama og engin,“ segir Sigurður Rúnar.

- kk



**SORPHREINSUN Á HÚSAVÍK**
Ómar Vagnsson, verktaki við sorphreinsun á Húsavík, ásamt tveimur ungum starfsmönnum sínum.

Söluturninn Ísgrill:

# Ungur maður í yfirheyrslu

**LÖGREGLAN** Ungur maður var í yfirheyrslu hjá lögreglu í gær vegna tilraunar til að fremja vopnað rán í söluturninum Ísgrilli við Bústaðaveg í Reykjavík.

Tvær afgreiðslustúlkur voru við störf í söluturninum og ógnaði ungi maðurinn annarri þeirra með hnífi. Maðurinn komst undan en var skömmu síðar handtekinn.

Verið var að kanna hvort fíkniefnaneysla tengdist málinu en maðurinn hefur ekki komið við sögu hjá lögreglu áður.

Eigandi söluturnsins vildi ekkert segja um málið í gær.

-ghs

## SAMGÖNGUR

**LENGRI FLUGBRAUT** Fyrirtæki í ferðaþjónustu á Norðurlandi skora á þingmenn og samgönguyfirvöld að ráðast tafarlaust í að lengja flugbrautina á Akureyrarflugvelli. Þannig verði Norðlendingum gert kleift að efla og þróa ferðaþjónustu á svæðinu.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**INN Í SKÓBÚÐ** Bíl var ekið inn í skóbúð á Ísafirði í fyrrakvöld. Ekki var það þó af ásettu ráði heldur taldi eigandinn sig hafa sett bílinn í hlutlausan þegar hann hljóp út. Reyndist bifreiðin þó enn í gír og hélt ferðinni áfram inn um verslunargluggann.

Stjórnarskrá ESB:

# Stuðningur fer vaxandi



**PARÍS, AP** Nýjustu skoðanakannanir benda til þess að vel gangi hjá þeim sem berjast fyrir því að Frakkar samþykki nýja stjórnarskrá Evrópusambandsins í kosningum í lok mánaðarins.

Samkvæmt þessum könnunum ætla á bilinu 48-52% að segja já í kosningunum og er það í fyrsta skipti sem já-hliðin hefur meirihluta síðan um miðjan mars. Franska ríkisstjórnin hefur kostað miklu til í kynningarherferð sinni og ljóst er að baráttan mun enn harðna á næstu vikum. ■

**JEAN-CLAUDE JUNCKER**
Formaður ráðherraráðs Evrópuráðsins biðlar til menningarmálaráðherra Evrópusambandsins á fundi í París í gær.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**HAUKUR ÍS**
Tveir skipverjanna voru teknir með sjö kíló af fíkniefnum eftir áramót en eru skyndilega lausir allra mála og komnir til síns heima.

Skipverjarnir á Hauki ÍS sem setið hafa í fangelsi í Þýskalandi:

# Lausir úr prísund og komnir heim

**LÖGREGLUMÁL** Skipverjarnir tveir af togaranum Hauki ÍS sem handteknir voru í janúar síðastliðnum í Bremerhaven með mikið magn fíkniefna hafa verið látnir lausir og eru komnir heim.

Tvímenningarnir voru handteknir við venjubundna leit tollvarða í Þýskalandi og fundust þá sjö kíló af kókaíni og hassi í klefum mannanna. Hafa þeir setið í gæsluvarðhaldi síðan þá og við þeim blasti allt að 15 ára fangelsisdómur ef þýskur dómstóll hefði fundið þá seka. Enga skýringu er á því að fá hvers vegna mennirnir voru látnir lausir þremur mánuðum eftir handtökuna en þýska lögreglan gefur engar upplýsingar.

Ásgeir Karlsson, yfirmaður fíkniefnalögreglunnar í Reykjavík, furðar sig einnig á stöðu mála en alla jafna eru menn ekki látnir lausir eftir að hafa verið teknir með þetta mikið magn en málið þykir stórt á þýskan mælikvarða sem gerir lausn mannanna enn undarlegri.

Ásgeir sagði ekki ólíklegt að Ríkislögreglustjóri óski frekari upplýsinga frá þýskum yfirvöldum en engin ákvörðun hefði þó enn verið tekin enda málið tæknilega ekki á könnu lögregluyfirvalda hérlendis.

-aöe






Brugðist við gagnrýni vegna pyntinga:

# Herinn setur reglur um yfirheyrslur

**BANDARÍKIN** Bandaríkjaher vinnur nú að nýrri handbók um yfirheyrslutækni þar sem fortakslaust bann er lagt við ýmsum þeirra aðferða sem fangar í Abu Ghraib-fangelsinu í Írak voru beittir.

Að sögn dagblaðsins The New York Times er um umfangsmestu endurskoðun handbókarinnar í 13 ár að ræða og hefur skýrt bann verið lagt við ýmsum illræmdum yfirheyrsluaðferðum. Bannað verður að afklæða fanga og láta þá standa upprétta tímunum saman, hvorki má svelta þá né svipta svefni og enn fremur er óheimilt að hræða þá með geltandi hundum.

Í gömlu handbókinni sem var í gildi þegar misþyrmingarnar í Abu Ghraib áttu sér stað voru þessar aðferðir ekki beinlínis heimilaðar en engar takmarkanir voru heldur lagðar við þeim.

Talsmaður hersins segir að nýja handbókin sé í fullu samræmi við ákvæði Genfarsáttmálans. Hins vegar rýrir það gildi bókarinnar nokkuð að þeir einu sem eru bundnir af henni eru starfsmenn Bandaríkjahers. Leyniþjónustumenn CIA geta til dæmis áfram beitt þeim aðferðum sem þeim hentar. ■



**GRIMMILEG MEÐFERÐ**
Nýja handbókin leggur skýrt bann við hvers konar pyntingum, niðurlægingum og ofbeldi.

**AKRALAND**

Akraland ehf, Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
sími 599 4000, fax 599 4001




# GULLMOLINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Komnar eru í sölu frábærar eignarlóðir í Akrahverfi, hverfið er vel staðsett á grónu svæði á besta stað í Garðabæ.

Þetta eru góðar byggingarlóðir á frjósömu svæði mjög miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu með fljótfarnar umferðaræðar til allra átta.

Um er að ræða 49 lóðir sem seldar verða í tveimur hlutum. Tilboðum í 26 lóðir sem eru í fyrrihlutanum skal skila eigi síðar en **föstudaginn 20. maí 2005 kl. 15:00** og í lóðir í seinnihlutann eigi síðar en föstudaginn **3. júní kl. 15:00.**

Tilboðum skal skila á skrifstofu Akralands þar sem allar nánari upplýsingar eru veittar um lóðirnar. Fasteignasölurnar Borgir og Eignamiðlun munu einnig annast milligöngu um sölu lóðanna og geta þeir sem hafa áhuga snúið sér þangað.

Nánari upplýsingar um lóðirnar, stærðir þeirra og nýtingu, einnig upplýsingar um hvernig væntanlegir kaupendur bera sig að við tilboðsgerð er að finna á vefsíðu Akralands www.akraland.is

Þar er einnig að finna nauðsynleg gögn sem tilboðsgjafar þurfa að kynna sér, s.s. tilboðsskilmála, tilboðsskrá og sölu- og skipulagsskilmála.



hzeta



**BLEIK OG BLÁ**
Útskriftarnemendur í Verkmenntaskólanum á Akureyri settu skemmtilegan svip á bæjarlífið á Akureyri á föstudaginn. Á Ráðhústorgi var gripið í gítar, teknar léttar leikfimiæfingar og sungið við raust.

Meintur fjárdráttur fíkniefnalögreglumanns:

# Krafðist ómerkingar

**HÆSTIRÉTTUR** Verjandi Halls G. Hilmarssonar, fíkniefnalögreglumannsins sem dæmdur var fyrir fjárdrátt í opinberu starfi í fyrra, krafðist þess fyrir Hæstarétti í gær að málið yrði lýst ómerkt og því vísað heim í hérað. Til vara krafðist hann að ákærði yrði sýknaður eða dæmdur til vægustu refsingar.

Fjórir götulögreglumenn lögðu hald á tæplega 900 þúsund krónur í 5.000 króna seðlum ásamt öðrum gögnum í fíkniefnamáli skömmu fyrir áramót 2002-2003. Féð var talið ágóði af fíkniefnasölu. Ákærði sem var lögreglufulltrúi við fíkniefnadeildina fékk peningana inn á sitt borð ásamt öðrum gögnum. Eitthvað fór á milli mála hver fór með rannsóknina og fékk féð ekki eðlilega meðferð innan lögreglunnar.

Eigandi fjársins, sem lögreglan hafði áður fylgst með vegna gruns um fíkniefnabrot, krafðist þess að fá það til baka en dráttur varð á því. Féð fannst síðar í geymslu lögreglunnar og var skilað eigandanum. Fíkniefnalögreglumaðurinn neitaði sök og kvaðst ekki hafa vitað af peningunum.

-ghs



**HÆSTIRÉTTUR**
Verjandi fíkniefnalögreglumanns, sem dæmdur var fyrir fjárdrátt í opinberu starfi í fyrra, krafðist þess að málið yrði lýst ómerkt og því vísað heim í hérað.

Ástþór Magnússon:

# Réttað vegna myndavélar

**HÉRAÐSDÓMUR** Málflutningur var í Héraðsdómi Reykjavíkur í gærmorgun í máli á hendur Ástþóri Magnússyni, forsvarsmanni Friðar 2000.

Ástþóri er gefið að sök að hafa brotið myndavél ljósmyndara. Ástþór var orðinn þreyttur og pirraður á myndatökum ljósmyndara og taldi sig ekki fá að vera í friði, ekki einu sinni inni í bíl sínum. Hann taldi sig ekki opinbera persónu og vildi að myndum sem af sér hefðu verið teknar yrði eytt.

Þegar málið var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær sletti Ástþór tómatsósu á ljósmyndara. -ghs



**KÍNVERSKAR RISAPÖNDUR**
Kínverjar buðu Taívönum tvær pöndur að gjöf í kjölfar vel heppnaðrar heimsóknar leiðtoga stjórnarandstöðu Taívans.

Nýstárleg sáttaleið:

# Bjóða Taívönum pöndur

**PEKING, AP** Ríkisstjórn Kína fúlsaði í gær við útrétti sáttahönd Taívana og lýsti því yfir að engar formlegar viðræður gætu orðið á meðan Taívanar standa fast á því að eyjan skuli hljóta fullt sjálfstæði. Þetta gerðist einungis örfáum klukkutímum eftir að Kínverjar höfðu boðið tævönsku þjóðinni tvær risapöndur að gjöf til að króna vel heppnaða, sögulega heimsókn leiðtoga taívönsku stjórnarandstöðuunnar upp á meginlandið. Pöndurnar gætu þó gefið vísbendingu um að afstaða kínverskra stjórnvalda sé heldur að mildast í málefnum litla bróður í suðri. ■

# Auglýsing vekur illdeilur

**Formenn fimm stéttarfélaga í Eyjafirði eru afar óhressir með ritstjóra Vikudags á Akureyri en hann notaði auglýsingu í blaðinu til að koma á framfæri óánægju sinni með einn formanninn.**

**DEILUR** Í Vikudegi, sem kom út á fimmtudaginn, er auglýsing frá fjórum stéttarfélögum þar sem verkafólki eru sendar kveðjur í tilefni 1. maí en neðst í auglýsingunni stendur: „Hér átti að vera kveðja frá félagi byggingamanna, Eyjafirði, en er ekki að sinni því Guðmundur Ómar formaður er í fýlu við ritstjóra Vikudags."

Guðmundur Ómar Guðmundsson, formaður Félags byggingamanna Eyjafirði, segir ritstjóra Vikudags hafa sent félaginu kaldar kveðjur með skrifum sínum fyrir einu og hálfu ári og síðan hafi félagið ekki átt viðskipti við blaðið. „Ég einfaldlega sagði nei þegar hann falaðist eftir auglýsingu og mér finnst þessi viðbrögð hans fyrst og fremst barnaleg. Hin félögin borga auglýsinguna og ég skil vel að þau séu óhress," segir Guðmundur Ómar.


Sími 462 6800
Félag verslunar- og skrifstofufólks
Sími 462 1635
Sjómannafélag Eyjafjarðar
Sími 462 5088
Hér átti að vera kveðja frá Félagi byggingamanna, Eyjafirði, en er ekki að sinni því Guðmundur Ómar formaður er í fýlu við ritstjóra Vikudags.

**AUGLÝSINGIN Í VIKUDEGI**
„Mér finnst ritstjórinn óvirða okkur með því að nota pláss í auglýsingu sem við borgum undir persónulegan skæting," segir Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar – Iðju.

Hjörleifur Hallgríms, ritstjóri Vikudags, segir Guðmund Ómar vera að refsa blaðinu fyrir það eitt að flytja fréttir og það geti hann ekki sætt sig við. „Guðmundur Ómar er í fýlu vegna þess að hann er ósáttur við skrif blaðsins en mér fannst hins vegar sjálfsagt að Félag byggingamanna í Eyjafirði væri með auglýsingu í tilefni 1. maí. Ég er yfirleitt mjög ánægður með verkalýðshreyfinguna og hef ekkert upp á hina formennina að klaga. Þeta fólk er að vinna mjög gott verk," segir Hjörleifur.

Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar – Iðju, segir vinnubrögð ritstjórans fyrir neðan allar hellur. „Ég vil ekki gefa neinar yfirlýsingar þess efnis að við auglýsum ekki aftur í blaðinu en get þó sagt að við höfum ekki áhuga á að borga auglýsingu með svona kveðju. Ég hef séð margt ljótt á prenti en þetta er með því ósmekklegasta sem ég hef séð," segir Björn.

Formenn félaganna fimm funduðu um þetta tiltekna mál í gærmorgun og í kjölfarið var ritstjóra Vikudags skrifað bréf sem póstlagt var í gær. Formennirnir vilja hins vegar ekki upplýsa um innihald bréfsins að svo stöddu þar sem ritstjórinn hefur ekki fengið það í hendur.

kk@frettabladid.is



**BJÖRGUNARMENN AÐ STÖRFUM**
Margra daga starf bíður björgunarmanna í Lahore í Pakistan.

25 bíða bana:

# Hús hrundi í sprengingu

**PAKISTAN, AP** Að minnsta kosti 25 létust og 20 særðust í gassprengingu sem varð í austurhluta Pakistan í gærmorgun. Sprengingin varð í þriggja hæða húsi sem hýsti rjómaísverksmiðju og ódýrar verkamannaíbúðir. Húsið hrundi til grunna við sprenginguna. Að sögn lögreglustjórans í Lahore er ekki ljóst hvað olli sprengingunni en þeir íbúar sem lifðu af sögðu gastanka hafa verið geymda í kjallara byggingarinnar. Aðkoma björgunarmanna var vægast sagt hrikaleg og það mun taka marga daga að leita í rústunum. ■






Fögur múmía:

# Lá grafin í margar aldir

**EGYPTALAND, AP** 2.300 ára gömul múmía var afhjúpuð á Saqqara píramídasafninu suður af Kaíró í gær. Múmían sem er frá tímum 30. faróaveldisins fannst fyrir skemmstu í trékassa sem grafinn var í sand á sex metra dýpi. Zahi Hawass, yfirmaður fornleifastofnunnar Egyptalands, segir múmíuna eina þá allra fallegustu sem nokkru sinni hefur fundist. Á næstu dögum verður múmían sneiðmynduð og þannig reynt að svara spurningum um uppruna og tilurð þessa merkisfundar. ■



**DÝRÐIN TIL SÝNIS**
Eins og sjá má er múmían marglit og fögur.

## ÖRYGGISMÁL



**SÓLARHRINGSVAKT LÆKNA** Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, og Jón Kristjánsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, undirrituðu í gær samning um þyrluvakt lækna á Landspítala - háskólasjúkrahúsi. Samningurinn tryggir sólarhringsvakt lækna í þyrlum Landhelgisgæslunnar.

**GEFA HJARTASTUÐTÆKI** Akranesdeild Rauða krossins hefur gefið lögreglunni á Akranesi fullkomið hjartastuðtæki. Tækið verður í öðrum tveggja útkallsbíla lögreglunnar en lögreglan kaupir annað tæki í hinn bílinn. Vonast er til að þetta verði til að bjarga megi mannslífum.

## HÉRAÐSDÓMUR

**STAL ÚTVARPSVEKJARA** Maður var dæmdur í mánaðarfangelsi, skilorðsbundið í tvö ár, í Héraðsdómi Norðurlands eystra í gær. Maðurinn hafði stolið útvarpsvekjaraklukku úr Rúmfatalagernum á Akureyri um miðjan desember sl. Í mars í fyrra hlaut sami maður 10.000 kr. sekt fyrir þjófnað.

# KALDIR DAGAR

## *Ísskápar með frábærum afslætti!*



**GeneralFrost** **STÁL**

GeneralFrost RF270-1673
145sm STÁL **KÆLISKÁPUR** með frysti.
Orkunýting A. Mál (hxbxd): 145x60x60.

**TILBOÐ 49.995**
Verð áður kr. 69.995



**EuroCool**

EuroCool K16
85sm **KÆLISKÁPUR** með litlu frystihólfi.
Orkunýting A. Mál (hxbxd): 145x48.5x56.

**TILBOÐ 19.995**
Verð áður kr. 29.995



**GeneralFrost**

GeneralFrost C290-1503
145sm **KÆLISKÁPUR.**
Orkunýting B. Mál (hxbxd): 145x60x60.

**TILBOÐ 29.995**
Verð áður kr. 37.995



**Whirlpool**

Whirlpool ARC2240
139sm **KÆLISKÁPUR** með frysti.
Orkunýting B. Mál (hxbxd): 139x50x60.

**TILBOÐ 34.995**
Verð áður kr. 44.995



**BEKO**

BEKO CDP7451
152sm **KÆLISKÁPUR** með frysti.
Orkunýtingu A+. Mál (hxbxd): 152x54x60.

**TILBOÐ 39.995**
Verð áður kr. 54.995



**Whirlpool**

Whirlpool ARC5190
160sm **KÆLISKÁPUR** með frysti.
Orkunýting B. Mál (hxbxd): 160x55x60.

**TILBOÐ 49.995**
Verð áður kr. 64.995



**Whirlpool**

Whirlpool ARC1691
180sm **KÆLISKÁPUR.** Orkunýting A.
Mál (hxbxd): 180x60x62.6.

**TILBOÐ 49.995**
Verð áður kr. 64.995



**VESTFROST** **STÁL**

Vestfrost S320MIX
186sm STÁL **KÆLISKÁPUR** með frysti.
Mál (hxbxd): 186x60x60. Orkunýting A.

**TILBOÐ 74.995**
Verð áður kr. 99.995



***AMERÍSKIR KÆLISKÁPAR MEÐ 20-40% AFSLÆTTI!***

Whirlpool



**VESTFROST**
DÖNSK GÆÐAFRAMLEIÐSLA

## FRYSTIKISTUR MEÐ 10-25% AFSLÆTTI

**VERÐDÆMI:**

**Vestfrost AB425**
411 lítra **FRYSTIKISTA** á hjólum, ljósi,
2 körfum Danfoss kælipressu.
Orkunýting B. Mál (hxbxd): 85x137x60.

**TILBOÐ 37.495**
Verð áður kr. 49.995

## ÚTLITSGALLAÐIR KÆLISKÁPAR MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI

Glæsilegir amerískir ísskápar, ofnar, háfar og helluborð í miklu úrvali frá Whirlpool, einum virtasta framleiðanda í heimi.

*Sniðnir fyrir íslenskar innréttingar*

Fullkominn
**LÚXUS**
*Fáguð evrópsk hönnun í klassískum amerískum stíl*

HUGVERKAsmiðja

**Heimilistæki**
SÆTÚNI 8 • SÍMI 569 1500 • www.ht.is



**MÓTMÆLA RÚNINGI** Meðlimir róttæku dýraverndunarsamtakanna PETA mótmæla rúningi sauðfjár og meintri dýraníðslu við útflutning fjár á fæti frá Ástralíu við Benetton-búð í miðborg Mílanó á Ítalíu í gær.

Ekkert lát á skálmöldinni í Írak:

# Uppreisnarmenn færast í aukana

**BAGDAD, AP** Uppreisnarmenn í Írak hafa fært sig upp á skaftið undanfarna daga. Síðan tilkynnt var um í síðustu viku að ný ríkisstjórn hefði verið mynduð hafa að minnsta kosti 130 manns týnt lífi í árásum.

Í gærmorgun sprakk öflug bílsprengja í verslunarhverfi í Bagdad og fórust sex manns í tilræðinu en sjö slösuðust alvarlega. Um svipað leyti létust þrír Írakar í sprengingu við eftirlitsstöð lögreglu í öðru hverfi borgarinnar. Á sunnudaginn fórust í það minnsta 36 landsmenn í árásum víðsvegar um landið, þar af féllu 25 þegar sjúkrabíl hlöðnum sprengiefnum var ekið inn í líkfylgd í borginni Tal Afar. Talið er að súnníar sem eru ósáttir við sinn hlut í stjórn landsins standi á bak við flestar árásirnar.

Á sama tíma hafa hersveitir handtekið fjölda meintra uppreisnarmanna, 84 hafa verið gómaðir í Bagdad síðustu tvo daga og 52 nærri Diyarah.

Talsmaður Ibrahim al-Jaafari forsætisráðherra sagði í gær að búið væri að fylla sex af þeim sjö ráðherraembættum sem ekki náðist samkomulag um í síðustu viku. Þó á eftir að skipa í hið viðkvæma embætti varnarmálaráðherra en fastlega er búist við að það komi í hlut súnnía. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**HELSÆRÐUR** Hussein Ali lenti í sprengingu í Karadahhverfinu í Bagdad í gær sem kostaði þrjú mannslíf.

Veðurfar í apríl:

# Hiti yfir meðallagi

**VEÐUR** Hiti var vel yfir meðallagi síðari hluta apríl, að tveimur síðustu dögunum undanskildum, samkvæmt samantekt Trausta Jónssonar veðurfræðings.

Aprílmánuður var bæði hlýrri og vætusamari í Reykjavík en í meðalári. Meðalhiti var 4,2 stig sem er 1,3 stigum yfir meðallagi en samt kaldara en síðustu tvö ár. Mestur mældist hitinn fjórtán gráður og hefur svo hár hiti ekki mælst í Reykjavík í apríl síðan 1965. Þá var úrkoma þriðjungi meiri en í meðalári.

Meðalhitinn á Akureyri var 2,9 stig, 1,3 stigi hlýrri en í meðalári, og úrkoma í rétt tæpu meðallagi. - bþg

Sjálfsbjörg:

# Reglugerð mótmælt

**FÉLAGSMÁL** Sjálfsbjörg, félag fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu, mótmælir breytingu á reglugerð um sjúkraþjálfun og óskar eftir skýrri stefnu stjórnvalda varðandi fatlaða á vinnumarkaði. Þá átelur félagið breytingar skuli gerðar án samráðs við fatlaða. Ályktun þessa efnis var samþykkt á aðalfundi samtakanna um helgina.

„Með nýrri reglugerð um kostnaðarþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í sjúkraþjálfun er þátttaka í kostnaði vegna sjúkraþjálfunar fatlaðra á vinnumarkaði stóraukin. Þessi breyting bætist við aðra tekjutengda stoðþjónustu við fatlaða s.s. heimilishjálp og aukinn lyfjakostnað,“ segir í ályktuninni.

- óká

## INDÓNESÍA

**LÖMUNARVEIKI AFTUR EFTIR TÍU ÁR** Fyrsta lömunarveikitilfellið í tíu ár hefur greinst í Indónesíu. Tilfellið greindist í farandverkamanni og virðist vera sambærilegt þeim tilfellum sem komið hafa upp í Afríku og Miðausturlöndum að sögn Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

**VIÐ TENGIVINNU Í GÖNGUNUM** Gunnar Skarphéðinsson, starfsmaður í tengivinnu hjá Rarik, tengir saman 66 kílóvolta rafmagnskapla.

**VIÐ GÖNGIN Í REYÐARFIRÐI** Unnið við vegskálann Reyðarfjarðarmegin. Verið er að steypa vegskálann og tekur sú vinna um mánuð í viðbót.

Göngin milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar:

# Malbikun áfram eftir hvítasunnu

**FJARÐABYGGÐ** Fyrsta malbikunaráfanganum í göngunum milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar var lokið í síðustu viku. Þar með hafa 40 prósent af göngunum verið malbikuð frá endanum Fáskrúðsfjarðarmegin.

Næsti malbiksáfangi fer af stað eftir hvítasunnu og lýkur tíu dögum síðar. Síðasti áfanginn, í gegnum munnann við Reyðarfjörð, verður ekki malbikaður fyrr en um miðjan júní.

Verið er að gera göngin klár til malbikunar, ljúka bergstyrkingum, leggja drenlagnir í gegnum göngin og byggja upp veginn. Vegurinn verður síðan malbikaður og í framhaldi af því verður unnið með raflagnir og lýsingu og loftræstingu sem farið verður af stað með á næstunni.

Verið er að steypa vegskálann Reyðarfjarðarmegin og tekur sú vinna fjórar til fimm vikur til viðbótar.

Gísli Guðmundsson stöðvarstjóri segir að heilmikil vegavinna sé eftir í göngunum og fyrir utan þau.

„Við verðum í því fram á haust að klára þessa vegi. Það á að leggja klæðningu á þá líka,“ segir hann.

- ghs


Spænska

með menningarlegu ívafi III

- Fyrir lengra komna



Námskeiðið er sniðið fyrir þá sem vilja auka við tungumálakunnáttu sína hratt og örugglega á skömmum tíma.

Menning - samskipti - viðskipti

Jöfn áhersla verður lögð á lestur, skrift, talað mál og hlustun. Menning Spánar og rómönsku Ameríku er fléttuð inn í málanámið, en menningarlæsi er lykillinn að betri árangri í alþjóðasamskiptum.

Ávinningur

- Hagnýt þekking á spænsku sem nýtist í erlendum samskiptum og daglegu lífi.
- Aukið menningarlæsi sem eykur árangur í viðskiptum og samskiptum við hinn spænskumælandi heim.

Kennt í Háskólanum í Reykjavík á eftirfarandi tíma:
9. maí – 1. júní - mánudaga og miðvikudaga frá kl. 17:00 - 19:00

Verð: 29.000 kr.



Ellen Gunnarsdóttir
Ph.D. er leiðbeinandi á námskeiðinu

Frekari upplýsingar veitir:
Charlotta Karlsdóttir
Beinn sími: 599 6258
Skiptiborð: 599 6200
Skráning á charlotta@ru.is
www.ru.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY




FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**VALDAMENN** Koizumi hitti í gær þá Jose Manuel Barroso, forseta framkvæmdastjórnar ESB, og Jean Claude Juncker (t.h.).

Vopnasala til Kína:

# Japanar uggandi

**LÚXEMBORG, AP** Leiðtogar Evrópusambandsins reyna nú að róa Junichiro Koizumi, forsætisráðherra Japans, en hann hefur varað eindregið við að vopnasölubanni sambandsins til Kína verði aflétt.

Jean Claude Juncker, forsætisráðherra Lúxemborgar, sagði að sambandið myndi alltaf taka hagsmuni Japana með í reikninginn þegar lokaákvörðun um málið verður tekin í júní, en Lúxemborgarar fara með formennsku í ráðherraráði ESB.

Þjóðverjar og Frakkar hafa áhuga á að aflétta banninu en stefna Kína gegn nágrönnum sínum veldur ugg víða um heim. ■

## LEIÐRÉTTING

Ellý K. Guðmundsdóttir, forstöðumaður Umhverfis- og heilbrigðisstofu, var rangnefnd Ellý J. Vilhjálmsdóttir í frétt í blaðinu í gær og titluð sviðsstjóri umhverfissviðs.

Rússneskar fragtflugvélar á Akureyrarflugvelli:

# Flytja 400 tonn til Grænlands

**FLUTNINGUR** Undanfarna daga hafa tvær stórar rússneskar fragtflugvélar verið í tíðum ferðum til og frá Akureyrarflugvelli. Friðrik Adolfsson, deildarstjóri hjá Flugfélagi Íslands, segir að vélarnar séu af Antonov 12 gerð og hafi upphaflega verið smíðaðar fyrir rússneska herinn. „Vélarnar eru að flytja þrjá bora og mikinn búnað frá Akureyri til Meistaravíkur á Grænlandi fyrir kanadískt málmleitarfyrirtæki. Samtals eru þetta um 400 tonn og við reiknum með að vélarnar fari um 30 ferðir frá Akureyri."

Búnaðurinn er fluttur landleiðina frá Reykjavík til Akureyrar en Friðrik segir að það sé hagkvæmara en að fljúga frá Reykjavík til Grænlands, því flugtíminn frá Akureyri sé hálfri klukkustund styttri.

„Ef tíðarfar verður okkur hagstætt reiknum við með að ljúka þessum flutningum 12. maí. Flugvöllurinn á Grænlandi er malarvöllur og hann er að byrja að þiðna en ef völlurinn er of blautur geta vélarnar ekki lent," segir Friðrik.

- kk

FRÉTTABLAÐIÐ/KK




**LENT Á AKUREYRARFLUGVELLI**
Vélar af Antonov 12 gerð bera allt að 13 tonn en sjö manns eru í áhöfn.

Að sjálfsögðu bragðast hann betur en annar bjór. Við höfum haft meira en 600 ár til að fullkomna uppskriftina. Brugghúsið okkar hefur verið starfrækt í Leuven í Belgíu frá árinu 1366 sem þýðir að við höfum verið lengur að en flestir. Á þessum tíma höfum við upplifað ýmsar breytingar. Viðskiptavinir okkar drekka til dæmis ekki bjórinn lengur til að verjast plágunni, eins og þeir gerðu á miðöldum. Hvað sem öðru líður þá er eitt sem hefur ekki breyst allan þennan tíma, Stella Artois er enn bruggaður samkvæmt aldagamalli hefð úr besta fáanlega hráefni. Þess vegna eigum við enn tryggan hóp viðskiptamanna, 600 árum síðar.




ANNO 1366 STELLA ARTOIS

0,0%

gs skór

VOR-ÚTSALA



BRONX
svart, offwht.
~~15.990~~ 7.990



TREND DESIGN
svart, brúnt
~~8.990~~ 4.990



RÚSKINN STÍGVÉL
svart, brúnt
~~8.990~~ 4.990



AGAIN & AGAIN
svart, offwht.
~~7.990~~ 3.990



AGAIN & AGAIN
svart, rautt, offwht., camel
~~6.990~~ 3.990



AGAIN & AGAIN
svart, hvítt
~~5.990~~ 2.990



BRONX
svart
~~8.990~~ 4.990



AGAIN & AGAIN
svart, hvítt, rautt, offwht.
~~5.990~~ 3.990

Allir dömu-CAMPER -20%

gs skór
kringlunni s.512 1760
laugavegi s.512 1714


soul
inside

„Það er auðvelt að byrja að spara. Það er erfitt að skilja hvers vegna maður byrjar ekki fyrr.“




**Landsbankinn**
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

Kynntu þér fjölbreyttar sparnaðarleiðir í næsta útibúi, á landsbanki.is eða í síma 410 4000. Því fyrr sem þú tekur ákvörðun, því fyrr nýturðu ávinnings.

**Það eina sem getur komið í veg fyrir að þú eyðir í sparnað... ert þú.**

**Eyddu í sparnað.**

GOTT FÓLK McCANN 28374

24 stundir

EFTIRMÁL: LÆKNASKORTUR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

# Ástandið enn slæmt

Í lok árs 2003 voru fimm þúsund manns án heimilislæknis í Reykjavík og nágrenni. Flestir þeirra bjuggu í Vogahverfinu í Reykjavík en ætlunin var að reisa þar heilsugæslu í lok árs 2004. Vandinn er enn óleystur þar sem tæplega fjögur þúsund manns voru enn án heimilislæknis í nóvember síðastliðnum. Hins vegar segir Guðmundur Einarsson, forstjóri Heilsugæslunnar í Reykjavík, tölur um þá sem eru án heimilislæknis ónákvæmar. Ástandið standi allt til bóta þegar hin langþráða heilsugæslustöð fyrir Vogahverfi opnar í Glæsibæ í haust. Þá hafi ný heilsugæslustöð opnað í Kópavogi snemma árs 2004 og ætlunin sé að opna heilsugæslu í Hafnarfirði á þessu ári.



**BEÐIÐ EFTIR LÆKNINUM** Ný heilsugæslustöð var opnuð í Salahverfi í Kópavogi á síðasta ári.

Guðmundur telur því að í haust geti allir íbúar Stór-Reykjavíkursvæðisins verið með eiginn heimilislækni. Hins vegar sé ólíklegt að allir geti verið með heimilislækni í sínu hverfi. Til dæmis séu heilsugæslur í Árbæ og víðar orðnar of litlar. Hann vonast þó til að hægt verði að stækka við heilsugæsluna í Árbænum áður en líður á löngu. Í öðrum fréttum segir Guðmundur að opnuð hafi verið upplýsingamiðstöð fyrir þá sem ekki viti hvert þeir eigi að snú sér í heilbrigðiskerfinu. Upplýsingar verða veittar í gegnum síma og er númerið 1700.

## SVONA ERUM VIÐ



**1.307 ÍSLENDINGAR, FJÖRUTÍU ÁRA OG ELDRI, STUNDA NÁM Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI.**
Heimild: Hagstofan








**VERÐLAUNUM HAMPAÐ** Grétar Ingi og bróðir hans, sem lék undir á gítar, hampa hér farandbikar Söngvarakeppni fyrirtækja í Ölfusi.

SÖNGVARAKEPPNI Í ÞORLÁKSHÖFN:

## Máninn vann

Starfsmaður pizzahússins Mánans bar sigur úr býtum í Söngvarakeppni fyrirtækja í Ölfusi sem haldið var á stútfullu Ráðhúskaffi í Þorlákshöfn á laugardag. Um 300 gestir lögðu leið sína á kaffihúsið til að hlýða á keppendurna og má það teljast nokkuð gott hlutfall af hinum 1400 manna bæ. Jóhannes Bjarnason sem rekur Ráðhúskaffi segist alls ekki hafa búist við slíkri mætingu og allar líkur séu á að keppnin verði haldin aftur.

Segja má að Grétar Ingi stigi með þessu sín fyrstu skref til frægðar þar sem verðlaunin voru stúdíótímar í Tónkjallaranum í Þorlákshöfn. Í öðru sæti var starfsmaður Frostfisks, Alexander Axel Andrésson ættaður frá Filipseyjum, sem heillaði með tónmikilli rödd sem hann þandi í kraftmiklum ballöðum. Þriðja sætið hrepptu vaskir drengir frá Rafgulli rafverkstæði sem spiluðu og sungu á gítara, bongótrommur, tómar bjórdósir og skeiðar.

# Lítill skóli með stórt hjarta

**Tjarnarskóli hélt upp á tuttugu ára afmæli sitt á föstudag. Róðurinn hefur verið þungur fjárhagslega síðustu ár en bjartari tímar eru framundan fyrir einkarekna skóla.**

Fyrir tuttugu árum stofnuðu tvær bráðungar kennslukonur, Margrét Theodórsdóttir og María Sólveig Héðinsdóttir, einkaskóla og nefndu hann eftir tjörninni sem hann stendur við. „Okkur langaði til að stofna skóla þar sem meira væri hlúð að hverjum og einum,“ segir Margrét sem er skólastjóri Tjarnarskóla enn í dag en María hefur nýverið dregið sig í hlé. Þær kenndu báðar í stórum unglingaskóla og söknuðu þess að hafa ekki meira af krökkunum að segja auk þess sem þeim fannst margt brenna á unglingunum sem laut að þessu stóra þroskaskeiði.

Margrét segir fjárhagslegan róður skólans hafa verið erfiðan síðustu ár. Hins vegar finnist henni gæta töluverðar viðhorfsbreytingar hjá borgaryfirvöldum og nágrannasveitarfélögum. Aukinn skilningur sé á því að skólaflóran þurfi að vera fjölbreytileg. Skemmst er að minnast að Reykjavíkurborg ákvað að hækka rekstrarframlag á hvern nemanda í einkaskólum um 25 prósent. „Það hleypir kappi í kinn,“ segir Margrét og bætir við að Tjarnarskóli sé lítill unglingaskóli með rólegu og yndislegu yfirbragði, en einkunnarorð skólans eru „Allir eru einstakir“ og „Tjarnarskóli er lítill skóli með stórt hjarta.“

Margrét segir margt hafa breyst á starfstíma skólans. „Við erum mjög stoltar af því að okkar hugmyndir hafa smám saman síast inn í almenna skólakerfið,“ segir Margrét en Tjarnarskóli hefur kennt mannrækt og boðið upp á heimanám frá upphafi.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**AFMÆLI Á TJARNARBAKKANUM** Tuttugu ára afmæli Tjarnarskóla var fagnað með viðeigandi hætti á föstudag. Gestum og gangandi var boðið upp á pylsu og gos og þáði fjöldi borgarbúa boðið í blíðunni sem þá ríkti.

Hún segir að kennarar í skólanum bindist krökkunum sterkari böndum en gerist í venjulegum skóla. Þá haldi nemendurnir sambandi, sendi jólakort og kíki í heimsókn.

„Okkur finnst þetta hafa verið ómetanlegur tími. Það gefur manni gildi að vinna með svona ungu fólki og heldur manni síungum,“ segir Margrét sem er ánægð með hve margir fyrrverandi nemendur og foreldrar litu inn eða sendu skeyti á afmælisdegi skólans.

solveig@frettabladid.is





S U M A R F A G N A Ð U R 4. maí

**Stuðningsmenn Ingibjargar Sólrúnar efna til sumarfagnaðar í Borgarleikhúsinu miðvikudaginn 4. maí. Dagskráin hefst kl. 20.30 og eru allir velkomnir.**

Á fjölbreyttri skemmtidagskrá koma m.a. fram:

- Jóhann Friðgeir Valdimarsson
- Vox femine undir stjórn Margrétar Pálmadóttur
- Halldóra Geirharðsdóttir
- Guðrún Gunnarsdóttir og Valgeir Skagfjörð
- Tómas R. Einarsson og Havanabandið
- Slagverkshópurinn Parabóla

Ávörp flytja:

- Halldór Guðmundsson, rithöfundur
- Margrét Gauja Magnúsdóttir, háskólanemi
- Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

Kynnar:

- Jóhanna Vigdís Arnardóttir
- Árni Gunnarsson

Að lokinni skemmtidagskrá verður húsið opið áfram til kl. 23.30.

Við vonumst til að sem flestir komi og eigi með okkur skemmtilega kvöldstund.



Stuðningsmenn Ingibjargar Sólrúnar

-alla leið!

# TILBOÐ

# SúperTurn 4 Deluxe



## 64 BITA KRAFTUR
Leiðandi inn í framtíðina með framúrskarandi 64-bita tækni, Hyper Transport og 1600FSB

## ATI PCI EXPRESS
Radeon X300 skjákort sem nýtir 128MB af DDR minni tölvunnar og er PCI Express x16

## HLJÓÐLÁT VINNSLA
Vandaður og hljóðlátur Dragon turnkassi með hurð, USB2 og Firewire tengjum að framan

| | |
|---|---|
| **Örgjörvi** | **3000+ Athlon64 - 640k** 1600FSB og Hyper Transport |
| **Vinnsluminni** | **512MB DDR 400 Corsair** 400MHz með lífstíðarábyrgð |
| **Harðdiskur** | **200GB 7200RPM - 8MB** Western Digital Special Edition |
| **Skjákort** | **128MB ATI Radeon X300** PCI Express x16 og TV-út tengi |
| **Hljóðkort** | **Dolby Digital 5.1 - EAX2** 6 Rása Dolby Digital hljóðkerfi |
| **Annað** | **FireWire og 8xUSB2 tengi** 10/100 netkort, SATA, ATA, ofl. |

SúperTurn tölvurnar koma samsettar og harði diskurinn er forsniðinn og tilbúinn til notkunar. Það eina sem þarf að taka úr eldri vél og setja í nýju er: Geisladrif, diskettudrif og stýrikerfi. Svo notar þú að sjálfsögðu gamla skjáinn, lyklaborðið og músina.

VL6 9.150 *Samtals kr. 56.830

# VERÐ 54.900

## SÚPERTURN 3

### 2500+
- 2500+ AMD Sempron HT
- MSI K7N2GM nForce2 móðurborð
- 512MB DDR400 Corsair minni
- 160GB 7200RPM WD - 8MB
- 128MB GeForce4 skjákort
- Dolby Digital 5.1 hljóðkerfi
- 10/100 netkort, USB2
- Medium 300W turn

### VERÐ 37.900

## XS - DRIVE II



**EINFALT Í NOTKUN**
Einstaklega einfalt og öruggt í notkun, bara að stinga kortinu í og ýta á "Copy" hnappinn

**HLEÐSLURAFHLAÐA**
Xs Drive II er með innbyggðri Lithium-ion hleðslurafhlöðu sem endist í allt að 1.6 klst.

**UPPLÝSINGAR Á SKJÁ**
Handhægur skjár sýnir hleðslu rafhlöðu, stöðu afritunar og ef pláss klárast á harða diskinum

**HARÐUR DISKUR**
Xs Drive II er með innbyggðum hörðum disk sem hægt er að fá í stærðum frá 40GB til 80GB

**LES FLEST MINNISKORT**
Les flest allar gerðir minniskorta í dag, Compact Flash, Secure Digital, Memory Stick, SmartMedia ofl.

**FLOTT TASKA FYLGIR**
Handhæg burðartaska ver drifið fyrir hnjaski og í henni er líka pláss fyrir auka minniskort

| 40GB | 60GB | 80GB |
|---|---|---|
| 16.900 | 19.900 | 22.900 |

## SÚPERTILBOÐ 2

### 2200+
- 2200+ AMD Sempron
- Hljóðlát örgjörva kælivifta
- MSI K7N2GM móðurborð
- 256MB DDR Corsair minni
- 128mb GeForce 4 skjákort
- Dolby Digital 5.1 hljóðkerfi
- Innbyggt Netkort, 6xUSB2
- 3xPCI, AGP 8x, ofl. ofl.

### VERÐ 17.900

## DRAGON200 HÝSING

Dragon200 · 200GB

Dragon200 utanáliggjandi USB2 ál hýsing með hljóðlátum Western Digital 200GB SE harðdisk, tilbúin til notkunar

### VERÐ 14.900

## SCORPIO40 HÝSING

Scorpio40

Scorpio40 mini utanáliggjandi USB2 2,5" ál hýsing með WD 40GB 5400RPM Scorpio harðdisk, tilbúin til notkunar

### VERÐ 11.900

## CANON IXUS 30

- 3.2MegaPixla upplausn
- 3xOptical Zoom Canon linsa
- Stór 2" LCD skjár á baki
- Otrúlega nett, aðeins 115 gr.
- Kvikmyndaupptaka með hljóði

### VERÐ 23.900

Hvítur Chieftec Dragon Middle turnkassi — **VERÐ 4.990**

Logitech Webcam Messenger vefmyndavél — **VERÐ 4.990**

Traxdata 4,7GB DVD+R 8x hraða, 10stk í spindle — **VERÐ 1.990**

MSI PCI þráðlaust netkort 54Mbps 802.11g (PC54G2) — **VERÐ 2.990**

Logitech MX510 Performance Optical Mús — **VERÐ 3.990**

17" ACER 1715S LCD skjár 500:1 í skerpu og 12ms — **VERÐ 24.900**

256MB Cruzer Micro, USB2 minnislykill frá Sandisk — **VERÐ 2.990**

Hágæða 512MB 400 MHz DDR Corsair vinnsluminni — **VERÐ 4.990**

VISA OG EURO RAÐGREIÐSLUR TIL ALLT AÐ 36 MÁNAÐA • ÖLL VERÐ OG UPPLÝSINGAR BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR OG PRENTVILLUR

*Vaxtalaust tilboð er miðað við 6 mánaða jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 3,5% stimpil og lántökugjald bætist við heildarupphæðina sem dreifist jafnt yfir samningstímann.

# TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 11 ÁR

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | KEFLAVÍK |
|---|---|---|
| Nóatúni 17 | Glerárgötu 36 | Hafnargötu 90 |
| Sími 562 6730 | Sími 464 7400 | Sími 534 7400 |

**FBL – GREINING:** OFVIRKNI OG ATHYGLISBRESTUR

# Erfðir eiga stærstan hlut að máli

Notkun geðlyfja við ofvirkni og athyglisbresti barna hefur aukist hröðum skrefum á undanförnum árum, að því er fram kom í svari Jóns Kristjánssonar heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur alþingismanns í vikunni.



**Hvað er ofvirkni**

Hegðunareinkennum ofvirkni er oft skipt í þrjá flokka. Þeir eru hreyfiofvirkni, athyglisbrestur og hvatvísi. Hið fyrstnefnda lýsir sér með þeim hætti, að barnið á erfitt með að sitja lengi kyrrt. Þegar það situr kyrrt er það á iði og stöðugri hreyfingu í sæti sínu. Ofvirk börn staldra sjaldan við, mörg þeirra eru afar málgefin og eiga erfitt með að leika sér hljóðlega.
Athyglisbrestur lýsir sér þannig, að barnið á erfitt með að einbeita sér að verkefnum og ljúka þeim. Minnsta utanaðkomandi truflun dregur athygli þess frá því sem það er að sinna. Athyglisbresturinn getur einnig komið fram í gleymsku. Ofvirka barnið gleymir og týnir hlutum oftar en önnur börn.
Hvatvísin lýsir sér þannig að ofvirku barni hættir til að framkvæma það sem því dettur í hug án þess að gefa sér tíma til að hugsa um afleiðingarnar. Mikil óþolinmæði og erfiðleikar við að bíða geta einnig verið einkenni.

**Mismunandi samsetning**

Samsetning þessara einkenna getur verið mismunandi milli einstaklinga. Athyglisbrestur getur til dæmis verið mjög áberandi hjá einu ofvirku barni, en hreyfiofvirkni og hvatvísi hjá öðru. Undirskrika skal, að flest þau einkenni sem hér hefur verið lýst sjást einhvern tíma í fari nánast allra barna. Ekki telst um ofvirkni að ræða nema einkennin séu til staðar í afgerandi ríkari mæli en venjulegt er meðal jafnaldranna og að þau hamli aðlögun barnsins að umhverfi sínu.

**Af hverju stafar ofvirkni?**

Rannsóknir benda til þess að erfðir eigi stærstan hlut að máli í orsökum ofvirkni. Ákveðin samsetning gena virðist valda frávikum í taugaþroska sem fram kemur í röskun í framleiðslu og jafnvægi taugaboðefna. Í ofvirkni er það einkum hömlunarþátturinn í stjórn atferlis sem ekki starfar sem skyldi.
Heimild: Páll Magnússon sálfræðingur Heimasíða Landlæknisembættisins.

# Karpað um kjarnorkuvopnin

**Sáttmáli um takmörkun útbreiðslu kjarnorkuvopna gekk í gildi fyrir 35 árum en nú stendur endurskoðun hans yfir. Kjarnorkuveldin eru uggandi yfir þróuninni í Íran en öðrum ríkjum finnst gagnrýnin koma úr hörðustu átt.**



**FRÉTTASKÝRING**
KJARNORKUVOPN

**SVEINN GUÐMARSSON**
BLAÐAMAÐUR

Erindrekar ríflega 180 ríkja sitja nú á rökstólum í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York og ræða um hvernig takmarka megi útbreiðslu kjarnorkuvopna. Á meðan Bandaríkjamenn hafa mestar áhyggjur af kjarnorkuvopnaþróun Írana og Norður-Kóreumanna þá gagnrýna aðrar þjóðir kjarnorkustefnu Bandaríkjamanna sjálfra.

**Misjafn árangur**

Sáttmálinn um takmörkun útbreiðslu kjarnorkuvopna var undirritaður 1968 og gekk í gildi tveimur árum síðar. Samkvæmt honum heita þau ríki sem hafa ekki yfir kjarnorkuvopnum að ráða, að reyna hvorki að komast yfir slík vopn eða þróa þau. Í staðinn þá skuldbinda þau kjarnorkuveldi sem eiga aðild að sáttmálanum sig til að afvopnast smám saman. Öll ríki heims undirrituðu sáttmálann á sínum tíma, að Íran, Pakistan og Ísrael frátöldum en þau eiga öll kjarnorkuvopn í sínum fórum. Árið 2003 sögðu Norður-Kóreumenn sig frá sáttmálanum en í febrúar síðastliðnum lýstu þeir því yfir að þeim hefði tekist að smíða kjarnorkusprengju.

Á fimm ára fresti er sáttmálinn endurnýjaður og afvopnun síðustu ára metin. Þær viðbætur sem á honum eru gerðar eru hins vegar ekki bindandi.

Að mörgu leyti hefur sáttmálinn gefist vel, aðeins eitt þeirra ríkja sem hefur átt að honum aðild hefur komið sér upp kjarnorkuvopnum. Hins vegar hefur afvopnun kjarnorkuveldanna gengið afar hægt og raunar hefur heldur hækkað í kjarnorkuvopnabúrum sumra þeirra á meðan önnur þróa nýjar tegundir sprengja. Síðast en ekki síst eru fleiri ríki að reyna að koma sér upp vopnum og brjóta við það skilmála sáttmálans

**Ógnin úr austri**

Kjarnorkuvopnatilburðir Norður-Kóreumanna og Írana hafa verið allmikið í fréttum að undanförnu enda er ástæða til að hafa af þeim áhyggjur. Norður-Kóreumenn eru að öllum líkindum búnir að koma sér upp nokkrum kjarnorkuvopnum og viðræður þeirra við fimm önnur ríki, þar á meðal Bandaríkin, Rússland og Kína, um afvopnun hafa engu skilað. Undir lok síðasta mánaðar hræddu Norður-Kóreumenn nágranna sína í Japan þegar þeir skutu tilraunaeldflaug í Japanshaf.

Íranar þvertaka fyrir að þróa kjarnorkuvopn heldur segjast þeir eingöngu vinna með kjarnorku í friðsamlegum tilgangi. Þeir hafa hins vegar reynt að fela tilraunir sínar til auðgunar úrans og sýnt starfsmönnum Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar lítinn samstarfsvilja. Bretar, Frakkar og Þjóðverjar hafa átt í viðræðum við Írani og þótt þær hafi ekki skilað miklum árangri þá hafa Íranar sagst bíða með frekari auðgun úrans á meðan enn er vilji til viðræðna, síðast í gær.

**Bandaríkjamenn draga lappirnar**

Reiknað er með að Bandaríkjamenn muni á ráðstefnunni einbeita sér að því að koma böndum á þjóðir eins og Írana með því að einungis kjarnorkuveldunum verði heimilað að eiga búnað sem hægt er nota til framleiðslu kjarnorkueldsneytis sem nota má í sprengjur, til dæmis gasskilvindur.

Mörgum ríkjum finnst hins vegar miklu meiri ástæða til að hafa áhyggjur af kjarnorkuveldunum sjálfum, sérstaklega Bandaríkjunum. Hægagangur í afvopnuninni grefur til dæmis ekki síður undir trúverðugleika sáttmálans en tilraunir Írana. Þrátt fyrir samninga þar að lútandi hafa Bandaríkin og Rússar alls ekki skorið birgðir sínar niður í þeim mæli sem þau höfðu áður lofað. Til að bæta gráu ofan á svart hefur ríkisstjórn Bush neitað að styðja bann við tilraunum með kjarnorkuvopn, sagt sig frá sáttmála við Rússa um bann við eldflaugavarnakerfum og haldið áfram að þróa nýjar tegundir kjarnavopna, til dæmis öflugar sprengjur sem eiga að geta eytt rammgerðustu neðanjarðarbyrgjum.

Þessa dagana fara einnig fram heitar umræður í Bretlandi um frekari kjarnorkuvopnavæðingu. Tony Blair forsætisráðherra boðaði fyrr í vikunni gagngera endurnýjun á kjarnorkuvopnabirgðum þegar Trident-kafbátaeldflaugar landsins verða úreltar. Gordon Brown fjármálaráðherra hefur hins vegar ekki viljað styðja þessi áform á afdráttarlausan hátt.

**Lítilla breytinga að vænta**

Kjarnorkuveldin og ríkin sem ekki ráða yfir kjarnavopnum munu að líkindum elda grátt silfur næstu vikurnar í New York. Á sama tíma mun Alþjóðakjarnorkumálastofnunin reyna að knýja fram frekari heimildir til eftirlits og að kjarnorkueldsneytisframleiðsla verði sett undir stjórn svæðisbundinna alþjóðastofnanna svo dæmi séu tekin. Því miður bendir hins vegar fátt til annars en að sáralitlar breytingar verði gerðar á sáttmálanum um takmörkun á útbreiðslu kjarnorkuvopna, til þess eru hagsmunir þeirra ríkja sem í hlut eiga einfaldlega allt of ólíkir. ■



Heimild: AP



**ÓGNVEKJANDI ELDFLAUGAR** Norður-Kóreumenn hafa að öllum líkindum komið sér upp kjarnorkusprengjum en í síðustu viku sýndu þeir tennurnar með því að skjóta eldflaug í Japanshaf, nágrönnum þeirra til lítillar ánægju. Stjórnvöld í Pjongjang sögðu sig frá sáttmála um takmörkun útbreiðslu kjarnorkuvopna árið 2003.




Opið verður UPPSTIGNINGARDAG 10.00-18.00 í sunnudagsbúðum
NIÐURSAGAÐ KF LAMBALÆRI
Niðursagað lambalæri
798 kg KR.
20% afsláttur við kassann
Merkt verð 998kr.
KJARNAFÆÐI
ORIGINAL BBQ
89 510g KR.
Hunt's BBQ ORIGINAL
UM 250g PAKKINN
499 KÍLÓVERÐ KR.
Bónus býður betur!
EKKERT BRUÐL
HVÍTLAUKSLAX
779 kg KR.
35% afsláttur við kassann
Merkt verð 1198kr.
Hvítlauksmarineraður
LAX Á GRILLIÐ
I. FLOKKS HUMAR
3790 kg KR.
5% afsláttur við kassann
Merkt verð 3990kr.
KÍLÓVERÐ
159 KR.
Kúrbítur
ZUCCHINI
Ferskir sveppir
ÍSLENSKIR Í LAUSU
399 KÍLÓVERÐ KR.
I. FLOKKUR FROSINN
HUMAR
nýveiddur
Villibráðarkryddað læri
998 kg KR.
ÓTRÚLEGA GOTT!
Kartöflu salat
95 350g KR.
Hrá salat
PESTO LAMBASTEIK
KF PESTÓ HELGARSTEIK
1099 kg KR.
Lambasteik
BEINLAUS PESTO
KF FRAMPARTSSNEIÐAR
Pesto rosso
LAMBASNEIÐAR
Hvítlaukur
39 250g KR.
Pipar sósa
99 200g KR.
Hvítlauks sósa
KJARNAFÆÐI
Villijurtakryddað
LÚXUS LAMBALÆRI
STYKKJAVERÐ
25 um 350g KR.
Tilboðin gilda til sunnudags 8. maí eða meðan birgðir endast
Íslenskar AGÚRKUR
ÍSLENSK GÚRKA
PESTO SNEIÐAR
599 kg KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 998kr.
499 BOXIÐ KR.
Villikryddaðar GRILLSNEIÐAR
BEN&JERRY'S
New York Super Fudge Chunk
ICE CREAM
KÍLÓVERÐ
179 KR.
kílópakkning
Íslenskir TÓMATAR
VILLI GRILLSNEIÐAR KF
599 KÍLÓVERÐ KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 998kr.
Fylgist með okkur
-VIÐ FYLGJUMST MEÐ VERÐINU!
EKKERT BRUÐL
ERAN/Landlist

# skoðun

SJÓNARMIÐ
STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR

Umræða um styttingu náms í grunn- og/eða framhaldsskólum er gamaldags.

## Aukinn sveigjanleiki fremur en stytting náms

Raddir um að stytta þurfi nám til stúdentsprófs verða stöðugt háværari. Ýmist er rætt um styttingu náms í framhaldsskóla úr fjórum árum í þrjú eða styttingu grunnskólanáms úr tíu árum í níu. Stundum virðist sem gleymst hafi í þessari umræðu að möguleikinn til að ljúka námi í framhaldsskóla á þremur árum hefur verið til staðar í íslensku skólakerfi í um það bil 30 ár eða frá tilkomu áfangaskólanna á áttunda áratugnum. Nemendur sem auðvelt eiga með bóknám hafa því átt þess kost að velja að stunda nám í áfangaskóla og ljúka stúdentsprófi á skemmri tíma en fjórum árum. Nám í þessum skólum er meira að segja víðast hvar enn sveigjanlegra en svo að það snúist um að ljúka námi annaðhvort á þremur eða fjórum árum því tvö og hálft og þrjú og hálft ár til stúdentsprófs er líka inni í myndinni. Fyrir nokkrum árum var svo stofnaður einkaskóli, Menntaskólinn Hraðbraut, þar sem skólaárið hefur verið lengt og nemendur ljúka stúdentsprófi eftir tveggja ára framhaldsskólanám.

> **Undanfarinn áratug hafa margar tilraunir verið gerðar um allt land í þá veru að draga úr skilum milli grunnskóla og framhaldsskóla og víða hafa þessar tilraunir fest sig í sessi sem fastur liður í skólastarfi.**

Nú hafa borist þau tíðindi að Menntaskólinn á Akureyri muni í haust taka á móti 15 nemendum sem ljúka 9. bekk nú í vor. Um er að ræða fjögurra ára tilraunaverkefni og þurfa þeir nemendur sem teknir verða inn í námið í MA ekki að setjast í 10. bekk. Gert er að skilyrði að þeir hafi tiltekna lágmarksmeðaleinkunn upp úr 9. bekk. Að sögn skólameistara MA er þetta leið til að skapa fljótandi skil milli grunnskóla og framhaldsskóla.

Undanfarinn áratug hafa margar tilraunir verið gerðar um allt land í þá veru að draga úr skilum milli grunnskóla og framhaldsskóla og víða hafa þessar tilraunir fest sig í sessi sem fastur liður í skólastarfi. Nemendur í 9. bekk eiga þess nú kost að þreyta samræmd próf telji þeir, foreldrar þeirra og kennarar þá tilbúna til þess og margir nemendur á unglingastigi grunnskóla geta lokið framhaldsskólaáföngum, ýmist með því að sækja tíma í framhaldsskóla eða að efnt er til samvinnu milli grunn- og framhaldsskóla um kennslu tiltekins áfanga innan grunnskólans. Þetta eru einnig leiðir til að skapa fljótandi skil milli grunnskóla og framhaldsskóla. Þessa viðleitni ber að styðja og styrkja því hún leiðir til aukins sveigjanleika í skólastarfinu og styður það að hver og einn nemandi hafi tækifæri til að stunda nám á sínum forsendum.

Þróunin í átt til einstaklingsmiðaðra náms í grunnskólum og áfangaskólakerfið gefur fyllilega nægileg tækifæri fyrir dugmikla námsmenn að ljúka stúdentsprófi fyrir tvítugt ef þeim og fjölskyldum þeirra finnst það skipta máli. Hafa ber einnig í huga að þeir nemendur eru miklu fleiri sem ekkert veitir af tíu árum í grunnskóla og fjórum í framhaldsskóla til að tileinka sér það námsefni sem ætlast er til, og svo er líka þriðji hópurinn sem þarf enn fleiri ár en þessi fjórtán til verkefnisins. Þessum nemendum þjónar sveigjanlegur skóli líka mun betur en skóli sem starfar eftir niðurnjörvuðu áraplani. Nær væri því að ýta enn frekar undir alla viðleitni til að gera skólastarf sveigjanlegra en nú er fremur en að gæla við þá miklu sparnaðarhugmynd að fækka skólaárunum fram að stúdentsprófi úr fjórtán í þrettán. Sú hugmynd er í raun gamaldags miðað við þróunina sem á sér stað. ■






## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Meiri stóriðja

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra lagði áherslu á það á aðalfundi Samtaka atvinnulífsins í gær að huga ætti að frekari erlendri fjárfestingu hérlendis. Þar vísaði hann til þess að spáð væri minnkandi hagvexti eftir að núverandi stóriðjuframkvæmdum lyki og sagði:



„Það er mikill áhugi erlendra aðila fyrir frekari uppbyggingu stóriðju í landinu. Þau mál eru til alvarlegrar skoðunar þar sem vitaskuld verður tekið fullt tillit til umhverfissjónarmiða. Þannig er hægt að tryggja áframhaldandi hagvöxt hér á landi á næstu árum.“

Hann sagði sömuleiðis mikilvægt að byggja upp þátt vísinda og rannsókna.

### Skyldi Valgerður vita?

Þessi orð Halldórs minna á orð Valgerðar Sverrisdóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, í mars. Þá sagðist hún vilja leggja meiri áherslu á hátækniiðnað en stóriðju í framtíðinni. „Það er augljóst að ef af fyrirhugaðri stækkun í Straumsvík, Norðuráli og Fjarðaráli verður er álframleiðsla orðin svo stór hluti af útflutningstekjum okkar að það verður komið nóg. Fjölbreytileikinn er það sem skiptir máli og við megum ekki lenda í því að áliðnaðurinn sé orðinn svo mikilvægur að við verðum háð honum,“ sagði Valgerður þá í viðtali við Fréttablaðið en þvertók þó fyrir að með þessu væri hún að slá stóriðjuframkvæmdir af með öllu.

### Óvönduð lagasmíð

Valgerður hefur reyndar verið í nokkrum vanda að undanförnu. Nú síðast fór Umhverfisstofnun hörðum orðum um lagafrumvarp ráðherrans að vatnalögum og sagði það aðeins taka á orkumálum en skauta framhjá ýmsum margvíslegum málum. Þá er að minnast raforkulaganna nýju þar sem stjórnvöld, undir forystu Valgerðar, fóru ekki fram á undanþágu frá ESB-reglum um raforkukerfi sem ekki eiga við hérna en þýða að raforkuverð hækkar.



brynjolfur@frettabladid.is

## Skrýtnir afdalamenn til sýnis?

UMRÆÐAN
FRAMTÍÐARSÝN BYGGÐAMÁLARÁÐHERRA



ANNA KRISTÍN GUNNARSDÓTTIR
ALÞINGISMAÐUR

Norðurland vestra er meðal þeirra svæða á landinu sem eiga hvað mest í vök að verjast varðandi íbúaþróun. Sveitarstjórnir hafa gert það sem í þeirra valdi stendur til að hamla gegn brottflutningi fólks með þátttöku í atvinnulífi, frumkvæði að nýsköpun og viðleitni til samstarfs ríkis og sveitarfélaga. Þannig hefur verið gengið mjög nærri fjárhagslegri getu sveitarfélaganna, þau eru meðal þeirra skuldsettustu á landinu og þar af leiðandi illa í stakk búin til að standa undir uppbyggingu atvinnulífsins, enda ekki þeirra lagalega hlutverk. Meðaltekjur íbúa eru auk þess lágar. Hvað er þá til ráða? Er þetta eitt af þeim svæðum sem eiga að fara í eyði, gera jafnvel að þjóðgarði með skrýtna afdalamenn sem sýnishorn fyrir þéttbýlisbúa?

Nýlega lagði undirrituð fram fyrirspurn til ráðherra byggðamála um gerð vaxtarsamnings fyrir Norðurland vestra. Valgerður Sverrisdóttir er byggðaráðherra þess flokks sem lengi vel vildi kenna sig við landsbyggð – og á enn, furðulegt nokk, eitthvert fylgi á landsbyggðinni. Í svörum ráðherra staðfestist að á sumar byggðir landsins er litið sem annars flokks og ekki þess verðar að þeim sé sinnt. Það á við um Norðurland vestra, sem samkvæmt svari ráðherra á ekki að gera vaxtarsamning við. Fram kom í svari hans að við gerð vaxtarsamning fyrir Eyjafjarðarsvæðið hefði verið miðað við „að starfsemi hans næði ekki einungis til Eyjafjarðarsvæðisins, heldur einnig til annarra svæða á Norðurlandi, þar með talið til Norðurlands vestra“. Það voru reyndar nýjar fréttir fyrir sveitarstjórnarmenn og sveitarstjóra á svæðinu – að ég tali ekki um aðra íbúa.

> **Norðurland vestra þarf nauðsynlega á því að halda að auka fjölbreytni í atvinnulífinu. Landbúnaður og sjávarútvegur skipa allt of stóran sess og þetta eru einmitt greinar sem ekki munu taka við fleira fólki í framtíðinni, þvert á móti. Skólagengið fólk á að eiga þess kost að sækja atvinnu á landsbyggðinni jafnt og á stærstu þéttbýlisstöðunum.**

Þegar heimasíða vaxtarsamnings fyrir Eyjafjarðarsvæðið er skoðuð er ekki hægt að komast að annarri niðurstöðu en að þessi orð ráðherrans séu hrein ósannindi. Ekkert er minnst á önnur svæði en Eyjafjörð en þar stendur hins vegar: „Aðild að Vaxtarsamningi Eyjafjarðar er opin og geta fyrirtæki og félög í Eyjafirði sótt um og gerst aðilar að samningnum“. Nafn vaxtarsamningsins eitt og sér varpar ljósi á hvernig staða annarra svæða á Norðurlandi gagnvart Eyjafjarðarsvæðinu er hugsuð: Þau eru ekkert í myndinni.

Að sjálfsögðu vinna hagsmunaaðilar á Norðurlandi vestra og á Akureyri saman að þeim málum þar sem það er æskilegt og eðlilegt, eins og t.d. í ferðamálum, starfsemi háskólanna, við heilbrigðisþjónustu og í fleiri málaflokkum. En við uppbyggingu atvinnulífsins að öðru leyti verður ríkisvaldið að axla ábyrgð sína og taka þátt með heimamönnum.

Norðurland vestra þarf nauðsynlega á því að halda að auka fjölbreytni í atvinnulífinu. Landbúnaður og sjávarútvegur skipa allt of stóran sess og þetta eru einmitt greinar sem ekki munu taka við fleira fólki í framtíðinni, þvert á móti. Skólagengið fólk á að eiga þess kost að sækja atvinnu á landsbyggðinni jafnt og á stærstu þéttbýlisstöðunum. Reynslan á Norðurlandi vestra sýnir einmitt að keppt er um hvert starf þar sem krafist er menntunar. Það sannar vilja fólks til að búa í friðsæld og nánd við náttúruna. En það er einmitt langoftast fábreytni atvinnulífsins sem hrekur íbúa burt af svæðinu.

Í svari sínu við fyrirspurn minni sagði ráðherra m.a.: „Það er hins vegar mikilvægt að sveitarfélögin á viðkomandi svæðum standi sig og að þau hafi eitthvert frumkvæði gagnvart ríkisvaldinu ef þau hafa áhuga á samstarfi við það.“ Þetta eru skýr skilaboð til sveitarfélaga á svæðinu, þ.e.: Ráðherrann telur þau ekki hafa staðið sig og ekki haft neitt frumkvæði gagnvart ríkinu um samstarf. Þetta er reyndar önnur mynd af starfi sveitarfélaganna en mér er kunn. Ég veit að fulltrúar sveitarfélaga á Norðurlandi vestra hafa ítrekað gengið á fund stjórnvalda í Reykjavík, þar með talið ráðherra byggðamála, með ýmiss konar erindi og málaleitanir, óskir um verkefni til vinnslu og kynningar á möguleikum svæðanna. Einnig hefur ráðamönnum, m.a. byggðamálaráðherra, verið boðið að sitja ráðstefnur um atvinnumál og kynningu á hugmyndum. Það er því ekki um að kenna áhugaleysi af þeirra hálfu né skorti á viðleitni.

Núverandi forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, sagði fyrir síðustu kosningar að nú væri komin röðin að Norðvesturkjördæmi með aðgerðir í byggðamálum. Annaðhvort má hann sín einskis í glímunni við aðra ráðherra eða hann meinar ekkert með þessum orðum.

Þessi ríkisstjórn er ábyrgðarlaus gagnvart landsbyggðinni og skeytir ekki hið minnsta um kjör almennings. Gildir þá einu hvort um er að ræða byggðamálaráðherra eða forsætisráðherra. ■





LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA
vísir


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Leiktu þér í sumar
Harður diskur
Rugl verð
8.999
Western Digital
200GB
7200RPM ATA100 8MB
19"
DVD brennari
512 MB minni
80 GB Harður diskur
MEDION
5740IS
MEDION D330
MEÐ 19" CRT (túpuskjá)
• Intel Celeron D 330
• Graphic on board
• 80GB Harður diskur
• DVD Skrifari
• 512 MB DDR PC3200
2.522*
Þú velur greiðsluform sem hentar
2.522* Tölvukaupalán 48 mán.
6.999 ** Vaxtalaust 12 mán.
83.988 Staðgreitt
Frábært tilboð
*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupaláni V.Í.S. Umsóknin er afgreidd á staðnum á innan við mínútu.
**Miðað við 12 jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.
GSM sími
6.999
NOKIA
Vinsælasti síminn
NOKIA1100
GSM NOKIA 1100
• Dual band 900/1800
• Ending rafhl. allt að 400 klst. í bið og allt að 4 klst í tali
• 250 númera minn titrarii • Stærð: 106x46x20 mm
• Þyngd: 86 gr. • ATH: Án Íslensks Stýrirkerfis
Fjölnota prentari
8.999
hp invent
Prentar Skannar Ljósritar
HP PSC1217 ALL IN ONE
Q5900A
• 10 síður á mínútu í lit • Jaðarlaus prentun
• innbyggður skanni • ljósritun
Stafræn tökuvél
SONY
SONY MINIDV TÖKUVÉL DCR-HC19
SONY GÆÐI
Fjarstýring fylgir
Carl Zeiss linsa
Carl Zeiss linsan gefur hámarks dýpt og litaðgreiningu myndarinnar
640X aðdráttur
Með 640x digital og 20x optical aðdrætti nærðu öllum smáatriðum sem þú vilt.
CCD myndflaga
800.000 pixla CCD myndflagan tryggir þér betri myndgæði en þú átt að venjast
2,5" Litaskjár/ Snertiskjar
Björt og skýr mynd og allar stillingar fram-kvæmdar á skjánum.
Öflugur Pinnacle klippihugbúnaður fylgir vélinni!
FYLGIR
3.999**
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
47.988
STAÐGREITT
Laser mús
Botn verð
Logitech
931175-0914
LOGITECH MX1000 LASER CORDLESS
6.999
DVD spilari
FYLGIR
6.999
DENVER
DENVER DVD KARAOKE DVD-706
DVD-706
• Fjölkerfa
• Spilar CD/CDR/CDRW/VCD/SVCD/JPEG
• KODAK CD/MP-3/DVD-R/DVD+R/DVD-RW/DVD+RW
• Progressive scan Component video tengi
• Karaoke tengi fyrir 2 hljóðnema
• Dolby Digital DTS • Fjarstýring
MP3 spilari
MEDION
MD42692
• 512MB • USB MP3
• Minnislykill
512MB
14.999
BT
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 4.076 **-0,60%**

**Fjöldi viðskipta:** 347
**Velta:** 2.420 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Bakkavör** | 0,87% | **Hampiðjan** | -4,29% |
| | | **Síminn** | -2,50% |
| | | **Atorka** | -1,47% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 39,90 -0,25% ... Atorka 6,05 -1,47% ... Bakkavör 34,70 +0,87% ... Burðarás 14,00 -0,71% ... FL Group 14,35 – ... Flaga 5,30 – ... Íslandsbanki 13,50 -1,46% ... KB banki 541,00 -0,73% ... Kögun 62,50 -0,16% ... Landsbankinn 16,20 -0,61% ... Marel 55,50 – ... Og fjarskipti 4,21 -0,71% ... Samherji 12,10 – ... Straumur 12,00 -0,41% ... Össur 80,50 -0,62%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Lýsi selt á háborðinu



Samtök atvinnulífsins fengu þungavigtarfólk úr íslensku viðskiptalífi til þess að ræða stöðu viðskiptalífsins á aðalfundi samtakanna. Margt áhugavert kom fram í máli þess valinkunna fólks sem sat, eða stóð öllu heldur, fyrir svörum á fundinum. Einn úr háborðinu nýtti tímann betur en hinir, en það var Katrín Pétursdóttir, forstjóri Lýsis. Hún nýtti tækifærið og spurði Jón Ásgeir Jóhannesson hvort hann ætlaði ekki að selja lýsi í búðunum sem hann hefði keypt í Bretlandi. Jón Ásgeir tók vel í það og sagði að það myndi örugglega passa í Iceland búðirnar og sagði að þau þyrftu bara að setjast niður og semja.

### Sum lið heppin með eigendur

Fótboltaliðið Chelsea hefur kostað Roman Abramovitsj rúmlega eina milljón punda á dag eða 120 milljónir króna frá því að hann keypti liðið í júlí árið 2003.
Abramovitsj borgaði 140 milljónir punda eða tæpa 17 milljarða fyrir liðið í upphafi. Síðan þá hefur hann eytt 213 milljónum punda eða 26 milljörðum í leikmannakaup. Launakostnaður Chelsea var í fyrra 115 milljónir punda og frá því í júlí 2004 var launakostnaðurinn kominn í 215 milljónir punda. Samtals hefur Chelsea kostað Abramovitsj 683 milljónir punda eða 82 milljarða króna.
Á sama tíma og Abramovitsj dælir peningum í Chelsea eiga mörg fótboltalið í miklum fjárhagsvandræðum.

## MARKAÐSFRÉTTIR...

Hagnaður **Atorku Group** á fyrsta ársfjórðungi var 659 milljónir króna. Á sama tímabili í fyrra var hagnaðurinn 1.419 milljónir króna.

**Svanbjörn Thoroddsen**, fyrrum forstjóri **Flögu,** seldi í gær fimmtán milljón hluti í **Flögu** fyrir níutíu milljónir króna.

Tilkynnt var í gær að **Sveinbjörn Indriðason** hefði verið ráðinn framkvæmdastjóri fjármálasviðs **FL Group**, móðurfélags **Flugleiða**.

**Margrét Guðmundsdóttir** hefur verið ráðin framkvæmdastjóri **Austurbakka**. Þetta gerist í kjölfar þess að **Atorka** eignaðist 63 prósenta hlut í félaginu.

# Eiríkur seðlabankastjóri

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra hefur endurskipað Eirík Guðnason í embætti seðlabankastjóra. Skipunartíminn er sjö ár og honum lýkur því 1. maí 2012.

Eiríkur hefur verið seðlabankastjóri frá 1. maí 1994, en hefur starfað í bankanum frá árinu 1969, fyrst sem fulltrúi, þá deildarstjóri og svo hagfræðingur bankans frá 1984 til 1986. Frá 1987 til 1994 var Eiríkur aðstoðarbankastjóri.

Fyrir eru Birgir Ísleifur Gunnarsson og Jón Sigurðsson seðlabankastjórar. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**ÁFRAM Í ÚRVALSDEILD?** Yfirskrift aðalfundar SA. Halldór Ásgrímsson og Ingimundur Sigurpálsson, formaður SA.

# Mikill áhugi á stóriðju

**Bankarnir blanda sér um of í átök, kaupa yfirráð og selja. Nýir aðilar taka við með miklar skuldir við bankana að mati forsætisráðherra.**

Mikill áhugi erlendra aðila er fyrir frekari uppbyggingu stóriðju í landinu og þau mál eru til alvarlegrar skoðunar. Þetta kom fram í máli Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra á aðalfundi Samtaka atvinnulífsins. Hann sagði að vitaskuld yrði fullt tillit tekið til umhverfissjónarmiða og með stóriðju væri hægt að tryggja áframhaldandi hagvöxt hér á landi á næstu árum.

Halldór vill leggja áherslu á mikilvægi þess að huga að frekari erlendri fjárfestingu hér á landi til að halda uppi hagvexti og skapa auknar útflutningstekjur.

Halldóri finnst þau miklu átök sem virðast vera um yfirráð í fyrirtækjum vera ljóður á viðskiptalífinu. Hann sagði að í stað þess að aðaláherslan væri lögð á að bæta fyrirtækin, auka arðsemi þeirra og markaðsvirði berist ítrekað fréttir af átökum um yfirráð. „Í hvers þágu eru þessi átök? Eru þau í þágu almennra hagsmuna starfsmanna, eigenda og þjóðfélagsins?“

Halldór sagðist einnig telja bankana blanda sér um of í þessi átök, kaupi yfirráð og selji. „Nýir aðilar taka við með miklar skuldir við bankana. Fyrirtæki eru tekin af markaði og hlutabréfamarkaðurinn verður fábreyttari.“ Hann sagðist ekki vilja sjá ódrengileg átök í mikilvægum fyrirtækjum.

Halldór sagði einkavæðingu bankanna hafa hleypt miklu lífi í fjármálamarkaðinn og stóraukið umsvif þeirra erlendis. Eðlilegt sé að vaxtaverkir sjáist en honum finnst gengið of langt. „Mér finnst vanta meira traust í samfélagið.“

Halldór segir góða reglu að ganga hægt um gleðinnar dyr og það sé gott að hafa þá reglu í huga á þessum mesta uppgangstíma í sögu íslensk þjóðfélags.

**dogg@frettabladid.is**

# Hagar ekki á markað í ár

Jón Björnsson, forstjóri Haga, stærstu verslunarkeðju landsins, segir ekkert hæft í þeirri frétt Financial Times að Hagar stefni á skráningu í Kauphöllina. Það sé ekki á dagskránni í ár. Financial Times hefur það eftir Þórði Friðjónssyni, forstjóra Kauphallar Íslands, að Baugur, aðaleigandi Haga, hyggist skrá félagið á íslenska markaðinn.

„Við höfðum það á orði þegar Hagar sameinuðust Skeljungi á síðasta ári að við myndum vilja stækka og styrkja félagið og myndum hugsanlega skoða það að fara á markað eftir þrjú til fjögur ár.“ segir Jón. **- eþa**

„Sá einn veit er víða ratar“
- er kominn tími á aðild að ESB?

**Opinn fundur um Evrópumál í Háskólanum á Akureyri, 6. maí kl. 10:00.**

**Dagskrá**

**Ágúst Þór Árnason.** Kennari við Háskólann á Akureyri. „Stjórnarskrá ekki ríkisins, hugleiðingar um stjórnarskrá ESB“.

**Dr. Þórarinn Pétursson.** Staðgengill aðalhagfræðings við Seðlabanka Íslands. „Lífið utan EMU“.

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.** Varaformaður Samfylkingarinnar. „Evrópusambandið, risi, dvergur eða ormur?“

**Simo Tiainen.** Framkvæmdastjóri MTK. Hagsmunasamtök finnsk landbúnaðar í Brussel. „Finnskur landbúnaður og ESB“.

Fundarstjóri **Birgir Guðmundsson**

Fundurinn verður sendur út á vef Háskólans á Akureyri. www.unak.is.

KAUPMANNAFÉLAG AKUREYRAR
European Movement
Mouvement Européen

„With the support of the European Commission„ The European Commission is not responsible for any use that may be made of this information.



Framúrskarandi nám í tölvunarfræði

*Þegar ég kom inn í Háskólann í Reykjavík, sá aðbúnaðinn og kynnti mér námsframboðið varð mér strax ljóst að þetta er skóli fyrir metnaðarfulla nemendur. Aðstaðan er gríðarlega góð, skólinn er opinn fyrir nemendur á hvaða tíma sólarhrings sem er og kennararnir eru einstakir.*

Anna Sigríður Kristjánsdóttir, nemandi í tölvunarfræði við Háskólann í Reykjavík.

***Stærstu mannvirki heims eru ekki byggingar heldur hugverk sem hönnuð eru af tölvunarfræðingum og hugbúnaðarverkfræðingum.***

Háskólinn í Reykjavík býður metnaðarfullt nám í tölvunarfræði og hugbúnaðarverkfræði fyrir fólk sem vill skara framúr í sköpun, hönnun og gerð hugbúnaðar. Hugbúnaðarverkfræðingar og tölvunarfræðingar fást við fjölbreytt störf á öllum sviðum atvinnulífsins, enda skarast sérsvið þeirra við fjölmargar greinar s.s. stærðfræði, sálfræði og viðskiptafræði.

Lokafrestur fyrir umsóknir er 27. maí

Kynntu þér námið á vef Háskólans í Reykjavík, www.ru.is, og hafðu samband við námsráðgjafa í síma 520 6200.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.ru.is

FABRIKAN

Talstöðin FM 90,9

ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX
Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 4.49 | 13.24 | 22.02 |
| AKUREYRI | 4.20 | 13.09 | 22.01 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt

**nám o.fl.**
Ræktun sumarbústaðalóða
BLS. 2



**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

*Góðan dag!*
**Í dag er miðvikudagur 4. maí, 124. dagur ársins 2005.**




**Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is**

**Smáauglýsingar**
*byrja í dag á bls. 4*

**Flokkar**
Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

**Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is**

vísir


FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Guðrún Rut með hryssuna Þokkabót frá Hólum

# Var í tíu ár á leiðinni til Hóla

***Nemendur á fyrsta ári hrossaræktarbrautar á Hólum ljúka prófum í þessari viku. Meðal þeirra er Guðrún Rut Hreiðarsdóttir úr Reykjavík.***

„Ég var búin að vera á leiðinni að Hólum í tíu ár og nú loksins lét ég verða af því. Það er eitt það besta sem fyrir mig hefur komið," segir Guðrún Rut og býr sig undir að taka hestagullið Þokkabót frá Hólum til kostanna. Guðrún Rut er úr Reykjavík og er með börn sín tvö á Hólum, níu ára dóttur og sjö ára dreng. „Ég varð ólétt að dótturinni einmitt um það leyti sem ég ætlaði að drífa mig í bændaskólann. Þess vegna frestaðist það," segir hún hlæjandi.

Hún segir mjög gott að vera með börn á Hólum og ber lof á grunnskólann þar. Hennar eigið nám segir hún afar lærdómsríkt líka. En hvenær smitaðist hún af hestabakteríunni? „Hún hefur blundað í mér frá því ég var krakki. Ég fór fyrst á bak þegar ég var þriggja ára. Það var á Hofsstöðum á Mýrum þar sem ég var síðar í sveit hjá langömmu minni og hún gaf mér fyrsta hestinn í fermingargjöf. Þá átti ég heima á Seltjarnarnesi og hélt hesta í Ráðagerði. Svo er ég búin að starfa við hestamennsku undanfarin sex ár, í Laxnesi, hjá Íshestum og við tamningar í Mosfellsbæ."

Guðrún Rut er búin að skrá sig í áframhaldandi nám á Hólum næsta vetur og ætlar að vinna þar í sumar við tamningar og fleira. „Ég nældi mér í kærasta hér í nágrenninu sem er hestamaður líka," segir hún brosandi og bendir innar í Hjaltadalinn. Hann býr þarna inni á Hvammi."

*gun@frettabladid.is*



Nemendur sem ljúka grunnskólaprófi í vor munu skrá sig í framhaldsskóla á netinu. Myndin er tekin í Háteigsskóla.

## NÝIR NEMAR INNRITA SIG Á NETINU

**Aðsókn að framhaldsskólum landsins hefur aukist jafnt og þétt og nú er svo komið að síðasta haust hófu 93% sextán ára unglinga framhaldsskólanám.**

Menntamálaráðuneytið hefur ákveðið að taka upp rafræna innritun í framhaldsskólum. Nemendur sem ljúka 10. bekk grunnskóla nú í vor munu sækja um á netinu. Aðrir umsækjendur sækja um á eyðublaði sem sent er útfyllt til viðkomandi skóla ásamt afritum af einkunum úr fyrra námi. Ráðuneytið telur að rafræn innritun muni auðvelda framhaldsskólunum að hafa yfirsýn yfir eftirspurn eftir skólum og námsbrautum.
Forráðamenn nemenda í 10. bekk munu fá bréf frá ráðuneytinu fyrri hluta maímánaðar þar sem fyrirkomulag innritunarinnar verður kynnt nánar. Aðkoma foreldra/forráðamanna ólögráða unglinga er skilyrði fyrir skráningu þeirra til náms í framhaldsskóla.
Nemendur 10. bekkjar fá lykilorð sem veitir þeim persónulegan aðgang að innritun á netinu ásamt leiðbeiningum um hvernig sækja skal um. Umsóknarkerfið verður opnað um miðjan maí og verður opið til 14. júní. Á þeim tíma geta umsækjendur hvenær sem er unnið með umsóknir sínar og breytt vali á skóla og námsbraut. Á miðnætti þann 14. júní lýkur umsóknarfresti og skólarnir hefja úrvinnslu umsókna.

## LIGGUR Í LOFTINU
*í námi*

**Vorsýning**
kvöldskóla Kópavogs verður haldin sunnudaginn 8. maí klukkan 12 til 17 í Snælandsskóla við Furugrund. Á sýningunni verður aðallega sýndur afrakstur af vinnu nemenda í verklegum námskeiðum frá liðnum vetri. Nemendur sýna til dæmis bókband, bútasaum, leirmótun, fatasaum, frístundamálun, glerlist, hurðakransa úr birki og íkona.



**Námskeið**
í skjalastjórnun verður haldið 23. og 24. maí í Hamraborg 10, annarri hæð, í kennslusal Kvenfélags Kópavogs. Kennt er frá 13 til 16.30 báða dagana. Leiðbeinandi á námskeiðinu er Sigmar Þormar, framkvæmdastjóri Skipulags og skjala ehf. Skráning fer fram á tölvupóstfanginu stjornandinn@stjornandinn.is. Námskeiðsgjald er þrjátíu þúsund krónur en námskeiðsgögn ásamt kaffi báða dagana og meðlæti eru innifalin í námskeiðsgjaldinu.

**Námskeið í notkun**
á matstækinu Sensory Profile verður haldið hjá Endurmenntun Háskóla Íslands mánudaginn 6. og þriðjudaginn 7. júní. Kennari á námskeiðinu er Winnie Dunn, iðjuþjálfi og prófessor við háskólann í Kansas í Bandaríkjunum. Matstækið er markbundið og er tilgangur með notkun þess að meta hvernig einstaklingurinn túlkar og vinnur úr skynáreitum í sínu umhverfi og áhrif þess á færni við daglega iðju. Skráningarfrestur er til 9. maí en verð er 25.500 krónur.

*nam@frettabladid.is*

TEMPUR heilsukoddar sem lætur þér og þínum líða betur

CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY



Tempur® Bakstoð og hægindasessa
Tempur® Classic
Tempur® Comfort
Tempur® Standard og Bed Backsupport
Tempur® Millenium
Tempur® Standard

Betra BAK
Faxafeni 5 • Sími 588 8477 • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16

www.design.is © 2004

**Sumarnámskeið**
Nú er sumarið á næsta leiti og nóg af sumarnámskeiðum úti um allan bæ. Vinnandi fólk ætti að rífa sig upp úr vananum í sumar og skella sér á einhver framandi námskeið í dansi, myndlist eða spennandi tungumálum svo fátt eitt sé nefnt.

f2809060 4_maga-dans_51.jpg



## Ræktun sumarbústaðalóða

NÁMSKEIÐ Á REYKJUM 4. JÚNÍ.

Námskeið fyrir sumarbústaðaeigendur verður haldið 4. júní frá kl. 10 til 16 á Reykjum í Ölfusi. Þar verður meðal annars fjallað um jarðveg og áburðargjöf, plöntuval í sumarbústaðalandið, upptöku og flutning trjáa, ræktun og umhirðu skjólbelta, meindýr og sjúkdóma á gróðri og fjölæringa og þekjuplöntur í sumarbústaðalandinu. Leiðbeinendur verða Kristinn H. Þorsteinsson, garðyrkjustjóri Orkuveitu Reykjavíkur, og Guðríður Helgadóttir, forstöðumaður starfs- og endurmenntunardeildar Landbúnaðarháskólans, sem eru jafnframt umsjónarmenn garðyrkjuþáttarins Í einum grænum í sjónvarpinu. Þátttökugjald á námskeiðið er 7.000 krónur en 10.000 krónur ef hjón skrá sig saman.
Skráning fer fram í gegnum netfangið, mhh@lbhi.is eða í síma 433 5305.



Reykjavíkurvegur 22, Hafnarfirði 565-5970
www.sjonarholl.is
Frumkvöðull að lækkun gleraugnaverðs á Íslandi

Tölvunám í viðurkenndum skóla
- skráðu þig núna í nám hjá TölvuskólaTV

Tölvunámskeið á tilboði

Við bjóðum 15-20% afslátt af tölvunámskeiðum, 9. - 31. maí, vegna 19 ára afmælis TV. Við erum viðurkennd af menntamálaráðuneyti sem framhaldsskóli og yfir 31 þúsund nemendur hafa sótt námskeið okkar frá upphafi.

| Námskeið | Lengd | Dagar | Tími | Tilboð |
|---|---|---|---|---|
| Word ritvinnsla | 22 st | 9.-13. maí | 9:00-12:00 | 17.990 |
| Vefsíðugerð | 22 st | 9.-13. maí | 9:00-12:00 | 18.990 |
| Windows, Word og Excel | 22 st | 9.-13. maí | 13:00-16:00 | 17.990 |
| Excel I | 22 st | 9.-13. maí | 13:00-16:00 | 18.990 |
| PowerPoint I | 13 st | 9.-11. maí | 13:00-16:00 | 13.990 |
| PowerPoint II | 9 st | 12.-13. maí | 13:00-16:00 | 11.990 |
| Photoshop I | 15 st | 11.-30. maí | 16:15-19:15 | 24.990 |

Líttu við á vefsíðunni okkar til að skoða mikið úrval annarra námskeiða.

Tölvumennt TV til betri verka
– hringdu núna í síma 520 9000
– eða líttu við á www.tv.is

Tölvuvísir www.tv.is
PEARSON VUE AUTHORISED CENTRE
Microsoft CERTIFIED Partner

www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is



Guðrún Hannesdóttir segir nám hjá Hringsjá góða endurhæfingu fyrir þá sem hafa lent í áföllum.

# Nám fyrir þá sem þurfa að styrkja stöðu sína

***Hjá Hringsjá er boðið upp á nám og endurhæfingu. Kennd eru öll almenn fög og nú er verið að skrá nemendur á haustönn.***

Hringsjá er sjálfstæð stofnun, rekin af ÖBÍ með þjónustusamningum við félagsmálaráðuneytið og Tryggingastofnun.

Í Hringsjá er veitt endurhæfing til náms og starfa en námið er ætlað einstaklingum eldri en 18 ára, sem vegna sjúkdóma, slysa eða annarra áfalla þurfa að endurmeta og styrkja stöðu sína. Í Hringsjá eru hverju sinni um 45 nemendur í fullu námi og námskeiðshópar að auki.

„Við erum að kenna öll almenn fög eins og tölvunotkun, bókfærslu, stærðfræði, íslensku, ensku, samfélagsfræði, tjáningu, myndlist og námstækni, svo eitthvað sé nefnt," segir Guðrún Hannesdóttir, forstöðumaður Hringsjár.

„Við veitum líka náms- og starfsráðgjöf og kennum gerð starfsumsókna.

Þá þjálfum við fólk fyrir atvinnuviðtöl og vinnum með sjálfsstyrkingu nemenda, sem oft er ekki vanþörf á þar sem þeir hafa flestir verið án atvinnu í nokkurn tíma. Þá er hvatningin naðuðsynleg, eða svo vitnað sé beint í einn nemendanna: „Ég tel námið í Hringsjá hafa hjálpað mér mikið og það er með mig eins og flesta aðra að þetta var ekki aðeins náms- og starfsendurhæfing heldur líka félagsleg endurhæfing."

Næst verða nemendur útskrifaðir 18. maí en fullt nám er þrjár annir. Námskeiðin standa hins vegar fram að sumarleyfi 20. júní. Umsóknarfrestur fyrir haustönn er til 15. maí, en inntaka í fullt nám fer fram tvisvar á ári. Inntaka á námskeiðin stendur allt skólaárið.



45 nemendur eru í fullu námi hjá Hringsjá og margir á námskeiðum.

## Fljúga skal svifdrekinn

FISFÉLAG REYKJAVÍKUR KYNNIR NÁMSKEIÐ SÍN Á OPNUM KYNNINGARFUNDI Á MORGUN.

Hver á sér ekki draum um að geta flogið? Svifið um loftin blá eins og fugl að eigin vali, hlegið að fólki á jörðu niðri og spyrnt sér í skýin? Sá draumur þarf ekki að vera svo fjarri lagi nú þegar Fisfélag Reykjavíkur stendur fyrir námsskeiðum þar sem konur og karlar á öllum aldri geta reynt sig við svifflug. Árni Gunnarsson smitaðist af flugbakteríunni þegar hann var lítill og hefur stundað svifflug síðan 1978. „Við kennum „paragliding" flug sem á íslensku heitir svifvængjaflug.
Kennslan fer fram á jörðinni því að það er svolítil kúnst að ná vængjunum á loft og stjórna þeim. Námskeiðin eru allt í allt 10 dagar, er ýmist kennt á kvöldin eða daginn um helgar. Að loknu námskeiði er flogið nokkur renniflug ofan af fjalli." Árni segir ekki líkamlega erfitt að stjórna svifvængjum og að þeir séu ekki þungir. „Þetta er íþrótt bæði fyrir konur og karla og vængirnir eru af ýmsum stærðum eftir líkamsbyggingu hvers og eins."



Draumurinn um flugið er ekki eins fjarri og margir halda enda eru rúmlega fimmtíu Íslendingar forfallnir svifflugsáhugamenn.

En hversu hratt er hægt að fljúga? „Hægt er að ná 20-50 kílómetra hraða á klukkustund ef uppstreymið í fjöllunum er gott. Lengst hafa menn flogið 50 kílómetra á Íslandi. „ Árni segir að yfir 50 manns stunda svifflug á Íslandi enda séu aðstæður til þess einkar góðar hérlendis." Hér eru engin tré að þvælast fyrir þegar fólk þarf að lenda og landið er svo opið að hér er lítið um sviptivinda. Engin slys hafa orðið á mönnum við iðkun þessarar íþróttar." Tvö námskeið eru fyrirhuguð og er tólf þátttakenda hámark á hvoru. „Það fyrra byrjar 15. maí og það síðara þann 25. Námskeiðið er bæði bóklegt og verklegt og kostar fimmtíu þúsund krónur. Fólki er séð fyrir vængjum og nægir að mæta bara með góða skapið," segir Árni.
Þeir sem vilja kynna sér málið nánar ættu að drífa sig á kynningarfund fimmtudaginn 5.maí klukkan 19:30 í Grund, húsi Fisfélags Reykjavíkur við Hafravatnsveg. Allar nánari upplýsingar má finna á www.fisflug.is.

# Vonar að fólk komi í tíma með opinn huga

***Dans hefur aldrei verið vinsælli en einmitt nú um helgina 7. og 8. maí verður haldið dansnámskeið í Contemporary Urban dansi í Kramhúsinu. Námskeiðið er sett upp af Evu Rós Guðmundsdóttur og er hluti af verkefni hennar fyrir kúrs sem heitir Negotiated Studies en hún er við dansnám í De Montfort háskólanum í Bretlandi.***

Á námskeiðinu verður kennd ný stefna þar sem blandað er saman hip hop, street og jazz funk með hefðbundnum dansi við nútíma tónlist. „Ég veit ekki hvort ég hef einhvern tímann séð einhvern blanda þessum stílum saman, sem sagt Contemporary og Urban. Þetta eru uppáhaldsstílarnir mínir og ég hef áhuga á að prófa eitthvað nýtt. Ég held að þessir stílar séu ekki til á sjónvarpsstöðvum eins og MTV þó að sum sporin eða hreyfingarnar séu líkar og það sem sést þar," segir Eva Rós.

Eva Rós er 23 ára en hún hefur verið að dansa síðan hún var fjögurra ára. „Ég byrjaði að læra dans hjá Eddu Scheving þegar ég var fjögurra ára og var þar í ballett í fjögur ár. Svo var ég í jazzballett hjá Sóleyju í nokkur ár og með því í fimleikum hjá Gerplu. Ég flutti til Þýskalands þegar ég var ellefu ára og var þar fyrst hjá mömmu minni, Þorgerði Gunnarsdóttur, í danstímum þar sem hún er líka lærður dansari og var að kenna þar í nokkur ár," segir Eva Rós sem hefur sótt danstíma í Ameríku, Þýskalandi og Englandi og lært ýmsa stíla síðan hún var lítil stelpa.

Eva Rós fylgist líka vel með því sem er að gerast í dansheiminum eins og danskennarar þurfa að gera. „Í gegnum háskólann þarf ég alltaf að vera að fylgjast með dansheiminum og kennararnir benda okkur á það sem er að gerast í bransanum. Annars fer ég líka oft á netið að leita að danskúrsum. Hluti af náminu er að læra um danshöfunda og dansverk. Við þurfum að lesa mikið af danstímaritum, dansbókum og horfa á vídeó," segir Eva Rós sem er fullviss um að allir geti dansað. „Eitt sem við erum að læra í háskólanum er Alexander-tækni. Þar lærum við um samhæfingu, jafnvægi og að nota líkamann. Ég held ef maður lærir að nota líkamann rétt þá geti maður lært að dansa. Ég vil að fólk geti tekið þátt í tímum hjá mér og sé alltaf meðvitað um það sem það er að gera til að koma í veg fyrir meiðsli. Ég vil að fólk sé opið fyrir nýjungum og sé tilbúið að gera eitthvað skapandi. Ég vona að fólk komi á námskeiðið með opinn huga og tilbúið að prófa eitthvað nýtt. Ég hef mikinn áhuga á dansi þar sem tveir eða fleiri búa til dans saman og ég vil kynna það á námskeiðinu."

Kennt verður í tveimur hópum á námskeiðinu; annars vegar í yngri hópi fyrir fólk með litla dansreynslu og hins vegar fyrir eldra fólk og lengra komið. Hvor hópur fær fimm til sex tíma kennslu. Verð er 4.500 krónur fyrir nemendur Kramhússins en 5.500 krónur fyrir aðra en námskeiðið er að sjálfsögðu opið öllum.


Eva Rós er nú við nám í dansi í Englandi.


Eva Rós hefur verið að dansa síðan hún var fjögurra ára gömul.


FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Guðrún segir eitt djúpt andartak geta breytt heilmiklu.

# Að rækta andann og upplifa vorið

NÁMSKEIÐ Í LÍFÖNDUN OG KUNDALINI JÓGA VERÐUR HALDIÐ UM NÆSTU HELGI FYRIR ÞÁ SEM VILJA TENGJAST SJÁLFUM SÉR OG UPPLIFA VORIÐ INNRA MEÐ SÉR.

„Eitt af þeim tækjum sem við höfum til að skilja betur líðan okkar er alltaf með okkur. Það er öndunin," segir Guðrún Arnalds sem stendur fyrir námskeiðinu í Lótus Jógasetrinu í Borgartúni 20. Það hefst á föstudagskvöldið kl. 19 og stendur til sunnudagskvölds. En hvað er líföndun? Guðrún svarar því. „Líföndun er leið til að losa um spennu og finna hvað er að gerast innra með okkur. Nú er vorið komið en sumir eru dálítið seinni að vakna af vetrardvalanum en blómin og trén. Það getur verið vegna uppsafnaðra tilfinninga sem við náðum ekki að vinna úr eða streitu eftir langvarandi álag. Þá er mjög gott að kunna leiðir til að tengjast sjálfum sér og þegar við öndum meðvitað þá erum við meðvitaðri um líðan okkar og hugsanir."

Guðrún segir Kundalini jóga byggt á aldagamalli þekkingu og vera mjög markvisst tæki sem hjálpi okkur að vakna til meðvitundar um æðri vitund. „Veraldleg velgengni er ekki allt og veitir okkur ekki fullnægju nema við kunnum að njóta lífsins, sættast við það eins og það er og gefa okkur tíma til að rækta andann," segir hún að lokum.



Frá Toppi til Táar
www.jsb.is

TT námskeið

Viltu ná glæsilegum árangri?

SUMAR-TT
13 vikna námskeið hefst 22. maí 2005

Við bjóðum TT- námskeið með sérstöku sumarsniði og á hagstæðum kjörum:

5 vikur lokaðir tímar frá 22/5-25/6
8 vikna opið kort – má leggja inn oftar en einu sinni – gildir til 20/8

Leiðbeiningar um mataræði og líkamsbeitingu, líkamsrækt, fundir, vigtun og mælingar.

Nánari upplýsingar á www.jsb.is

Vertu velkomin!

Innritun er hafin
Vinsamlega staðfestu fyrir 18. maí

DANSRÆKT JSB leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfsími 581 3732

EFLIR / HNOTSKÓGUR JSB 812-05

**Augu**
Augu nýfæddra barna geta ekki framleitt tár fyrr en börnin eru á milli þriggja og sex vikna gömul.
















Hressir krakkar leika sér í Nauthólsvík. Myndin er úr safni.

# Fátækt barn í dag verður fátækt foreldri

***Lára Björnsdóttir segir mikilvægt að útrýma barnafátækt á Íslandi, því ef búið er vel um börnin verði þau yfirleitt vel sett á efri árum. Börn fátækra foreldra verða yfirleitt fátæk á efri árum og því nauðsynlegt að rjúfa vítahringinn.***

„Fátækt barn í dag verður fátækt foreldri framtíðarinnar og þess vegna er mikilvægt að vinna að því að útrýma barnafátækt,“ segir Lára Björnsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Hugtakið barnafátækt er frekar nýtt af nálinni en er farið að vekja athygli víða um heim. Aðeins þrjú lönd í heiminum eru talin hafa útrýmt barnafátækt, en það eru Danmörk, Noregur og Svíþjóð og segir Lára mikilvægt að við reynum að feta í fótspor þeirra.


Lára Björnsdóttir.

„Ef fólk ætlar að tryggja eftirlaunastöðu þá þarf að hugsa fyrst um börnin. Framfærsla aldraða er kostnaðarsöm og þótt það sé ekki áhugavert að vera alltaf að velta kostnaði fyrir sér, er það eitthvað sem við þurfum ekki að hafa áhyggjur af sé búið vel um fólk í bernsku,“ segir Lára og bætir við að börn sem búið er vel að í æsku séu yfirleitt betur sett síðar á ævinni.

„Við höfum séð það hjá okkur að besta leiðin til að útrýma barnafátækt sé með fjárfestingu í mæðrum barnanna og þá einkum þeim sem eru fátækar og lítið menntaðar, en það hefur sýnt sig að það ber mestan ávöxt,“ segir Lára en hún hefur ásamt samstarfsfólki sínu verið að vinna í þeim málum, til dæmis með því að veita konum námsaðstoð með því að hjálpa þeim í nám upp að lánshæfu námi.

„Við veitum nokkrum hópum þessa námsaðstoð og sjálfstyrkingu og höfum meðal annars lagt áherslu á að hjálpa einstæðum mæðrum sem eru ómenntaðar og eiga í fjárhagslegum og jafnvel félagslegum vanda,“ segir Lára. Námsaðstoðin breytir gífurlega miklu í lífi þessara kvenna, en margar þeirra eiga annars á hættu að verða öryrkjar fyrir lífstíð þar sem vonleysið yfirbugar þær.

„Verkefnið hefur verið gífurlega spennandi og árangursríkt til að koma þeim af stað. Þær uppgötva á þessum tíma að ef þær halda þetta út þá geta þær fengið aukið sjálfstraust,“ segir Lára og tekur fram að það sé ofboðslega gaman að fylgjast með konunum og sjá hvernig þær breytast til hins betra.

„Þetta er hluti af því að fjárfesta í mannauðnum sem annars fer til spillis ef ekkert er að gert, og auk þess er það mikill ávinningur að þetta flyst yfir á börnin,“ segir Lára. *kristineva@frettabladid.is*


Jóna Björg Jónasdóttir hefur rekið Saumagallerí jbj í nær 20 ár.

## Saumagalleríið jbj flytur úr miðbænum

**Jóna Björg Jónasdóttir hefur rekið Saumagallerí jbj í nær 20 ár. Hér er hún ásamt dóttur sinni Guðrúnu Rögnu Yngvarsdóttur sem aðstoðar við reksturinn.**

Saumagallerí jbj hefur opnað verslun í Kópavoginum og er með því verið að flytja hönnun, framleiðslu og sölu undir sama þak en verslunin var áður að Laugavegi 8. Í versluninni er seldur handgerður og vandaður barnafatnaður fyrir börn upp að 4 ára aldri auk ungbarnasundfata og fatnaðar fyrir fyrirbura.
Jóna Björg Jónasdóttir sem rekur saumagalleríið hannar öll fötin sjálf og leitast hún við að nota aðeins mjúk efni og ekkert sem veldur ofnæmi eða óþægindum. Sundfötin hannaði hún í samastarfi við sundkennara og hefur Útilíf nú ákveðið að taka sundfötin til sölu í verslunum sínum. Rammagerðin hefur einnig sýnt framleiðslu Saumagallerísins jbj áhuga og ætlar að selja svokallaða ferðamannalínu frá Saumagalleríinu jbj. Nýja verslunin er staðsett við Skólagerði 5 í Kópavogi og hægt er að skoða vöruúrvalið á www.islanda.is/jbj á netinu.

## Sögusamkeppni SAFT hafin

KRAKKAR Á ALDRINUM 9 TIL 16 ÁRA ERU HVATTIR TIL AÐ SENDA INN SÖGU.

Sögusamkeppni SAFT stendur nú yfir og er síðasti skiladagur 17. maí næstkomandi. Keppt er í tveimur aldurshópum, 9 til 12 ára og 13 til 16 ára. Keppendum er boðið í „ferðalag á netinu“ þar sem ferðafélagarnir eru hundurinn Alpha ásamst netverði og stelpu sem heitir Mata. Þau elska ævintýri og eru krakkarnir beðnir að skrifa sögu þeirra. Hægt er að kynna sér keppnisreglurnar á heimasíðu saft.is en þess má geta að vegleg verðlaun verða veitt fyrir bestu sögurnar.
SAFT stendur fyrir „Samfélag, fjölskyldu og tækni“ og er vakningarátak um örugga netnotkun barna og unglinga.







## Börn sýna hvað í þeim býr

SÝNINGUNNI ÚLFASTUBBI LÝKUR Í RÁÐHÚSINU NÆSTKOMANDI FÖSTUDAG.

Sýningin Úlfastubbur er framtak leikskólans Sæborgar í Reykjavík. Verkin á sýningunni voru unnin eftir uppeldisstefnu sem kennd er við borgina Reggio Emilia á Norður-Ítalíu og felur í sér að lögð er áhersla á skapandi starf með börnum.
Helstu einkenni stefnunnar er sýnin á einstaklinginn og að hann hafi mikið fram að færa.
Kennarinn fylgist með vinnunni og skráir niður hugmyndir og hvetur barnið áfram og fær barnið því tækifæri til að kafa djúpt í efnið.
Verkin á sýningunni eru að mestu unnin úr endurvinnanlegu efni og sýnir hún vel barnamenningu á Íslandi eins og hún gerist best.
Leiðsögn um sýninguna er virka daga á milli klukkan 10.00 og 14.30.




Listmunir barnanna eru litríkir og fallegir.

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 4. maí 2005 – 5. tölublað – 1. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir



MOMENTUM
greiðslu- og innheimtuþjónustan
sími: 510 7700 • www.momentum.is
settu þínar kröfur í réttar hendur


**Ný rannsókn:**
Tölvupóstur truflar meira en hass



8



**Sjávarútvegur í Kauphöll:**
Flaggskipin af markaði

12-13

**Man. United:**
Stuðningsmenn vilja kaupa



6

# Sjö hópar vilja Símann

## Hópar fjárfesta í kringum Atorku og Tryggingamiðstöðina ræða samvinnu við kaup á Símanum. Íslandsbanki og Straumur leita út fyrir landsteinana.

**Björgvin Guðmundsson**
skrifar

Að minnsta kosti sjö innlendir hópar eru að undirbúa óbindandi kauptilboð í Símann. Frestur til að skila inn tilboðum rennur út 17. maí næstkomandi. Tengdir aðilar mega ekki kaupa meira en 45 prósent hlut í Símanum og því verða þrír hópar hið minnsta að vinna saman að kaupunum.

Fjárfestingafélagið Atorka ásamt Frosta Bergssyni, kenndan við Opin Kerfi, Jóni Helga Guðmundssyni í Bykó og bræðrunum Jóni og Sturlu Snorrasonum, fyrrverandi eigendum Húsasmiðjunnar, vinna saman að tilboðinu. Viðræður eru í gangi um að sá hópur starfi í framhaldinu með Tryggingamiðstöðinni, Jóni og Sigurði Gísla Pálmasonum, Bolla Kristinssyni og Ingimundi Sigfússyni.

Burðarás hefur lengi verið að skoða kaup á Símanum og undirbýr tilboð. Ekki liggur fyrir með hverjum þeir ætli að vinna né hvernig aðkoma félaga Björgólfs Thors Björgólfssonar, stjórnarformanns Burðaráss, verður. Landsbankinn mun koma að því tilboði.

KB banki mun aftur á móti standa að baki VÍS og fjárfestingafélaginu Meiði, sem hafa hvað lengst verið í þessari umræðu.

Þriðji Íslenski viðskiptabankinn, Íslandsbanki, er að undirbúa samstarf við bandaríska fjárfestingafélagið Blackstone Group, sem hefur meðal annars aðsetur í London. Blackstone hefur í auknum mæli verið að skoða fjárfestingar í Evrópu undanfarin ár.



**RANNVEIG RIST Í RÆÐUSTÓL** Stjórnarformaður Símans gerir grein fyrir rekstrinum á síðasta aðalfundi

Langlíklegast er að fjárfestingafélagið Straumur vinni með erlendum fjárfestum að tilboði samkvæmt upplýsingum Markaðarins. Samstarf við innlenda aðila er þó ekki útilokað.

Þá hefur hópur kvenna í atvinnulífinu verið að vinna saman að því að bjóða í Símann með það að markmiði að vera þriðji og minnsti fjárfestahópurinn.

Síðast má nefna Almenning ehf. undir forystu Agnesar Bragadóttur og Orra Vigfússonar. Í dag tekur einkavæðinganefnd afstöðu til þess hvort félagið fái frekari frest til að skila inn óbindandi tilboði og hvernig meðferð trúnaðarupplýsinga verði háttað.

# Vill fjölga hluthöfum Moggans

Fjölskyldur Valtýs Stefánssonar, fyrrverandi ritstjóra Morgunblaðsins, og Kristins Björnssonar, stjórnarformanns Straums, eiga nú samanlagt í kringum sjötíu prósent í útgáfufélagi Morgunblaðsins. Skiptist eignarhlutinn nokkuð jafnt á milli félaga í eigu þessara fjölskyldna.

Núverandi hluthafar nýttu sér forkaupsrétt á sextán prósenta eignarhlut Haraldar Sveinssonar sem Íslandsbanki hafði boðið í fyrir nokkra einstaklinga. „Þessi hlutur hefur verið keyptur og greiddur,“ segir Kristinn.

Haraldur Sveinsson fær greitt fyrir hlut sinn í dag, sama dag og forkaupsrétturinn rennur út. Áætlað kaupverð er rúmir sex hundruð milljónir króna.

Kristinn segir það sína persónulegu skoðun að stækka og breikka eigi hluthafahóp Morgunblaðsins. Það sé nauðsynlegt að fá öflugt fólk til liðs við útgáfufélagið sem hafi metnað til að styrkja stöðu Moggans. Afnema eigi forkaupsréttarákvæðið, enda auðvelt að fara í kringum það. **– bg**




Markaðurinn/Hari

**TVÆR FJÖLSKYLDUR STÆRSTAR** Tveir stærstu hluthafahópar Morgunblaðsins eiga í kringum 35 prósent hvor.



**NÝBYGGINGAR**
Hækkanir fasteignaverðs ýta verðbólgunni upp.

Ný aðferð hjá Hagstofu:
## Verðbólga í maí lækkar

Hagstofan hefur nú ákveðið að breyta útreikningum á meðalvöxtum í húsnæðislið vísitölu neysluverðs. Miðast vextirnir við meðaltal 12 mánaða í stað meðaltals fimm ára eins og verið hefur frá ágúst 2004. Það bjóst Hagstofan við auknum sveiflum í vöxtum á húsnæðislánum vegna aukinnar samkeppni en svo hefur ekki orðið. Áhrifin af breytingunni nema tæpu hálfu prósenti til lækkunar í maí.

Á síðasta ári var verðbólgan yfir fjórum prósentum og er það að langstærstum hluta vegna hækkunar á húsnæðisverði. **- dh**

## Útrásarvísitala Markaðarins

Markaðurinn mun fylgjast grannt með helstu félögunum sem Íslendingar hafa fjárfest í erlendis. Frá og með þessu tölublaði mun Markaðurinn reikna út Útrásarvísitöluna sem samanstendur af þeim fyrirtækjum sem íslensk fyrirtæki eiga hagsmuna að gæta í.

Miðað er við gengi fyrirtækjanna á markaði og miðgengi viðkomandi gjaldmiðils gagnvart íslensku krónunni. Útrásarvísitalan gefur því til kynna hvernig þróun eignarverðs í helstu útrásarfyrirtækjum er fyrir íslenska fjárfesta. Því hafa ekki aðeins sveiflur í gengi fyrirtækja á markaði áhrif heldur einnig gengi krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum. **- þk**

Sjá síðu 6

## FRÉTTIR VIKUNNAR

**Fyrstu hóparnir** | Nokkur mynd er að komast á það hverjir ætli að bjóða í Símann. Meðal annars er rætt um að Atorka, Frosti Bergsson, Jón Helgi í BYKO og bræðurnir Jón og Snorri Snorrasynir ætli að leggja fram tilboð.

**Fyrstu uppgjörin** | Fyrstu uppgjörin birtust í vikunni. Straumur skilaði 4,6 milljörðum króna í hagnað, Íslandsbanki 3.038 milljónum, Og fjarskipti um 200 milljónum, Össur 195 milljónum og Fiskmarkaður Íslands um 50 milljónum en Medcare tapaði um 67 milljónum króna á tímabilinu.

**Gott uppgjör** | Uppgjör Bakkavarar var fyrir ofan væntingar markaðsaðila. Félagið skilaði 484 milljónum króna í hagnað fyrstu þrjá mánuði ársins.



**Kosningar í Bretlandi** | Á morgun verða þingkosningar í Bretlandi. Ekki er talið að úrslitin skipti miklu máli fyrir viðskiptalífið.

**Methagnaður hjá KB** | KB banki skilaði frá sér metuppgjöri í síðustu viku. Hagnaður bankans fyrstu þrjá mánuði ársins nam um ellefu milljörðum króna eftir skatta. Við sama tilefni kynnti bankinn að hann ætli sér að kaupa Singer&Friedlander.

**Nýtt félag** | Breska verslunarkeðjan Mosaic Fashions ætlar að skrá sig í Kauphöllina í júní. Félagið ætlar að selja nýtt hlutafé fyrir milljarði króna til almennings og fagfjárfesta. Mosaic verður fyrsta erlenda félagið til að skrá sig á Íslandi.

**Viðskiptahalllinn eykst** | Viðskiptahallinn var ellefu milljörðum meiri á fyrsta ársfjórðungi en á sama tímabili í fyrra.




10,2%* Peningabréf Landsbankans

Góð og örugg ávöxtun á lausafé fyrir einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög og aðra fjárfesta.
Kynntu þér ótvíræða kosti Peningabréfa hjá ráðgjöfum Landsbankans.

* Nafnávöxtun frá 01.03.2005–01.04.2005 á ársgrundvelli.

Peningabréf eru fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans www.li.is

410 4000 | landsbanki.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

**GENGISÞRÓUN**

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis | -2% | 3% |
| Atorka | 1% | 5% |
| Bakkavör | 4% | 42% |
| Burðarás | -2% | 18% |
| Flaga Group | -3% | -13% |
| FL Group | 0% | 46% |
| Íslandsbanki | 0% | 22% |
| Kaupþing Banki | -1% | 23% |
| Kögun | 0% | 35% |
| Landsbankinn | -1% | 35% |
| Marel | 0% | 13% |
| Og Fjarskipti | 7% | 33% |
| Samherji | 0% | 9% |
| Straumur | -1% | 26% |
| Össur | -4% | 7% |

*Miðað við gengi í Kauphöll í gær

Íslendingar standa vel:

# Ríkari en Norðmenn?

Greiningardeild Íslandsbanka veltir því fyrir sér í Morgunkorni sínu á mánudag hvort Íslendingar séu í raun betur stæðir en frændur þeirra í Noregi.

Það hlaut mikla athygli fyrir skemmstu þegar olíusjóður Norðmanna fór yfir þúsund milljarða norskra króna að verðmæti en samkvæmt útreikningi greiningardeildarinnar jafngildir það um 2,3 milljónum íslenskra króna á hvern Norðmann. Olíusjóðurinn á að standa undir eftirlaunagreiðslum um þegnanna en hér á landi er enginn slíkur sjóður starfræktur. Hér standa hins vegar lífeyrissjóðirnir mjög vel að vígi í samanburði við flest önnur lönd.

Eignir íslenskra lífeyrissjóða um áramótin námu tæplega þúsund milljörðum íslenskra króna. Það jafngildir 3,4 milljónum króna á hvern Íslending.

Þar sem Norðmenn hafa ekki safnað í sjóði til að eiga fyrir lífeyrisgreiðslum framtíðarinnar þarf olíusjóðurinn að duga. - þk

# Soros byrjaði í Singer

**Einn frægasti fjárfestir heims, hinn ungverksættaði George Soros, hóf sinn starfsferil í breska bankanum Singer & Friedlander, sem KB banki er að kaupa þessa dagana. Fluttist hann til London árið 1947, þá sautján ára gamall, og nam við London School of Economics. Er Singer & Friedlander oft minnst í þessu samhengi enda Soros goðsögn margra í lifandi lífi. Þykir það ekki skemma fyrir orðstír bankans að hafa gefið Soros fyrst tækifæri í fjármálaheiminum.**

**Soros varð þekktur um allan heim þegar vogunarsjóður hans hagnaðist um 985 milljónir dollara í einum viðskiptum þegar breska pundið gengisféll árið 1992. Soros veðjaði á að þetta myndi gerast þvert á það sem boðað hafði verið og uppskar eftir því. Talið er að ef þetta hefði ekki gengið eftir hefði það þýtt gjaldþrot Soros.** – bg



**GEORGE SOROS** Hefur verið kallaður konungur vogunarsjóðanna.



**ÍSLANDSBANKI Á TOPP TÍU** Íslandsbanki var 10. stærsti banki Norðurlanda við marslok en virði hans var þá 30 prósentum hærra en við byrjun árs.

Íslandsbanki gerir strandhögg

# Orðinn 10. stærsti banki Norðurlanda

Íslandsbanki er orðinn tíundi stærsti banki Norðurlandanna að markaðsvirði samkvæmt tölum frá Bloomberg. Bankinn var metinn á 2.079 milljónir evra við lok síðasta ársfjórðungs. Þetta er í fyrsta skipti sem bankinn kemst á þennan lista en fyrir var KB banki sem er kominn í 8. sæti. Markaðsvirði KB banka var á sama tíma 4.434 milljónir evra. Sem fyrr trónir Nordea, sænski risabankinn, í fyrsta sæti. Markaðsvirði hans var 22.272 milljónir evra.

Markaðsvirði Íslandsbanka hækkaði um rúm 30 prósent á fyrstu þremur mánuðum ársins. - eþa

**STÆRSTU BANKAR NORÐURLANDANNA ÞANN 31. MARS 2005**

| Banki | Land | Virði* |
|---|---|---|
| 1. Nordea | Svíþjóð | 22.272 |
| 2. Danske bank | Danmörk | 15.052 |
| 3. SHB | Svíþjóð | 12.672 |
| 4. DnBNOR | Noregur | 10.548 |
| 5. SEB | Svíþjóð | 10.318 |
| 6. Foreningssparbanken | Svíþjóð | 9.373 |
| 7. Sampo | Finnland | 6.337 |
| 8. KB banki | Ísland | 4.434 |
| 9. Skandia | Svíþjóð | 4.024 |
| 10. Íslandsbanki | Ísland | 2.079 |

* Markaðsvirði (í evrum)

# Undrast þolinmæði stofnfjáreigenda

## Pétur H. Blöndal telur að stofnfjáreigendur í Sparisjóði Hafnarfjarðar geti jafnvel fengið meira en tvo milljarða ef reksturinn er í lagi

Pétur H. Blöndal, alþingismaður og fyrrverandi stjórnarmaður í SPRON, er undrandi á því hvað stofnfjáreigendur vítt og breitt hafa mikið langlundargeð og skilur ekki þolinmæði stofnfjáreigenda í Sparisjóði vélstjóra sem höfnuðu tillögu stjórnar á aðalfundi sjóðsins um að rýmka heimildir til að kaupa og eiga stofnfé. Það hefði leitt til þess að myndast hefði markaður með stofnbréfin og þeir stofnfjáreigendur, sem það vildu, hefðu getað selt. Hann telur að viðbrögð stofnfjáreigenda í Sparisjóði Hafnarfjarðar séu afleiðing þess að menn vilji fá fjármuni fyrir bréfin sín eins og gerðist í SPRON.

Pétur er ekki frá því að þær verðhugmyndir sem heyrst hafa um Sparisjóð Hafnarfjarðar séu nærri lagi en stofnfé 47 stofnfjáreigenda hefur verið verðlagt á tvo milljarða. Eigið fé sparisjóðsins er um þrír milljarðar. „Það er aldrei hægt að meta verðmæti stofnfjár sparisjóðs á við eigið fé hans vegna alls kyns kvaða um útgreiðslu arðs og atkvæðatakmarkana en tveir milljarðar gæti verið nærri lagi. Verðið gæti jafnvel orðið hærra ef reksturinn er í góðu lagi,“ segir Pétur. - eþa



**HEILDAREIGNIR YFIR 1.000 MILLJÖRÐUM** Bjarni Ármannsson, forstjóri Íslandsbanka.

Fréttablaðið/Vilhelm

# Hagnast um þrjá milljarða á fyrsta fjórðungi

## Niðurstaðan er undir væntingum greiningardeilda. Vátryggingarstarfsemi Sjóvár skilar nú afgangi.

**Dögg Hjaltalín**
skrifar

Hagnaður Íslandsbanka á fyrstu þremur mánuðum ársins var 3.038 milljónir króna eftir skatta. Afkoman er undir væntingum greiningardeilda bankanna og lækkaði gengi bankans eftir birtingu uppgjörs.

Gengishagnaður bankans var 1,4 milljarðar króna á fyrstu þremur mánuðum ársins.

Hreinar vaxtatekjur jukust um 63 prósent frá fyrra ári og voru 4,5 milljarðar króna. Vaxtamunur hefur aukist lítillega en hann var 2,5 prósent á tímabilinu en var 2,4 prósent á sama tíma í fyrra.

Kostnaðarhlutfall af bankastarfsemi jókst milli ára og var rúm 50 prósent en á sama tíma í fyrra var það 38 prósent.

Hagnaður af rekstri Sjóvár nam 1.257 milljónum króna á fyrsta ársfjórðungi. Munar þar mestu um 1.313 milljóna króna gengishagnað sem má að verulega leyti rekja til sölu félagsins á hlut í FL Group. Vátryggingastarfsemin skilaði 99 milljóna króna hagnaði samanborið við 205 milljóna króna tap í fyrra.

Heildareignir samstæðunnar námu 767 milljörðum króna 31. mars og höfðu aukist um 13 prósent frá áramótum. Eignir BNbank teljast til samstæðunnar frá fyrsta apríl en þær námu 381 milljarði um síðustu áramót. Eignir Íslandsbanka eru því komnar yfir 1.000 milljarða á þessum tímapunkti.

**SPÁ UM AFKOMU ÍSLANDSBANKA**

| | |
|---|---|
| Landsbankinn | 4.385 |
| KB banki | 3.470 |
| Hagnaður | 3.038 |

í milljónum króna

Íslandsbanki og KB banki:

# Hafa mikla yfirburði í veltu

Frá áramótum hafa tvö félög í Kauphöllinni staðið upp úr hvað varðar mestu viðskipti. Þetta eru Íslandsbanki og KB banki. Velta hvors félags fyrir sig var yfir 60 milljarðar króna við lokun markaða á mánudag. Íslandsbanki hefur vinninginn eins og staðan er nú en velta hans var um 67 milljarðar króna en KB banki stóð í 61 milljarði. Landsbankinn kom svo í þriðja sæti með 26 milljarða veltu, FL Group í fjórða (16 milljarðar) og Burðarás í því fimmta (14,7 milljarðar). - eþa




**Í ÖÐRU SÆTI** Næstmest er verslað með hlutabréf í KB banka það sem af er ári.


Vertu á bíl frá AVIS í útlöndum



AVIS á Íslandi tryggir þér bíl í 170 löndum og 5000 stöðum um víða veröld.

Kynntu þér AVIS tilboðin á bílaleigubílum.Pantaðu AVIS bílinn sjálfur á netinu www.avis.is eða með einu símtal í síma 591 4000.

AVIS Knarrarvogi 2 • 104 Reykjavík • sími 591 4000

AVIS Við gerum betur


Má bjóða þér einn?
“Hröð og fagleg þjónusta eru einkunnarorð okkar hjá Lýsingu. Ef þig vantar fjármögnun á atvinnutæki þá ábyrgjumst við svar á innan við sólarhring frá því að öll gögn liggja fyrir. Einfaldara getur það ekki verið.“
Elvar Daði Eiríksson
Ráðgjafi, Fjármögnun atvinnutækja
LÝSING
Fjármögnun í takt við þínar þarfir
Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 1500 Fax 540 1505
www.lysing.is
Hinrik Pétursson | www.mmedia.is/hip

Sparisjóður Svarfdæla skilar góðum afkomutölum:

# Hagnaðurinn nærri þrefaldast

Sparsjóður Svarfdæla á Dalvík átti góðu rekstrarári að fagna á síðasta ári og nærri þrefaldaðist hagnaðurinn á milli ára. Hagnaður sjóðsins nam um 184 milljónum króna og var arðsemi eigin fjár yfir 40 prósent. Sparisjóðurinn seldi bréf í KB banka og myndast við það um eitt hundrað milljóna króna gengishagnaður. Heildareignir sjóðsins voru í árslok 2004 um 2.754 milljónir króna og eigið fé um 620 milljónir.



**FRÁ DALVÍK** Sparisjóður Svarfdæla skilaði góðum hagnaði og hárri arðsemi eigin fjár á síðasta ári. Hagnaður nam um 180 milljónum króna.

„Þetta var fjarskalega gott ár. Við eigum mikið af hlutabréfum sem skiluðu miklum tekjum en einnig var hefðbundinn rekstur góður," segir Friðrik Friðriksson sparisjóðsstjóri. Um 150 aðilar eru stofnfjáreigendur í Sparisjóði Svarfdæla og fá þeir um 35 prósent arð af stofnfé.

Markaðurinn greindi frá því á dögunum að Sparisjóður Mýrasýslu hefur áætlanir um að sameina Sparisjóði Ólafsfjarðar og Siglufjarðar. Aðspurður um sameiningarmál segir Friðrik. „Við erum tilbúnir til að stækka og sameinast hverjum sem er." - eþa

Eign forsætisráðherra í Skinney-Þinganesi:

# Eignarhlutinn 83 milljóna króna virði

**Á dögunum fjallaði Markaðurinn um eignarhluta Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra í hornfirska útgerðarfyrirtækinu Skinney-Þinganesi. Var hluturinn metinn á 50 milljónir króna út frá innra virði félagsins. Landsbankinn sendi frá sér tilkynningu í gær um að síðustu viðskipti með félagið hefðu farið fram á genginu 5,5. Forsætisráðherra á um fimmtán milljónir hluta að nafnverði sem meta má á 83 milljónir króna ef haft er til hliðsjónar gengi í síðustu viðskiptum með félagið.** - eþa



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON FORSÆTISRÁÐHERRA** Landsbankinn segir að síðustu viðskipti með Skinney-Þinganes hafi farið fram á genginu 5,5.



**HÚKKUÐU SÉR FAR** Stjórnendur Burðaráss, Friðrik Jóhannsson og Björgólfur Thor Björgólfsson, ættu að vera sáttir með stærstu fjárfestingu Burðaráss í Bretlandi

# Burðarás græðir einn milljarð

Burðarás er á leiðinni út úr Singer&Friedlander (S&F) eftir að KB banki gerði formlegt yfirtökutilboð í breska bankann. Burðarás á um 9,5 prósenta hlut í S&F sem hann eignaðist í ágúst í fyrra og er næststærsti eigandinn í S&F á eftir KB banka. Gera má ráð fyrir að Burðarás hagnist ágætlega á þessari fjárfestingu en tilboðið er rúmum fjórðungi hærra en meðalkaupverð Burðaráss á sínum tíma. Hlutur þessi var metinn í bókum félagsins á 5,1 milljarð króna um áramótin en er nú um 6,4 milljarða virði.

Kaupin vöktu athygli á sínum tíma, enda hafði KB banki komið sér þægilega fyrir í breska bankanum. Burðarás húkkaði sér far og veðjaði á að KB banki myndi taka yfir S&F.

Gengishagnaður af þessum viðskiptum er líklega um einn milljarður króna þegar tekið hefur verið tillit til styrkingar krónunnar gagnvart pundinu. - eþa



Markaðurinn/Gunnar

**PÚSSA STANGIR SÍNAR OG VÖÐLUR** Aukin eftirspurn eftir laxveiði hefur drifið veiðimenn áfram í að taka frá stangir í góðum ám á komandi laxveiðisumri.

# Laxveiðimennirnir keppast um árnar

## Bestu laxveiðiárnar eru löngu uppseldar. Norðurá opnar um næstu mánaðamót, fyrst áa sem SVFR hefur á leigu. Hækkanir í takt við verðlagsþróun, segja leigutakar.

Norðurá í Borgarfirði er fyrsta laxveiðiáin sem Stangaveiðifélag Reykjavíkur (SVFR) opnar. Verður það 1. júní næstkomandi. Lax-á opnar fyrst Blöndu 5. júní og Veiðiþjónustan Strengir opnar allar sínar laxveiðiár 1. júlí.

Leigutakar segja sölu veiðileyfa fara vel af stað í ár og bestu árnar séu þegar uppseldar.

„Það hefur gengið vel að selja veiðileyfi. Meira hefur verið selt nú í ár en á sama tíma í fyrra. Einnig hefur það hjálpað til að við opnuðum vefsölu á heimasíðu okkar mun fyrr en á síðasta ári," segir Páll Þór Ármann, framkvæmdastjóri SVFR.

Harpa Hlín Þórðardóttir, framkvæmdastjóri sölusviðs Lax-ár, tekur undir með Páli. Laxveiðimenn séu greinilega fyrr á ferðinni eftir gott laxveiðisumar í fyrra.

Þröstur Elliðason hjá Strengjum segir Hrútafjarðará eftirsóttasta hjá sér. Veiðileyfin þar séu löngu uppseld. Hjá SVFR eru Krossá, Svartá og Leirvogsá löngu uppseldar. Harpa segir að Miðfjarðará, Blanda og Rangárnar séu vinsælastar.

Öll segja þau breytilegt hvernig verð veiðileyfa hafi þróast milli ára. Páll segir að verð á leyfum hafi í mörgum tilfellum ekki hækkað umfram verðlagshækkanir. Dýrastar séu ár eins og Norðurá, Hítará og Laxá í Kjós þar sem boðið er uppá góða þjónustu.

Harpa segir að í flestum ám hafi orðið eðlileg vísitöluhækkun. Dýrast sé að veiða í Laxá á Ásum og er þá boðið upp á fulla þjónustu á besta tíma. Snemm- og síðsumars sé verðið mun lægra.

Þröstur segir Hrútá vera dýrasta af þeim ám sem hann bjóði veiðileyfi í. Hækkun leyfa sé mismikil milli ára. Litlar hækkanir hjá honum undanfarin ár kalli á meiri hækkanir nú. – bg

SKJALASKÁPAR
SKJALAPOKAR OG MILLIMÖPPUR
-og allt á sínum stað!



ÓLAFUR GÍSLASON & CO HF
Sundaborg 3 • sími 568 4800
www.olafurgislason.is

Flutningar án landamæra



Skútuvogur 12e · 104 Reykjavík · Sími 5 200 600 · Fax 5 200 601 · frakt@frakt.is · www.frakt.is

Fraktlausnir bjóða alhliða þjónustu í flutningum
Sveigjanleg og persónuleg þjónusta er okkar aðalsmerki. Starfsfólk Fraktlausna hefur mikla þekkingu á inn- og útflutningi og er það okkar helsti styrkleiki. Við bjóðum alla þjónustu sem snýr að vörusendingum milli landa. Þéttriðið flutninganet okkar breiðir sig um hnöttinn allan.

Fraktlausnir
Flutningar án landamæra

Vöruhús · Sjófrakt · Flugfrakt · Útflutningur · Tollskýrslugerð · Akstursþjónusta · Hraðsendingar




William Hewlett og David Packard
stofnendur Hewlett-Packard
við vinnuborðið árið 1959

# Samvinna = árangur

20 ÁR Á ÍSLANDI
+++1985-2005+++
OPIN KERFI
www.ok.is

## Til árangurs með okkur!

Í 20 ár hafa Opin kerfi þjónað fyrirtækjum og stofnunum á Íslandi. Einkunnarorð okkar eru þau sömu og stofnenda Hewlett-Packard: Samvinna og traust skila árangri. Hjá Opnum kerfum starfar fjöldi sérfræðinga sem vill starfa með þér og tryggja þannig hagkvæmustu og bestu lausnina fyrir þig og fyrirtækið þitt.

Sérfræðingar Opinna kerfa leggja ríka áherslu á að þú getir treyst tölvubúnaðinum og einbeitt þér að verkefnum þínum í starfi og náð hámarksárangri.

## Hewlett-Packard er í fyrsta sæti um allan heim:

- **#1** Blade netþjónar[1]
- **#1** Windows®, Linux® og UNIX netþjónar[2]
- **#1** SAN diska- og afritunarbúnaður[3]
- **#1** NAS diska- og afritunarbúnaður[3]
- **#1** Fartölvur[2]
- **#1** Borðtölvur[2]
- **#1** Lófatölvur[4]
- **#1** Bleksprautu- og geislaprentarar[4]
- **#1** Þjónusta við viðskiptavini[1]
- **#1** Viðskiptatryggð á netþjónum[5]
- **#1** EPA Evergreen viðurkenning fyrir umhverfisvæna stefnu[6]

OPIN KERFI

www.ok.is / Sími 570 1000

**Heimildir um markaðshlutdeild HP:** [1]Gartner, nóvember 2004. [2]IDC, febrúar 2005. [3]IDC, mars 2005. [4]IDC, Q3 2004. [5]Technology Business Research, október 2004. [6]www.epa.gov, febrúar 2005.

MÁTTURINN & DÝRÐIN 0405

| ÚTRÁSARVÍSITALA | | | | 100 | +0% |
|---|---|---|---|---|---|
| Fyrirtæki | Land | Gengi | Gjald-miðill | (Gengi gjaldmiðils) | Breyting |
| BTC | Búlgaría | 373 | Lev | (41,6) | – |
| Carnegie | Svíþjóð | 75 | SEK | (8,834) | – |
| deCode | Bandaríkin | 5,69 | USD | (63,1) | – |
| EasyJet | Bretland | 216,75 | GBP | (120,17) | – |
| Finnair | Finnland | 6,3 | EUR | (81,21) | – |
| French Connection | Bretland | 240,75 | GBP | (120,17) | – |
| Intrum Justitia | Svíþjóð | 49,9 | SEK | (8,834) | – |
| Low & Bonar | Bretland | 118,5 | GBP | (120,17) | – |
| NWF | Bretland | 445 | GBP | (120,17) | – |
| Scribona | Svíþjóð | 14,2 | SEK | (8,834) | – |
| Singer & Friedlander | Bretland | 310,25 | GBP | (120,17) | – |
| Skandia | Svíþjóð | 34,1 | SEK | (8,834) | – |
| Somerfield | Bretland | 197,5 | GBP | (120,17) | – |

Miðað við gengi bréfa og gjaldmiða 2. maí 2005

# Vilja stöðva yfirtöku

## Stuðningsmenn Manchester United vilja ekki að Bandaríkjamaður eignist félagið.

Bandaríski auðkýfingurinn Malcolm Glazer er nú langt kominn með að tryggja sér ráðandi hlut í Manchester United knattspyrnuliðinu. Aðdáendur eru allt annað en sáttir og hafa stofnað fyrirtæki til að berjast gegn yfirtökunni.

Glazer þarf að leggja fram endanlegt tilboð fyrir 17. maí en hann á nú þegar tæplega þrjátíu prósent í hinu sögufræga félagi. Aðdáendurnir hafa stofnað fyrirtækið Shareholders United og vija ná að minnsta kosti tíu prósenta hlut í fyrirtækinu en með því vilja þeir koma í veg fyrir að innlausnarskylda myndist – en þá myndi Glazer geta eignast allt félagið.

Shareholders United hefur haft samband við nokkra stærstu fjárfestana í United en enn sem komið er hefur félagið aðeins yfir tveimur prósentum hlutafjár að ráða. Stuðningsmennirnir hafa hins vegar tryggt sér stuðning nokkurra öflugra banka og ættu því að eiga möguleika á því að ná til sín stærri hlut. Shareholders United safnar nú hlutafjárloforðum til að styrkja stöðu sína en stjórnendur hyggjast svo nota hlutafé sitt sem tryggingu fyrir frekar lánum til aukinna kaupa. - þk



## SÖGUHORNIÐ

# Thatcher verður forsætisráðherra Bretlands

Þann 4. maí 1979 tók Margrét Thatcher við embætti forsætisráðherra í Bretlandi og varð fyrsta konan til að gegna embættinu. Hún var forsætiráðherra til 1990 þegar flokksmenn hennar felldu hana sem leiðtoga flokksins.

Hún var fyrsti breski forsætisráðherrann til að sitja þrjú kjörtímabil í Downingstræti 10, aðsetri breska forsætisráðherrans, frá því 1827 og er talin vera einn merkasti stjórnmálamaður síðustu aldar í Bretlandi.

Thatcher komst fyrst á þing árið 1959 þegar hún náði kjöri sem íhaldsmaður í Finchley kjördæminu í Norður-Lundúnum. Frami hennar í breskum stjórnmálum var skjótur. Hún varð skuggaráðherra árið 1967 í stjórnarandstöðu og árið 1970 var hún gerð að ráðherra mennta og vísinda í ráðuneyti Edwards Heath. Árið 1975 var hún kjörin leiðtogi Íhaldsflokksins. Þá var ólga í bresku samfélagi, verkföll tíð og efnahagur í lægð. Í kosningunum 1979 fóru íhaldsmenn fram undir kjörorðinu „Verkamannaflokkurinn er ekki að virka“ (Labour isn't working) og unnu sigur.

Helstu verkefni Thatcher í upphafi ferils sín var stórfelld einkavæðing á fjölmörgum sviðum atvinnulífsins en það hafði í auknum mæli fallið undir stjórn ríkisins á árunum eftir síðari heimsstyrjöld. Thatcher dró og verulega úr áhrifum breskra verkalýðsfélaga og hafði að stefnu að lækka ríkisútgjöld. Það gekk þó ekki eftir og voru ríkisútgjöld svipuð við lok valdatíma hennar og upphaf.



**JÁRNFRÚNNI LÍST EKKI Á BLIKUNA.** Margaret Thatcher mun hafa haldið í frí til útlanda í aðdraganda kosninganna í Bretlandi á morgun. Henni líst ekkert á möguleika flokkssystkina sinna í kosningunum enda hefur Íhaldsflokkurinn vart verið svipur hjá sjón síðan hún lét af forystu.

Snemma á valdaferli sínum stóð Thatcher frammi fyrir því að ákveða hvernig bregðast ætti við því þegar Argentínumenn hertóku Falklandseyjar. Thatcher ákvað að bregðast af fullri hörku við innrásinni og náði breski herinn eyjunum aftur á sitt vald. Þessi harka Thatcher í utanríkismálum náði ekki aðeins til heimsveldisins heldur einnig baráttunnar við kommúnismann.

Hún var mikill bandamaður Ronalds Reagan Bandaríkjaforseta, bæði í baráttunni við Austurblokkina og eins í almennu viðhorfi til hlutverks ríkisins. - þk

# Lofa minni skriffinnsku

## Úrslit bresku kosninganna hafa lítil áhrif á viðskiptalífið.

Mikil áhersla er lögð á fyrirtæki og viðskipti í komandi þingkosningum í Bretlandi en úrslit kosninganna eru ekki talin hafa mikil áhrif á efnahagsástandið þar. Kosningaloforð flokkanna eru svipuð og boða eingöngu smávægilegar breytingar. Því hafi kjósendur í raun úr litlu að velja og áhrif kosninganna verði eftir því.

Tony Blair segir efnahagsmál vera aðalatriðið í þessum kosningum. Líklegt er að hann vilji beina sjónum almennings frá Írakstríðinu með því að leggja áherslur á efnahagsstöðugleika og boðar hann betri tíð.

Það sem einna helst íþyngir bresku viðskiptalífi er skriffinnska og eftirlit. Bæði Verkamannaflokkurinn og Íhaldsflokkurinn lofa umbótum í þeim efnum. Eitt af kosningaloforðum Verkamannaflokksins er að fækka eftirlitsstofnunum úr 31 í 7. Mjög erfitt er að stofna fyrirtæki í Bretlandi og bælir það niður frumkvöðlastarfsemi og vilja fólks til að hefja rekstur fyrirtækis. Lítil fyrirtæki eiga að vera uppspretta hagnaðar og nýsköpunar. Því er mjög mikilvægt að auðvelda stofnun þeirra og með því að lofa að draga úr skriffinnsku ætla flokkarnir að stuðla að því. Verkamannaflokkurinn er sagður hafa verið hliðhollur stærri fyrirtækjunum á kostnað þeirra smærri og sjáist það best á sterkri stöðu fyrirtækja í dag.

Síðustu þrettán ár hefur hagvöxtur verið nokkuð stöðugur í Bretlandi en verkamannaflokkurinn hefur verið við völd undir stjórn Tonys Blair síðustu átta ár.

Blair hefur verið sakaður um að vera of mikið til hægri í stjórnmálum. Andstæðingar flokksins rökstyðja það með þeirri staðreynd að stór fyrirtæki hafa verið að vaxa á kostnað þeirra minni. Einnig er bent á að Verkamannaflokkurinn hafi samþykkt upptöku skólagjalda á háskólastigi.

Allir flokkarnir boða aukin ríkisútgjöld en mismikla aukningu á þeim í framtíðinni. Viðskiptahalli Bretlands hefur stöðugt verið að aukast. Verðbólga hefur verið lág að undanförnu og vextir að sama skapi og vilja stuðningsmenn Verkamannaflokksins meina að það sé efnahagsstjórn flokksins að þakka. Aðrir segja að efnahagsþróunin í löndunum kringum Bretland hafi kallað á þær breytingar sem hafi verið að undanförnu.

Íhaldsflokkurinn lofar skattalækkunum en í Economist segir að þær skattalækkanir séu svo litlar að þær séu innan skekkjumarka.

Í skoðanakönnun sem birtist á vef Financial Times fyrr í vikunni kemur fram að 63 forstjórar hafi skrifað blaðinu bréf og lýst yfir stuðningi við Verkamannaflokkinn. Þeir segja að það ógni stöðugleikanum að kjósa stjórnarandstöðuna. Á sama vef er skoðanakönnun um það hvaða flokk lesendur telji bestan fyrir viðskiptalífið. Um helmingur telur að Íhaldsflokkurinn muni reynast því best og 36 prósent Verkamannaflokkurinn. Greinilega er því uppi skiptar skoðanir um hvaða flokkur styðji best við viðskiptalífið. - dh



Fréttablaðið/Reuters

**VERKAMANNAFLOKKURINN ÆTLAR AÐ FÆKKA EFTIRLITSSTOFNUNUM** Tony Blair forsætisráðherra Bretlands.

**Í skoðanakönnun sem birtist á vef Financial Times fyrr í vikunni kemur fram að 63 forstjórar hafi skrifað blaðinu bréf og lýst yfir stuðningi við Verkamannaflokkinn.**





”Þú færð helmingi lægri yfirdráttarvexti í sex mánuði ef þú óskar eftir tilboði í bankaviðskipti hjá Netbankanum“

Horfðu til framtíðar og fáðu tilboð í bankaviðskipti við Netbankann. Netbankinn býður betri vexti á yfirdrætti og lífeyrissparnaði, fjölbreytt lánaúrval og persónulega þjónustu. Netbankinn er fyrir fólk sem er annt um tímann og peningana.

Hafðu samband við þjónustufulltrúa í síma 550 1800 eða sæktu um tilboð á www.nb.is. Þér verður vel tekið!

www.nb.is

Netbankinn – með betri vexti

Himinn og haf / SÍA

Tap á rekstri konungsfjölskyldunnar

# Kostar danska ríkið hátt í milljarð

Danska konungsfjölskyldan tapaði 185 milljónum íslenskra króna í fyrra. Stærsti útgjaldaliðurinn var brúðkaup krónprinsins og hinnar áströlsku Mary Donaldson. Tekjur konungsfjölskyldunnar koma að langstærstum hluta frá ríkinu og kostaði konungsfjölskyldan Dani hátt í 900 milljónir íslenska króna á síðustu níu mánuðum ársins.

Annar kostnaður sem talinn er til er viðhaldskostnaður á Fredensborgarhöllinni sem og nýr bíll krónprinsins.

Í dönskum fjölmiðlun er spurt að því hvort konungsfjölskyldan sé peningana virði.

Er þetta í fyrsta skipti sem konungsfjölskyldan birtir ársreikning sinn en hann nær aðeins yfir níu mánuði ársins því að rekstrarárinu hefur verið breytt. Rekstrarárið er nú almanaksárið. Ársreikningurinn er prýddur margvíslegum upplýsingum um konungsfjölskylduna og með myndum af fjölskyldunni og helstu starfsemi líkt og um venjulegt fyrirtæki sé að ræða. Uppgjöri konungsfjölskyldunnar er skipt í tvennt, annars vegar í rekstur krónprinsins og hins vegar í rekstur konungsfjölskyldunar. - dh



Fréttablaðið/NordicPhotos/Getty Images

**BRÚÐHJÓNIN** Mary Donaldson og Friðrik krónprins Dana.

Statoil:

# 65 prósent í skatt

Norski olíurisinn Statoil hagnaðist um 200 milljarða króna fyrir skatta á fyrstu þremur mánuðum ársins. Hagnaður tímabilsins eftir skatta var um 68 milljarðar króna og jókst um 44 prósent frá sama tíma í fyrra. Félagið greiðir um 130 milljarða í skatta til norska ríksins. Meginástæða góðrar afkomu er hátt heimsmarkaðsverð á eldsneyti.

Norska ríkið er langstærsti eigandi Statoil með 70 prósenta hlut. Hlutabréf Statoil hækkuðu við tíðindin, enda var uppgjörið betra en búist var við. - eþa

# Barist um háloftin

Hörð barátta Boeing og Airbus.

Helstu framleiðendur farþegaflugvéla í heiminum, evrópska Airbus fyrirtækið, og bandaríska fyrirtækið Boeing, standa nú í hatrammri baráttu um viðskipti við flugfélög heims.



Í síðustu viku tókst A380 vélin, stærsta farþegaflugvél heims, á loft í fyrsta sinn. Á sama tíma tilkynnti Boeing um þrjár risastórar vélapantanir. Boeing hefur lagt áherslu á að framleiða langdrægar vélar á meðan Airbus veðjar á að á næstu áratugum verði meiri þörf á vélum sem taka mikinn fjölda farþega.

Ljóst er að bæði félög hafa lagt í miklar fjárfestingar og öllu er tjaldað til í því skyni að selja sem flestar pantanir.

Í nýjasta tölublaði Economist segir að þrjár stjórar pantanir á nýjustu vélum Boeing ættu að vekja ugg hjá stjórnendum Airbus enda eru Boeing pantanirnar frá fyrirtækjum sem hingað til hafi valið Airbus. - þk

# USA Today í flestum eintökum

USA Today er það dagblað í Bandaríkjunum sem hefur hvað mesta útbreiðslu. Í lok síðasta mánaðar hafði meðalupplag blaðsins verið 2,3 milljón eintök síðastliðna sex mánuði. Þar á eftir er The Wall Street Journal mest lesið og hafa þessi tvö blöð yfirburði hvað varðar daglega dreifingu.

Í þriðja sæti er New York Times með rúmlega milljón eintök að meðaltali í hverju upplagi. Önnur blöð eru prentuð í færri eintökum.

Samdráttur í dreifingu dagblaða í Bandaríkjunum var 1,9 prósent yfir sex mánaða tímabil. Er það einn mesti samdráttur undanfarin ár. – bg

**TÍU STÆRSTU DAGBLÖÐ BANDARÍKJANNA***

| | | |
|---|---|---|
| 1. | USA Today | 2.300 |
| 2. | The Wall Street Journal | 2.100 |
| 3. | The New York Times | 1.100 |
| 4. | Los Angeles Times | 908 |
| 5. | The Washington Post | 752 |
| 6. | New York Daily News | 736 |
| 7. | New York Post | 678 |
| 8. | Chicago Tribune | 574 |
| 9. | Houston Chronicle | 528 |
| 10. | San Francisco Chronicle | 469 |

*Í þúsundum eintaka



# Rifist um Darwin og uppruna tegundanna

**Íhaldsmenn í Bandaríkjunum vilja ekki að börnum sé kennt að dýr hafi þróast heldur að þau hafi birst fullsköpuð á jörðinni.**

Yfirvöld menntamála í bandaríska fylkinu Kansas fara um þessar mundir í saumana á því hvort breyta skuli áherslum í vísindakennslu í skólum. Íhaldsmenn vilja margir að kennd verði sköpunarsagan úr biblíunni frekar en þróunarkenning Darwins.

Fyrir sex árum vakti það mikla athygli þegar yfirvöld skóla í fylkinu tóku ákvörðun um að þróunarkenningin yrði alls ekki kennd. Þess í stað yrði því haldið fram að dýrategundur nútímans hefðu sprottið fram fullmótaðar í heiminn. Nú hafa íhaldsmenn á ný náð meirihluta í kennslumálanefnd fylkisins og hyggjast taka til hendinni við að hrekja þróunarkenninguna á þingnefndarfundum.



**VORU RISAEÐLURNAR TIL** Hörðustu andstæðingar þróunarkenningarinnar halda því fram að steingervingar risaeðla séu einfaldlega blekking sem ætlað sé að grafa undan sköpunarsögu biblíunnar.

Fjölmörg samtök vísindamanna hafa fengið boð um að flytja vitnisburð fyrir nefndinni en vísindamennirnir ætla ekki að láta sjá sig. Þeir líta svo á að hugmyndin um að kenna sköpunarsöguna sé svo fjarstæðukennd að engin þörf sé á að ræða hana frekar – allra síst við íhaldssama stjórnmálamenn sem vilja skoða vísindin út frá trúarlegum forsendum. - þk

# Nokia símar með MP3



**Næsta kynslóð á Nokia símum hefur innbyggðan harðdisk sem getur geymt allt að fjórum gígabætum af gögnum. Þetta er svipað magn og á iPod mini spilaranum.**

**Gert er ráð fyrir að síminn verði kominn á markað fyrir árslok en ásamt MP3 spilaranum verður síminn með innbyggðri myndavél og margvíslegum skrifstofuhugbúnaði eins og dagatali og utanumhaldi um tengiliði.**

**Fleiri símar úr N-línunni munu koma á markað í ár en áætlanir Nokia gera ráð fyrir töluverðum vexti í sölu farsíma.** - þk

# Geimflugi spáð miklum hæðum

Stjórnendur fyrirtækja sem undirbúa ferðamannaiðnað í geimnum eru sannfærðir um að bransinn muni vaxa stjarnfræðilega strax á fyrstu árunum þegar almenningi verður boðið að kaupa slíkar ferðir.



Burt Rutan, sem hannaði SpaceShipOne, telur að eftir rúman áratug muni yfir hundrað þúsund manns kaupa geimferðir sér til dægrardvalar. Ferðirnar verða að öllum líkindum mjög stuttar. Fólki verður skotið upp og það upplifir þyngdarleysi í nokkrar mínútur, fær mjög gott útsýni yfir bláu plánetuna og lendir skömmu síðar.

Stjórnendur fyrirtækja í geimbransanum óttast þó að stjórnvöld muni setja svo strangar reglur um geimflug að slíkar ferðir verði of dýrar til að þær standi undir sér. - þk

Leyndardómur um Gíbraltarapa:

# Voru fluttir frá Afríku

Aðeins á einum stað í Evrópu lifa apar í villtri náttúru. Þetta er á grjótklettinum Gíbraltar við mynni Miðjarðarhafsins. Vísindamenn hafa lengi velt vöngum yfir uppruna þessara frænda okkar mannfólksins en nú hafa nýjar upplýsingar komið á daginn.

Gíbraltar er bresk nýlenda og gegndi mikilvægu hernaðarlegu hlutverki í síðari heimsstyrjöldinni. Þá var aðeins vitað um þrjá apa á svæðinu en samkvæmt hjátrú á svæðinu myndu Bretar missa Gíbraltar ef aparnir dæju út.

Til að bregðast við þessu tók Winston Churchill forsætisráðherra Bretlands ákvörðun um að láta flytja stóran hóp apa frá Alsír og Marokkó til Gíbraltar, enda eru þar enn apar og ekki misstu Bretar stjórn á klettinum í heimsstyrjöldinni. - þk



Fréttablaðið/NordicPhotos/Getty Images

**APAR Á GÍBRALTAR** Churchill lét flytja apa á klettinn þar sem hjátrú sagði að Bretar misstu Gíbraltar ef aparnir dæju út.

# Skoðanakannanir að færast yfir á netið

**Símakannanir hafa um áratugaskeið verið taldar besta leiðin til að mæla skoðanir og viðhorf fólks. Netkannanir hafa slæmt orð á sér en vera má að þær séu framtíðin.**

**Þórlindur Kjartansson**
skrifar

Skoðanakannanir og ýmiss konar viðhorfskannanir meðal almennings og afmarkaðra hópa geta verið uppspretta verðmætra upplýsinga. Í stjórnmálum er fylgst grannt með því hvernig viðhorf almennings til manna, málefna og flokka breytist og í verslun og viðskiptum eru slíkar kannanir ekki síður mikilvægar.

Um áratugaskeið hafa símakannanir verið taldar áreiðanlegasta tækið til þess að meta skoðanir fólks á hinum ýmsu málum. Nú kann hins vegar að verða breyting þar á og netið að taka við.

„Það sem hefur verið meginvandamálið við netkannanir er stjórnun á úrtakinu. Það er svo mikið lykilatriði að það hefur komið vondu orði á netkannanir yfirleitt. Ef þú hefur ekki stjórn á úrtakinu þá veistu ekki hvað þú hefur í höndunum,“ segir Hafsteinn Már Einarsson hjá IMG Gallup.

Við framkvæmd skoðanakönnunar er ákaflega mikilvægt að þess sé gætt að hópurinn sem svarar sé mjög líkur því sem almennt gerist – með öðrum orðum að úrtakið sé handahófskennt. Þetta er miklum mun mikilvægara heldur en að úrtakið sé stórt. Það er til dæmis ekki talið að mikið sé að marka kynlífskannanir Durex-smokkafyrirtækisins, sem gerðar eru á netinu og vekja mikla athygli, þótt gríðarlegur fjöldi svari spurningum fyrirtækisins á heimasíðu þess. Ástæðan er sú að ekki er talið líklegt að þeir sem heimsækja heimasíðu Durex séu dæmigerðir fyrir allan almenning.

Til þess að tryggja að könnun endurspegli viðhorf alls almennings þarf ekki aðeins að tryggja að úrtakið sé handahófskennt heldur þurfa að berast svör frá hópi sem einnig endurspeglar almenning. Miðað hefur verið við að símakannanir séu áreiðanlegar ef sjötíu prósent af heildarúrtakinu svara en á síðustu árum hefur orðið stöðugt erfiðara að ná sambandi við fólk og því hefur svarhlutfallið lækkað. „Við sjáum að það eru hópar sem er erfiðara að ná í. Fólk er mikið erlendis og er ekki mikið heima hjá sér,“ segir Hafsteinn.



Fréttablaðið/E.ÓL

**HAFSTEINN MÁR EINARSSON** IMG Gallup notast bæði við símaog netkannanir og vinnur að því að bæta áreiðanleika kannana á netinu.

Vegna þessarar þróunar er nú unnið að því að nálgast fólk með öðrum hætti. Art Schalk, hjá Outcome.is sem meðal annars selur hugbúnað til skoðanakannana, segir að nú sé svo stór hluti Íslendinga nettengdur að útsendir spurningalistar á tölvupósti séu raunhæfur möguleiki. Nýlega gerði Reykjanesbær samning við Outcome um þjónustu sem felur meðal annars í sér að kannanir verða gerðar á netinu til að leiðbeina bæjaryfirvöldum í ákvarðanatöku.

Art segir að vissulega séu annmarkar á netkönnunum. „Svarhlutfallið hefur lækkað í símakönnunum og almenningur virðist vera tilbúinn að taka þátt í rafrænum könnunum. Með þróun þessarar tækni getur hún orðið jafngóð og símakannanir,“ segir hann.

Hafsteinn Már segir að hjá IMG Gallup hafi einnig átt sér stað þróun í þá átt að gera kannanir á netinu sem gefi jafn áreiðanlegar niðurstöður og símakannanir.



Fréttablaðið/Vilhelm

**ART SCHALK** Outcome.is framleiðir meðal annars hugbúnað sem gerir notendum kleift að gera kannanir og býr yfir stóru safni af netföngum sem hægt er að nýta.

# Tölvupóstur verri en hass

**Stöðugt áreiti frá síma og tölvupósti lækkar greindarvisitölu meira en hass.**

Stöðugt áreiti í formi símhringinga, tölvupósts og smáskilaboða hefur ekki aðeins truflandi áhrif á vinnu heldur dregur það beinlínis úr hæfileika fólks til að leysa úr verkefnum.

Ný rannsókn, sem sagt er frá í New Scientist, leiðir í ljós að greindarvísitala manna lækkar um tíu stig þegar þeir eru í umhverfi þar sem þeir verða fyrir stöðugu áreiti í formi tölvupósts og símhringinga. Gildir einu hvort þeir svari símanum eða lesi tölvupóstinn. Það að vita af áreitinu er nóg til þess að lækka greindarvísitöluna.

Borinn var saman hæfileiki manna til að leysa þrautir annars vegar í venjulegu skrifstofuumhverfi og hins vegar í algjörri kyrrð.

Í rannsókninni kom í ljós að heimska karlmanna eykst helmingi meira en heimska kvenna þegar áreitið er til staðar.

Niðurstaðan er áhugaverð meðal annars í ljósi þess að nýlega var gerð sambærileg rannsókn þar sem tilraunadýr voru fengin til að leysa þrautir undir áhrifum kannabisefna. Sú rannsókn leiddi í ljós að greindarvísitala lækkar um fimm stig þegar menn eru undir slíkum áhrifum. – helmingi minna en þegar þeir eru undir stöðugu upplýsingaáreiti í venjulegu skrifstofuumhverfi. - þk



Fréttablaðið/Nordic Photo/Getty Images

**DREGUR ÚR GREIND** Mun erfiðara er að leysa flókin verkefni undir áreiti frá síma og tölvupósti heldur en í umhverfi þar sem algjör kyrrð ríkir.

## Enginn veit hví froskarnir springa

Froskar í Hamborg í Þýskalandi hafa margir orðið fyrir því óláni á síðustu vikum að blása upp og springa. Vitað er um meira en þúsund tilfelli þessa.

Öll tilfellin hafa átt sér stað umhverfis tjörn nokkra í borginni en vísindamenn er enn sem komið er grunlausir um hverjar ástæðurnar séu.

Rannsóknir á vatninu og umhverfi hafa ekki leitt í ljós neitt óeðlilegt og froskarnir virðast ekki vera veikir. Íbúum í Hamborg hefur verið ráðlagt að vera ekki á ferli í kringum tjörnina en enginn þeirra hefur blásið út og sprungið. **- þk**

# Steve Jobs í hefndarhug

### Refsar útgáfufélagi fyrir útgáfu ævisögu.

Steve Jobs, forstjóri Apple, er lítt hrifinn af því uppátæki útgáfufélagsins Wiley & Sons að gefa út ævisögu forstjórans. Í hefndarskyni hefur hann lagt bann við því að bækur útgáfufélagsins séu seldar í verslunum Apple.

Höfundur bókarinnar, Jeffrey Young, veit ekki hvaðan á sig stendur veðrið og heldur því fram að ævisagan sé að mestu leyti mjög jákvæð í garð viðfangsefnisins. „Ég hélt að bókin væri mjög jákvæð. Í henni er fjallað um einkalíf Jobs og baráttu hans við krabbamein. Ég myndi ekki segja að neitt í henni sé hneykslanlegt. Þetta kemur mér allt í opna skjöldu,“ segir Young í viðtali við AP fréttastofuna.

Fjölmargar bækur um tækni- og tölvumál frá útgáfufélaginu hafa verið seldar í verslunum Apple og segjast útgefendurnir vonsviknir yfir afstöðu Apple í málinu en segjast munu standa með höfundi ævisögunnar þrátt fyrir óþægindin. **- þk**



Fréttablaðið/Nordic Photo/Getty Images

**SKAPSTÓR FORSTJÓRI** Vill ekki að ævisaga um sig komi út og neitar að selja bækur frá útgefandanum í Apple búðum.

# Borgarnetið fær nafnið MetroNet

MetroNet er ný lausn í gagnaflutningum sem Og Vodafone og Orkuveita Reykjavíkur standa að. Um er að ræða nýja kynslóð IP Borgarnets sem tryggir flutning á þjónustu um ljósleiðara og kopar. Má þar nefna háhraðanettengingu, talsímaþjónustu, samtengingu fyrirtækjaneta, myndfundi, hýsingarþjónustu og upplýsinga- og sjónvarpsefni.

Lína.Net, sem var dótturfyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur, stóð að uppbyggingu Borgarnetsins á sínum tíma. Og Vodafone og Orkuveita Reykjavíkur hafa sameinast um rekstur og frekari uppbyggingu Borgarnetsins undir nýju heiti: MetroNet.



**NOTENDUR ÞURFA SÍFELLT MEIRI HRAÐA**

Örn Orrason, framkvæmdastjóri fjarskiptasviðs Og Vodafone, segir MetroNetið í raun vera grunn að gagnaflutningum fyrir öll fyrirtæki. „Þau kaupa einn tengil inn á netið fyrir alla kerfisþjónustu í nánustu framtíð og skiptir þá ekki máli hvort það er um kopar eða ljósleiðara,“ segir hann. **- dh**

# Gríðarlegur vöxtur í netauglýsingum

Búist er við að samanlagðar auglýsingatekjur tveggja stærstu netfyrirtækjanna, Google og Yahoo, verði svipaðar og samanlagðar auglýsingatekjur þriggja stærstu bandarísku sjónvarpsstöðvanna; ABC, CBS og NBC.

Google tók upp á þeirri nýjung í síðustu viku að hefja uppboð á auglýsingum. Þegar slegin eru inn leitarorð í Google birtast auglýsingar í hliðardálki í samræmi við það eftir hverju er leitað. Þetta getur í mörgum tilvikum verið mjög góð auglýsing. Til dæmis getur verið afar heppilegt að birta auglýsingu frá hóteli í Bangkok þegar leitað er eftir upplýsingum um ferðamennsku í Tælandi.

Netfyrirtæki á borð við Google búa yfir gríðarlegu magni upplýsinga um netnotkun og geta því leiðbeint auglýsendum og greint markhópa á mun nákvæmari hátt en hægt er að gera í venjulegum ljósvaka- og dagblaðaauglýsingum. **- þk**



**HORFT TIL FRAMTÍÐAR** Mosaic Fashions stefnir að örum vexti á næstu árum. Derek Lovelock og hans fólk stefna að því að gera vörumerki tískukeðjunnar þekkt um allan heim. Mosaic rekur 600 verslanir víða um heim og stefnt er að því að sala fyrirtækisins verði yfir fimmtíu milljarðar á yfirstandandi ári og hagnaður fyrir afskrif


Fréttablaðið/Vilhelm

# Kauphöllin kemst í tísku

Skráning Mosaic Fashions í Kauphöll Íslands er góð tíðindi fyrir fyrirtækið og Kauphöll Íslands. Hagnaður Mosaic fyrir afskriftir og fjármagnsliði er svipaður og hjá Símanum. Gert er ráð fyrir að verðmæti félagsins við skráningu á markað verði hátt í fjörutíu milljarðar króna. *Hafliði Helgason* fjallar um fyrirtækið og skráninguna.

Skráning tískukeðjunnar Mosaic Fashions sætir tíðindum, bæði fyrir fyrirtækið sjálft, aðaleiganda þess og íslenska markaðinn. Ekki hefur verið skráð nýtt fyrirtæki í Kauphöllina frá því að Flaga fór á markað og þrátt fyrir verðmætaukningu félaga í Kauphöllinni og útgáfu nýs hlutafjár á síðasta ári hefur umræðan um Kauphöllina fremur einkennst af afskráningu fyrirtækja en nýskráningu.

Sama má segja um Baug sem hefur keypt fyrirtæki í Bretlandi og skráð þau af markaði. Nú kemur fyrirtækið með félag á markað sem það hefur unnið að uppbyggingu á undanfarin misseri. Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, segir Mosaic of lítið til þess að ná þeirri athygli sem það verðskuldar á breska markaðnum. „Reynslan sýnir að góð fyrirtæki í smásölugeiranum fá ekki þá athygli sem þau eiga skilið nema að veltan sé yfir milljarð punda.“ Hann segir að við það bætist að stíft sé horft á fyrirtæki í smásölu á breska markaðnum og fjölmiðlar hafi mikinn áhuga á félögum í greininni. „Menn hafa barið þessi félög sundur og saman fyrir lítilsháttar frávik í rekstrinum.“ Hann segist búast við að skráning Mosaic hér á landi muni vekja talsverða athygli í Bretlandi. „Fjölmiðlar gerðu mikið úr því að rússnesk verslunarkeðja skráði sig á markað í London og þá töluðu menn um að London væri miðstöð hlutabréfa í heiminum.“

**ALÞJÓÐLEG TÍSKUKEÐJA**

Baugur keypti Oasis árið 2003 og endurfjármagnaði félagið. Oasis keypti síðan Karen Millen og úr varð fyrirtækið Mosaic sem á fjórar tískukeðjur: Oasis, Karen Millen, Whistles og Coast. Hlutfjárútboðinu nú, ásamt skuldbréfaútboði, er ætlað að endurfjármagna og lækka skuldir og þar með fjármagnskostnað fyrirtækisins. Mosaic rekur 600 verslanir og er með á sjötta þúsund starfsmenn. Jón Ásgeir segir Baug og aðra stærstu fjárfesta ekki á leið að yfirgefa félagið. Núverandi eigendur hyggjast ekki selja neitt af sínum hlut og nýtt hlutafé er hrein viðbót. Hann segir stefnuna setta á vöxt. Enn séu þónokkur vaxtartækifæri fyrir einstök merki Mosaic í Bretlandi, en Mosaic ætli sér stóra hluti sem alþjóðleg verslunarkeðja. „Við viljum sjá félagið í sambærilegum hópi og alþjóðlegar verslunarkeðjur eins og Hennes og Mauritz.“

**GAMALREYNDUR Í TÍSKUNNI**

Derek Lovelock, forstjóri Mosaic, er gamalreyndur í tískubransanum og hefur starfað við tískuverslun í yfir þrjátíu ár. Hann hefur lagt áherslu á að fjögur vörumerki bjóði upp á meiri stöðugleika í rekstri. Endrum og sinnum komi það fyrir hjá einstöku vörumerki að vörulína hitti ekki í mark. Sem dæmi um þetta er NEXT þar sem vörulína brást algjörlega eitt tímabilið. Líkurnar á að slíkt gerist hjá fleirum en einu merki á sama tíma eru hins vegar litlar. Undir þetta tekur Meg Lustman, framkvæmdastjóri stefnumörkunar hjá Mosaic. „Við værum tæplega að tala um skráningu á markað ef Karen Millen og Whistles hefðu ekki verið keypt inn í samstæðuna.“ Bretland er langstærsta markaðssvæði Mosaic, stendur fyrir 78 prósent af sölu fyrirtækisins. Mosaic er með tveggja prósenta markaðshlutdeild í Bretlandi. „Við sjáum tækifæri í Bretlandi, sérstaklega hjá Whistles og Coast.“

Vöxtur hagnaðar fyrir afskriftir og fjármangsliði hefur verið 27 prósent að meðaltali undanfarin þrjú ár. Söluaukningin hefur numið þrettán prósentum á sama tímabili.

**KÍNA OG NORÐUR EVRÓPA**

Derek Lovelock segir spennandi að kynna fyrirtækið fyrir íslenskum fjárfestum. „Þau viðbrögð sem við höfum fengið eftir komuna eru frábær. Ég held að við höfum vanmetið mikilvægi þessarar skráningar fyrir kauphöllina hér. Við höfum að sjálfsögðu verið upptekin af mikilvægi skráningarinnar fyrir Mosaic.“

Karen Millen og Oasis hafa verið að hasla sér völl á alþjóðamarkaði. Til að mynda eru 34 Oasisbúðir í Kína. Derek segir að Oasis sé einnig mjög sterkt merki á Norðurlöndum. „Norður Evrópa hentar okkur vel því við þurfum litlu að breyta í vörulínum okkar fyrir þann markað. Í Kína stefnum við að því að Oasisbúðir verði komnar yfir hundrað vorið 2006. Það er stór fjárfesting og mikil tækifæri.“ Hann segir Karen Millen sérlega evrópskt merki. „Karen Millen gengur óvenjulega vel í Bandaríkjunum, miðað við að það er breskt merki.“

**Stærstu hluthafar Mosaic eftir hlutafjárútboð**

| | |
|---|---|
| Baugur | 36,6% |
| KB banki | 9,8% |
| Derek Lovelock | 7,9% |
| Kevin Stanford | 6,4% |
| Karen Millen | 6,4% |
| Richard Glanville | 4,0% |
| Jane Woolf | 3,4% |
| Kaupthing Lux. | 3,0% |
| Zaboo Ltd. | 2,7% |
| Meg Lustman | 1,4% |
| Aðrir | 5,4% |
| Nýtt hlutafé | 13,0% |

Baugur verður áfram stærsti hluthafinn í Mosaic með 36,6 prósenta hlut eftir hlutafjáraukninguna. Derek segir fyrirtækið njóta eigandans í að koma að verslunum í öðrum fjárfestingum fyrirtækisins svo sem Magasin du Nord. „Sú búð hefur farið geysilega vel af stað.“

**VERÐIÐ SAMBÆRILEGT**

Derek Lovelock vefst ekki tunga um tönn þegar hann er spurður hvers vegna Íslendingar ættu að fjárfesta í Mosaic Fashions. „Það sem gerir okkur sésök, fyrir utan að verða eina smásölufyrirtækið á markaði hér, er að með skráningunni opnast tækifæri til þess fyrir fjárfesta að eignast hlut í tískukeðju um leið og áhættan er minnkuð með því að fjögur sterk vörumerki eru innan fyrirtækisins.“

Stjórnendur Mosaic eru spenntir að sjá hvernig breskir fjölmiðlar og markaðsaðilar muni bregðast við því að félagið verði skráð á Íslandi. Richard Glanville, fjármálstjóri segir að eflaust muni einhverjir telja að þeir komi hingað vegna þess að þeir fái gott verð fyrir hlutabréfin. „Það er alls ekki raunin og verðbilið er ekki miðað við það. Verðið á bréfunum er sambærilegt við það sem gengur og gerist í Bretlandi. Við viljum sjá bréfin hækka eftir að þau hafa verið skráð.“ Eftir skráningu verður það markaðarins að meta fyrirtækið. Vilji Mosaic auka hlutafé í framtíðinni til þess að mæta fjárfestingum við frekari vöxt fyrirtækisins mun það gert á grundvelli þess verðmiða sem markaðurinn hefur sett á félagið.

Skráning Mosaic er ekki síður spennandi fyrir Kauphöll Íslands. „Í fyrsta lagi er skráningin ánægjuefni vegna þess að ekki hefur verið mikið um nýskráningar undanfarin misseri. Mosaic er fyrsta félagið af nokkrum sem við gerum ráð fyrir að verði skráð á næstunni,“ segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar. „Þetta sýnir að markaðurinn hér er öflugur og þessi skráning gæti rutt brautina fyrir skráningu annarra erlendra félaga.“


CISCO SYSTEMS
Premier Certified Partner
ALLIR KJÓSA ÖRYGGI
Er þráðlausa netkerfið í fyrirtækinu öruggt fyrir árás?
Mörg fyrirtæki hafa innleitt þráðlaus netkerfi. Ný könnun hefur sýnt að helmingur þráðlausra netkerfa er lítið eða ekkert varinn fyrir utanaðkomandi aðgengi.*
Hættan við óvarið þráðlaust netkerfi:
• Misnotkun á netsambandi
• Þjófnaður á upplýsingum
• Árás á tölvukerfi fyrirtækis
Sérfræðingar Tæknivals í öryggismálum bjóðast til að meta ástand þráðlausra netkerfa í fyrirtækjum og koma með tillögur að úrbótum.
Hafðu samband í síma 550-4000,
eða sendu tölvupóst á lausn@taeknival.is til að fá nánari upplýsingar.
(*samkvæmt könnun norska ríkissjónvarpsins)
Tæknival
SKEIFUNNI 17
SÍMI: 550 4000
www.taeknival.is
FABRIKAN

# Kauphallarflaggskipin týna



**Á fimmta tug milljarða króna hefur verið varið til að yfirtaka og afskrá sjávarútvegsfélög frá ársbyrjun 2004. Mikil skuldsetning stendur nýsköpun í greininni fyrir þrifum. *Eggert Þór Aðalsteinsson* fjallar um vanda sjávarútvegsfélaga á hlutabréfamarkaði.**

Á upphafsárum hlutabréfamarkaðarins á Íslandi léku sjávarútvegsfélög stórt hlutverk og voru vinsæll fjárfestingakostur. Flest urðu útgerðarfélögin árið 1999 þegar 24 fyrirtæki voru skráð í Kauphöllinni. Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan en í dag eru aðeins þrjú hefðbundin sjávarútvegsfyrirtæki eftir í Kauphöllinni, HB Grandi, Vinnslustöðin og Þormóður rammi – Sæberg.

Í árslok 2003 voru fimmtán félög innan vísitölu sjávarútvegs og nam markaðsvirði þeirra um 75 milljörðum króna. Nákvæmlega ári síðar hafði félögum í vísitölunni fækkað í tíu en markaðsvirði aukist um tólf milljarða króna. Þróunin hefur verið félögum innan vísitölunnar mjög óhagfelld á þessu ári. Hraðfrystistöð Þórshafnar og Tangi hafa verið afskráð á þessu ári og fljótlega bætist Samherji, sem er 20 milljarðar að markaðsvirði, í hópinn. Eftir í vísitölunni verða því Fiskeldi Eyjafjarðar, Fiskmarkaður Íslands, HB Grandi, SH, SÍF, Vinnslustöðin og Þormóður rammi – Sæberg.

**ÚR TÍSKU**

Fjölmargar skýringar eru gefnar fyrir því af hverju sjávarútvegur datt úr tísku sem fjárfestingarkostur. Friðrik Már Baldursson tók saman nokkra þætti sem skýra áhugaleysi fjárfesta fyrir greininni og kynnti á ráðstefnu Kauphallar Íslands um sjávarútveg í nóvember síðast liðnum. Hann nefndi meðal annars að lítill seljanleiki hlutabréfa fylgdi litlum félögum, arðsemi sjávarútvegsfyrirtækja væri lág og sveiflukennd, markaðsvirði hefði hækkað mun minna en í öðrum geirum sem þættu meira spennandi, sjávarútvegsfélög væru á litlum vaxtarmarkaði en greiddu samt lítinn arð og síðast en ekki síst sú pólitíska umræða sem einkenndi fiskveiðistjórnunarkerfið.

Friðrik Már benti á að greinin sé háð ýmsum þáttum sem takmarki aðgang og vöxt hennar. Einstökum útgerðum er óheimilt að fara yfir ákveðið hámark aflaheimilda í hverri tegund, kvótaþak takmarkar aðgang allrar greinarinnar að fiskimiðunum og beinar erlendar fjárfestingar eru óheimilaðar.

**SLÖK ÁVÖXTUN**

Hlutabréf í sjávarútvegsfyrirtækjum hafa gefið minni ávöxtun en hlutabréf í öðrum geirum. Um það verður ekki deilt. Frá 1999 til 2004 hækkaði vísitala sjávarútvegs um 12,1 prósent samanborið við 107 prósenta ávöxtun úrvalsvísitölu Kauphallarinnar

Ávöxtun á hlutabréfum í Samherja sýnir glögglega að verðmyndun á bréfum í félaginu hefur verið mun lægri en hjá öðrum félögum í úrvalsvísitöluni. Samherji, sem fór á markað fyrir átta árum, var skráður á genginu um níu krónur á hlut en það verð sem boðið er við núverandi yfirtöku er 12,1.

Þegar forsvarsmenn Samherja tilkynntu um yfirtökuna á félaginu nefndu þeir að áhugaleysi fjárfesta og greiningaraðila væri ein helsta höfuðorsökin. Svokallaðir stofnanafjárfestar eins og lífeyrissjóðir hafa sýnt greininni lítinn áhuga og sett peninga í hlutabréf sem gefa hærri ávöxtun. Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Síldarvinnslunnar í Neskaupstað, sagði á aðalfundi félagsins í fyrravor að „þrátt fyrir gríðarlega hagræðingu á undanförnum árum, með tilheyrandi áhrifum á ýmsar byggðir í landinu, er álit þeirra sem teljast hafa vit á málunum að afkoma fyrirtækja í greininni sé óviðunandi.“ Og þá kemur að því af hverju Samherjamenn vilja fara af markaði.

**STJÓRNENDUR SJÁ SÉR LEIK Á BORÐI**

Gagnvart stjórnendum og eigendum sjávarútvegsfélaga liggja mörg sjónarmið sem hafa beinlínis hvatt þá til að taka félög af markaði eða sameinast öðrum. Minnkandi áhugi fjárfesta og lítil viðskipti með bréf félaganna eru ein skýring. Einnig hafa stjórnendur sumra félaganna metið það svo að félögin væru of lágt verðlögð, að markaðsverði þeirra væri stundum langt undir upplausnarvirði þeirra. Með því að selja aflaheimildir í bútum fengist hærra verð en bókfært virði kvótans. Þá hafa ennfremur verið kjöraðstæður til að taka félög af markaði vegna hagstæðra lánamöguleika, lágra vaxta og sterkrar krónu. Þörfin fyrir félög að sækja sér hlutafé hefur vikið fyrir ódýrara lánsfé.

Síðast en ekki síst hafa forsvarsmenn sjávarútvegsfyrirtækja óttast óvinveittar yfirtökur, það er að aðrir fjárfestar nái völdum yfir félaginu og geri það sem þeim sýnist. Því hafa menn í sumum byggðarlögum brugðið á það ráð að kaupa upp útgerðarfélagið til að halda yfirráðum yfir því og halda kvótanum innan byggðarlagsins. Hinir svokölluðu „óvinir“ hafa þá verið bankar, fjárfestingarfélög eða önnur sjávarútvegsfyrirtæki sem hafa séð færi á því að eignast útgerðarfélagið, losa um eignir þess og færa kvóta.

**SKULDSETTAR YFIRTÖKUR**

Gera má ráð fyrir að um 45 milljarðar króna hafi verið notaðir til að kaupa upp bréf smærri hluthafa við yfirtöku í sjávarútvegsfélögum frá árinu 2004 til þessa árs. Eimskipafélagið fékk 19,5 milljarða fyrir sinn snúð þegar það seldi Harald Böðvarsson (HB), Skagstrending og ÚA í janúar 2004. Stærsta yfirtaka þessa árs stendur nú yfir en það eru kaup stærstu hluthafa Samherja á bréfum annarra hluthafa.

**AFLAVERÐMÆTI Í MILLJÖRÐUM KRÓNA MIÐAÐ VIÐ VERÐLAG 2004**




**HLUTFALL SJÁVARAFURÐA AF ÚTFLUTNINGSVERÐMÆTI 1994-2004**








**ÚTVEGURINN YFIRTEKINN** Ellefu félög hafa verið yfirtekin eða sameinast frá ársbyrjun 2004. Yfirtakan á ÚA var stærst upp á níu milljarða en það er svipuð upphæð og stærstu eigendur Samherja greiða fyrir félagið.

**YFIRTÖKUR OG SAMRUNAR 2004-2005**

| Ár | Félag | Áætluð upphæð* | Tegund | Kaupendur |
|---|---|---|---|---|
| 2005 | **Samherji** | 8.942 | Yfirtaka | Fjárfestingafélagið Fjörður, Fjárfestingarfélagið Fylkir |
| 2005 | **Hraðfrystistöð Þórshafnar** | 1.758 | Yfirtaka | Símatún ehf. |
| 2005 | **Tangi** | 1.206 | Samruni | HB Grandi |
| 2004 | **ÚA** | 9.000 | Yfirtaka | Tjaldur ehf. |
| 2004 | **HB** | 7.800 | Yfirtaka | Grandi |
| 2004 | **Þorbjörn Fiskanes** | 5.600 | Yfirtaka | ÓK-1 eignarhaldsfélag ehf. |
| 2004 | **Skagstrendingur** | 2.700 | Yfirtaka | Fiskiðjan Skagfirðingur |
| 2004 | **Hraðfrystihúsið Gunnvör** | 2.547 | Yfirtaka | YT ehf. |
| 2004 | **Sílarvinnslan** | 2.034 | Yfirtaka | Samherji, Samv.f. Útg.m**, Snæfugl ehf., Gjögur ehf., Kaldbakur |
| 2004 | **Eskja** | 1.967 | Yfirtaka | Hólmi ehf. |
| 2004 | **Guðmundur Runólfsson** | 552 | Yfirtaka | G.R. útgerð ehf. |
| **Samtals** | | **44.106** | | |

* í milljónum króna ** Samvinnufélag útgerðarmanna

# tölunni



Fréttablaðið/Vilhelm

**FÉLÖGUM FÆKKAR** 24 sjávarútvegsfélög voru skráð á markað árið 1999 en nú eru aðeins þrjú hefðbundin útgerðarfélög eftir. Í vísitölu sjávarútvegs eru sjö félög, Fiskeldi Eyjafjarðar, Fiskmarkaður Íslands, HB Grandi, SH, SÍF, Vinnslustöðin og Þormóður rammi – Sæberg.

Við yfirtöku eru félög skuldsett, eigið fé er notað að hluta til kaupanna með því að auka skuldir. Því hefur verið fleygt fram að eigið fé þeirra sjávarútvegsfélaga, sem hafa verið yfirtekin og afskráð á síðustu árum, hafi minnkað um 30-40 milljarða króna. Ef það er rétt hefur stór hluti af heildar eiginfé sjávarútvegsfyrirtækja horfið. Þetta á ekki eingöngu við félög sem tekin hafa verið af markaði. Einnig hefur þessi þróun gerst hjá skráðu félögunum sem eru á markaði. Skuldir Granda jukust við sameininguna við HB og Ráeyri, sem eignaðist nær helming hlutabréfa í Þormóði ramma – Sæberg og hefur notað háar arðgreiðslur frá félaginu til að borga af skuldum sem mynduðust við kaupin. Aukin skuldsetning takmarkar nýsköpun og fjárfestingar í grein sem þarf á tæknivæðingu og nýsköpun að halda eins og allar aðrar atvinnugreinar. Þessi þróun hlýtur að vekja upp spurningar um hvernig íslensku sjávarútvegur muni þróast í harðri samkeppni við aðrar fiskveiðiþjóðir.

**ÓHEILLAÞRÓUN**

Róbert Guðfinnsson, stjórnarformaður Þormóðs ramma – Sæbergs á Siglufirði, er óhress með þá þróun sem orðið hefur á hlutabréfamarkaði en hann er þeirrar skoðunar að sjávarútvegur eigi heima í Kauphöllinni. Hann viðurkennir að afkoman sé sveiflukennd og reksturinn háður mörgum ólíkum þáttum sem erfitt geti verið að eiga við. Róbert bendir á að gífurleg hagræðing hafi átt sér stað í sjávarútvegi á undanförnum árum og engin sé að biðja um aðstoð frá stjórnvöldum. „Nú laga menn sig að þeim aðstæðum sem eru hverju sinni en biðja ekki um gengisfellingu frá stjórnvöldum,“ segir hann. „Ef þörf er á þá munum við hagræða enn meira og hætta rekstri óarðbærra eininga.“

Árni Vilhjálmsson, stjórnarformaður HB Granda, er sama sinnis og vill ekki sjá sjávarútveginn á leiðinni út úr Kauphöllinni. Engin áform eru uppi um að afskrá Granda að hans sögn.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, hefur einnig lýst sams konar óánægju en hefur ekki miklar áhyggjur af þeirri þróun sem hefur átt sér stað með fækkun skráðra fyrirtækja og gerir vonir um að sjávarútvegsfélög sæki aftur inn. Ekkert slíkt sé þó í burðarliðnum

Valdimar Halldórsson, hjá greiningu Íslandsbanka, er hvorki sannfærður um að sjávarútvegsfélögum muni fækka enn frekar né fjölga. Afkoma sjávarútvegsins er mjög háð ytri skilyrðum. Ef krónan veikist eins og margir spá gætu aðstæður í greininni batnað til muna, fyrirtækin myndu skila meiri hagnaði og verða vænlegri fjárfestingakostur.



Fréttablaðið/BG

**GUÐMUNDUR HALLDÓRSSON, FYRRVERANDI SKIPSTJÓRI** Menn hafa þungar áhyggjur af niðurskurði þorskkvóta á næstu fiskveiðiárum. Hann trúir því ekki að útreikningar fiskifræðinga standist og vill stórefla líffræðirannsóknir fiskistofnanna.

## Neyðarfundur á hverri bryggju

Guðmundur Halldórsson, fyrrverandi skipstjóri á Bolungarvík, hefur miklar áhyggjur af stöðunni í sjávarútvegnum en fyrirsjáanlegur er niðurskurður á kvóta, einkum þorskkvóta. Hann er hræddur um að einnig verði skorið niður við úthlutun aflaheimilda á næsta ári. „Ég fæ hringingar daglega frá íbúum á landsbyggðinni sem hafa þungar áhyggjur af framtíð byggðarlaganna. Það er neyðarfundur á hverri bryggju,“ segir hann.

Hann gefur ekki mikið fyrir útreikninga fiskifræðinga hjá Hafrannsóknarstofnun og vill að menn hætti að reikna en snúi sér þess í stað að rannsóknum á lífríkinu og áhrifum gífurlegra loðnuveiða á það. „Við trúum ekki þessum reiknilíkönum, enda minna þau mann á söguna um Sölva Helgason sem reyndi að reikna barn í konu.“ - eþa

## Þorskstofninn minnkar aftur

Þorskstofninn minnkaði um sextán prósent milli áranna 2004 og 2005 samkvæmt stofnmælingu Hafrannsóknastofnunar á botnfiskum á Íslandsmiðum. Er stofninn metinn álíka stór og árið 1990. Stofnin óx á milli áranna 2001 til 2004 og er hér því um bakslag að ræða.

Mæling á lengd þorsksins bendir til að árgangar 2004 og 2001 séu mjög lélegir. Árgangur 2003 er frekar lélegur samkvæmt mælingum en 2002 er lengd þorskins nærri meðallagi.

Samkvæmt mælingum Hafró var holdafar þorskins hins vegar betra í ár en í fyrra og nærri meðallagi ef litið er á tímabilið frá 1997. Árin 1993 til 1996 var holdafarið hins vegar betra.

Stofnvísitala ýsu hækkaði um tuttugu prósent frá árinu 2004 og var sú hæsta frá upphafi. Lengdarmælingar benda til að árgangur 2004 sé nærri meðallagi.

Hafrannsóknastofnun tekur fram að aldursgreiningu fiska og úrvinnslu gagna sé ekki lokið. Er hér um bráðabirgðaniðurstöður að ræða.



**SKINNEY SF 30**

Bátur í eigu Skinney – Þinganess. Fyrir 1977 var meira en sextíu prósent af aflanum landað af bátum sem voru allt að 500 tonn. Bátar, sem reru með net, dragnót og línu, svipaðir og Skinney, voru uppistaðan í skipaflota Íslendinga. Frá 1977 til 1982 lækkar þetta hlutfall hratt eða um tíu prósent. Þá hélst hlutfall báta í fiskveiðiflotanum nokkuð stöðugt en jókst árið 1999.

| Dragnóta- og netabátur | |
|---|---|
| Smíðaár: | 1964 |
| Brúttórúmlestir: | 176 |
| Lengd í metrum: | 35 |
| Hestöfl: | 800 |
| Togkraftur (tonn) | 10 |



**BJARTUR NK 121**

Bjartur er ísfisktogari Síldarvinnslunnar í Neskaupstað. Öflugri vél hefur verið sett í skipið og það endurbætt töluvert eins og flestir ísfisktogarar sem enn eru í notkun. Skuttogurum fjölgaði mikið á seinni helming síðustu aldar og var fjölgunin mest árið 1973 þegar 22 nýir togarar komu til landsins. Á milli 1972 og 1980 varð bylting í fiskveiðiflota landsmanna.

| Ísfisktogari | |
|---|---|
| Smíðaár: | 1973 |
| Brúttórúmlestir: | 461 |
| Lengd í metrum: | 47 |
| Hestöfl: | 2.413 |
| Togkraftur (tonn) | 30 |



**ÞORSTEINN VILHELMSSON EA 11**

Fjölveiðiskip í eigu Samherja og hefur verið eitt fullkomnasta fiskiskip heims. Áætlaður heildarkostnaður við smíði þess er 1,8 milljarðar króna. Í áhöfn eru 14-28 manns eftir því á hvaða veiðum skipið er. Með tilkomu frystitogaranna jókst aflaverðmæti skipanna gríðarlega. Sífellt stærri vélar gerðu skipin afkastameiri, frystigetan jókst mikið og lestir skipanna stækkuðu.

| Frystitogari og nótaskip | |
|---|---|
| Smíðaár: | 2000 |
| Brúttórúmlestir: | 1.633 |
| Lengd í metrum: | 79 |
| Hestöfl: | 7.505 |
| Togkraftur (tonn) | 94 |

**MEST VEIDDU TEGUNDIRNAR 2004**

| Í þúsundum tonna | |
|---|---|
| Loðna | 524 |
| Kolmunni | 420 |
| Þorskur | 227 |
| Síld | 225 |
| Ýsa | 84 |
| Ufsi | 63 |
| Karfi | 48 |

**SAMANBURÐUR Á ÁVÖXTUN VÍSITÖLU SJÁVARÚTVEGS OG ÚRVALSVÍSITÖLUNNI 1999-2004**

| | Sjávarútvegs-vísitalan | Úrvals-vísitalan |
|---|---|---|
| 1999 | 12,1 | 47,5 |
| 2000 | -30,8 | -19,3 |
| 2001 | 16,3 | -11,3 |
| 2002 | 23,8 | 16,7 |
| 2003 | -6,8 | 56,4 |
| 2004 | 20,7 | 58,9 |

## FÓLK Á FERLI

**ÖRN SMÁRI GÍSLASON** gekk nýlega til liðs við auglýsingastofuna Ó! Örn Smári útskrifaðist sem grafískur hönnuður frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1995. Hann starfaði hjá auglýsingastofunni Nonna og Manna frá 1996 og hjá Hvíta húsinu frá 1999-2000 en tók þá við stöðu hönnunarstjóra hjá Nonna og Manna og starfaði þar til 2004.



**ÁSDÍS HALLA BRAGADÓTTIR** hefur verið ráðin forstjóri BYKO. Ásdís Halla hefur verið bæjarstjóri Garðabæjar í tæp fimm ár. Ásdís lauk prófi í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands 1991 og meistaragráðu í opinberri stjórnsýslu frá Harvard-háskóla árið 2000. Hún starfaði sem blaðamaður á Morgunblaðinu árin 1991-1993, framkvæmdastjóri þingflokks Sjálfstæðisflokksins 1993-1995 og var aðstoðarmaður menntamálaráðherra 1995-1999.



**GUÐBRANDUR SIGURÐSSON** hefur verið ráðinn forstjóri sameinaðs félags Mjólkursamsölunnar og Mjólkurbús Flóamanna. Hann er matvælafræðingur frá Háskóla Íslands og með MBA-próf frá Edinborgarháskóla. Hann hefur meðal annars stýrt viðskipta- og vöruþróun hjá Íslenskum sjávarafurðum hf. árin 1990 til 1996. Árið 1996 var hann ráðinn framkvæmdastjóri Útgerðarfélags Akureyringa hf. og gegndi því starfi til vors 2004.



**ERLA FRIÐRIKSDÓTTIR** verður bæjarstjóri Stykkishólms þann 1. ágúst en hún starfar nú sem markaðsstjóri Smáralindar. Erla hefur verið markaðsstjóri Smáralindar frá opnun árið 2001. Erla er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands. Erla starfaði áður sem framkvæmdastjóri Kringlunnar og líka sem markaðs- og skrifstofufulltrúi Kringlunnar. Einnig hefur hún verið þjónustustjóri Íslandsbanka í Hafnarfirði og unnið í Verðbréfadeild Sparisjóðs Hafnarfjarðar.



# Kaldur bransi

Margir búast við viðlíka heitu sumri og í fyrra og þess vegna er nóg að gera hjá Kælivélum við að setja upp á vinnustöðum kerfi fyrir loftkælingu. *Eggert Þór Aðalsteinsson* hitti **Tómas Hafliðason**, framkvæmdastjóra Kælivéla, að máli.

Eitt af stærri fyrirtækjum í kælivélaiðnaði á Íslandi er fyrirtækið Kælivélar sem stofnað var árið 1983. Kælivélar er fjölskyldufyrirtæki í eigu Þóreyjar Sigurðardóttur og Hafliða Sævaldssonar en Tómas Hafliðason, sonur þeirra, er nú framkvæmdastjóri þess. Hafliði og Tómas standa saman að rekstrinum, Tómas sér um fjármál og innflutning en Hafliði um sölumál og verkstjórn innan Kælivéla. Fyrirtækið þjónar fyrst og fremst fyrirtækjum í sjávarútvegi og matvælaiðnaði og fjölmennum fyrirtækjum þar sem mikið er unnið við tölvur.

**Kælivélar**
Eigendur: Hafliði Sævaldsson og Þórey Sigurðardóttir
Framvæmdastjóri: Tómas Hafliðason
Starfsemi: Uppsetning og viðhald kæli- og frystikerfa.
Fjöldi starfsmanna: 6

Höfuðstöðvar Kælivéla eru við Smiðjuveginn í Kópavogi en Tómas bendir á að fyrirtækið hafi sérhæft sig í því að vinna allt á staðnum. „Við leggjum áherslu á það að hafa starfsfólkið okkar vel útbúið og erum með töluverðan lager af varahlutum í þjónustubílunum okkar. Ef eitthvað bilar á Bolungarvík þá erum við mjög viðbragðsfljótir og getum sent bíl í skyndi. Þetta kerfi er sérstaklega gott þegar við erum að vinna fyrir aðila úti á landi, þá þurfum við ekki að keyra í bæinn til að sækja varahluti," segir Tómas.

**SAMKEPPNIN HARÐNAR**

Mikil samþjöppun í sjávarútvegi hefur valdið því að litlum fyrirtækjum í greininni hefur fækkað. Fyrirtækin hafa þar með stækkað sem hefur leitt til þess að þau þurfa á stærri kælikerfum að halda. Fyrir fyrirtæki eins og Kælivélar hefur þetta þýtt að listinn yfir viðskiptavini hefur breyst, nú eru fleiri stórir en áður. En á sama tíma og verkefnunum hefur fækkað fjölgar fyrirtækjum sem selja kælikerfi. Samkeppnin er því að aukast.

Til þess að bregðast við samkeppninni fóru eigendur Kælivéla að flytja inn þær vörur sem þarf að nota. Það varð úr að stofna dótturfélagið Íshúsið sem sér um hluta af innflutningi fyrir Kælivélar og hefur einnig verið að selja vörur til annarra fyrirtækja. Samkeppni um starfsmenn kæliverkstæðanna er hörð og laun hafa farið hækkandi. „Aðalvandamálið hjá okkur þessa dagana er að fá starfsmenn og ætlum við að auglýsa eftir starfsmönnum frá öðrum kæliverkstæðum. Þess vegna er það ekki síður mikilvægt fyrir félag eins og Kælivélar að geta brugðist við mikilli samkeppni um verkefni og starfsmenn með því að lækka kostnað við innkaup. Við náum mun betra innkaupsverði með þessum hætti en áður og getum jafnframt boðið öðrum fyrirtækjum upp á að njóta þessa ávinnings," segir Tómas og bætir því við að stefnt sé að því að auka umsvifin á þessu sviði þannig að lækka megi enn frekar innflutningsverð.

**VIÐBÚNAÐUR VIÐ NÆSTU HITABYLGJU**

Vöxtur félaga í kælibúnaðargeiranum liggur nú aðallega í því að setja upp loftkælingu fyrir vinnustaði. Á vorin er mikið að gera hjá Kælivélum við að koma upp slíkum búnaði. Eins og allir vita var sumarið í fyrra eitt það heitasta frá upphafi og segir Tómas að fyrirtæki vilji ekki lenda í því aftur að það verði ólíft innandyra hjá þeim. „Það er of seint að hringja í okkur þegar og ef hitabylgjan skellur á, því þá verður vitlaust að gera," segir hann.

Áður fyrr þótti það hreinasti munaður að hafa loftkælingu á vinnustöðum. Það var kannski aðeins forstjórinn sem hafði slíkan lúxus. En í dag er þetta hluti af því að geta boðið starfsfólki upp á góðar vinnuaðstæður. Starfsfólki er þjappað saman í skrifstofuhúsnæði til að nýta hvern fermetra betur og þá verður andrúmsloftið þyngra og hitastigið hækkar fljótt. Gluggarnir eru orðnir stærri, tölvubúnaður meiri og ljósin stærri. „Það er nauðsynlegt fyrir fyrirtæki, sem hafa fjárfest mikið í tölvum og rafmagnsbúnaði, að hafa slík kerfi. Hátt hitastig innan dyra fer mjög illa með allan tölvubúnað og getur hreinlega eyðilagt hann," bendir Tómas á.

**BÝST VIÐ SAMÞJÖPPUN**

Tómas er þeirrar skoðunar að kæliverkstæðum eigi eftir að fækka á næstu árum vegna sameiningar, uppkaupa og jafnvel vegna þess að einhverjir leggi upp laupana. Markaðurinn er mettaður og vaxtarmöguleikarnir litlir í greininni. Fimm stórir aðilar eru á markaðnum ásamt mörgum smærri. Stærstu fyrirtækin velta upphæð á bilinu 600-800 milljónir króna. Hann telur að fyrirtæki, sem leiti til kæliverkstæða, vilji eiga viðskipti við trausta aðila. „Það hjálpar okkur að hafa verið í þessum bransa í meira en 20 ár."

Ein nýjung sem Kælivélar hyggjast bjóða útgerðarfyrirtækjum og fiskvinnslum upp á á næstunni er heildarlausn í ískælingu. Þegar fiskurinn er veiddur vilja menn setja hann beint í krapa sem er hraðasta kæling sem völ er á. Hold fisksins verður hvítara og gæðin verða meiri. Þetta kerfi er komið í Heimaey VE-1. „Okkar tækifæri liggja í því að ná stærri hlutdeild af kökunni með því sem við höfum," segir Tómas að lokum.



Fréttablaðið/Hari

**TÓMAS HAFLIÐASON HJÁ KÆLIVÉLUM** Kælivélar sinna verkefnum fyrir sjávarútveginn, matvælaiðnaðinn og skrifstofur. Um þessar mundir er mikið álag á starfsmönnum Kælivéla við að koma upp loftkælingu á vinnustöðum áður en sumarhitinn skellur á.






## BESTA RÁÐIÐ

# Draumurinn raungerður

„Besta ráðið við þunglyndi er að spyrja sig: hvert fer orkan," segir Haukur Ingi Jónasson, sálgreinir og ráðgjafi hjá Nordica ráðgjöf. „Orkan er bundin í einhverju og yfirleitt hugmyndum eða draumórum. Listin er að losa hana úr þessum leik og beita henni í að raungera sjálfan sig í lífinu."

Haukur segir að aðferðin til að fylgja þessu ráði sé að staldra við og skoða nákvæmlega hvert sé í raun og veru viðfangsefni huga manns. „Hvað er það sem maður er að velkjast í stöðugt. Að skilja þetta getur leyst mjög marga undan oki þunglyndisdraugsins." Haukur segist sjálfur nota þetta ráð með góðum árangri.

Hann segir þetta ráð klassíska kenningu en segist fyrst hafa skilið það þegar hann var útkeyrður í námi í New York og fékk ráðið hjá leiðbeinanda sínum við skólann. Hann segir þunglyndisvaldandi hugsanir oft tengjast valdabaráttu og kynlífi. „Bara að ég væri ríkur, ætti betri bíl eða væri með betri konu eru dæmigerðar slíkar hugsanir." Hann segir gagnlegt að setja slíkar fantasíur á blað. „Að horfast í augu við slíkar hugsanir bæði í huga og tilfinningum." Hann segir að það megi heimfæra þetta ráð upp á það sem hafi verið að gerast í atvinnulífinu að undanförnu. „Í stað þess að festast í draumórum hefur viðskiptalífið verið að raungera drauminn og lifa hann út."



Fréttablaðið/Stefán

**HAUKUR INGI JÓNASSON** Þegar þunglyndi sækir á mann er gott að spyrja sig hvert orka manns sé að fara

Metsekt:

# NBA-þjálfari í klandri

NBA-deildin hefur sektað Jeff Van Gundy, þjálfara Houston Rockets, um 100 þúsund dali vegna ummæla sem hann lét falla um dómgæslu í leik gegn Dallas Mavericks í úrslitakeppninni. Van Gundy er afar ósáttur með þá meðferð sem hinn kínverski miðherji Houston, Yao Ming, fær frá andstæðingum sínum. Þjálfarinn hefur staðfest að ónefndur NBA-dómari hafi hringt í sig og sagt honum að dómurum væri ráðlagt að fylgjast sérstaklega með Ming. Van Gundy telur að Mark Cuban, eigandi Dallas, hafi komið því til leiðar að dómarar fylgdust sérstaklega með Ming.

Cuban er svo sem ekkert lamb að leika sér við en hann hefur verið sektaður af NBA um eina milljón dali fyrir ýmis ummæli og uppátæki. - eþa



**HÁ SEKT** Kínverski miðherjinn Yao Ming, sem mældist 2,28 metrar við síðustu hæðarmælingu, fær ekki sanngjarna meðferð hjá NBA-dómurum að sögn Jeff Van Gundys, þjálfara Houston Rockets. NBA-deildin hefur sektað Van Gundy um 100.000 dali.

# Sjá ofsjónum yfir erlendu vinnuafli

## Kemur í veg fyrir að verkefni og fyrirtæki fari úr landi.

**Samtök atvinnulífsins hafa margítrekað farið fram á einföldun á aðgengi erlendra starfsmanna til landsins og meðal annars lagt til, að dvalarleyfi og atvinnuleyfi verði veitt af sömu stofnun. Þetta kom fram í máli Ingimundar Sigurpálssonar, formanns Samtaka atvinnulífins á aðalfundi þeirra í gær. Hann sagði mikilvægt að erlent starfsfólk ætti greiða leið hingað til lands. „Svo virðist á stundum, að séð sé ofsjónum yfir því að erlent starfsfólk fái hér störf. Í því sambandi er vert að hafa í huga, að oft kann það að vera betra en að verkefni fari úr landi og þá jafnvel fyrirtæki með. Aðgangur að stærri vinnumarkaði getur því varið störf og áframhaldandi tilvist fyrirtækja hér á landi," sagði Ingimundur.** - dh



**GEFA SÍMSTÖÐ** Eva Magnúsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans og Björn Ástmundsson, forstjóri Reykjalundar.

# Síminn styrkir Reykjalund

Síminn hefur ákveðið að færa Reykjalundi símstöð sem nýtast mun í starfsemi stofnunarinnar. Um er að ræða símstöð með öllum innri búnaði, skiptiborðum og 150 símtækjum með skjám fyrir alla notendur. Stöðin er nokkurra ára en tæknilega af nýjustu gerð, hún er með beinu innvali til hvers notanda, talhólfum og sjálfvirkri svörun. Síminn fellir niður stofngjöld en Reykjalundur mun greiða fyrir uppsetningu búnaðarins og þær óverulegu breytingar sem gera þarf á lögnum. - dh



**ROK Í REYKJANESBÆ** Gunnar Oddsson, umboðsmaður TM í Reykjanesbæ, Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar og Óskar Magnússon, forstjóri TM.

# TM tryggir Reykjanesbæ

Forsvarsmenn Reykjanesbæjar og Tryggingamiðstöðvarinnar hafa undirritað samkomulag um að TM veiti Reykjanesbæ víðtæka vátryggingarvernd sem sniðin er að þörfum bæjarfélagsins. Reykjaneshöfn er einnig aðili að samkomulaginu.

Árni Sigfússon segir að með útboði á vátryggingum bæjarins og Reykjaneshafnar og samningunum við TM náist fram verulegur sparnaður.

Óskar Magnússon fagnar því að Reykjanesbær skuli hafa ákveðið að ganga til samninga við TM. - dh



MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Skráning Mosaic Fashons á Íslandi er góð frétt

# *Kveikir áhuga erlendra fjárfesta*

**Hafliði Helgason**

Fyrirhuguð skráning bresku tískukeðjunnar Mosaic Fashions er fagnaðarefni af ýmsum sökum. Gaman er að sjá eitt af fjárfestingarverkefnum Íslendinga í útlöndum skila sér sem fjárfestingartækifæri fyrir innlenda fjárfesta. Skráningin er líka sérstakt gleðiefni fyrir Kauphöll Íslands þar sem nýir sprotar hafa ekki verið áberandi á þeim akri undanfarin misseri.

Verðmæti skráðra félaga í Kauphöllinni hefur vaxið verulega að undanförnu og þau félög sem þegar eru skráð hafa nýtt góð skilyrði á markaði til þess að sækja sér hlutafé. Kauphöllin hefur því ekki þurft að bera kinnroða gagnvart kollegum sínum ef horft er til heildarverðmætis fyrirtækja í samhengi við landsframleiðsluna.

Hinu verður ekki neitað að óheppilegt er að ein atvinnugrein sé margfalt stærri en aðrar í Kauphöllinni. Fjármálafyrirtæki eru yfirgnæfandi þegar horft er til heildarverðmætis. Það er því fagnaðarefni þegar fjölbreytnin eykst og áhættan í vísitölu Kauphallarinnar dreifist.

**Önnur hlið á teningnum er að með því að skrá erlent félag í Kauphöllina, jafnvel þótt það sé að stórum hluta til í íslenskri eigu, beinist athygli erlendra fjárfesta að íslenskum hlutabréfamarkaði. Verði þeim áhuga fylgt eftir með kaupum er það til þess fallið að dýpka markaðinn og gera verðmyndun skilvirkari.**

Önnur hlið á teningnum er að með því að skrá erlent félag í Kauphöllina, jafnvel þótt það sé að stórum hluta til í íslenskri eigu, beinist athygli erlendra fjárfesta að íslenskum hlutabréfamarkaði. Verði þeim áhuga fylgt eftir með kaupum er það til þess fallið að dýpka markaðinn og gera verðmyndun skilvirkari. Íslendingar safna á hverju ári miklum fjármunum í gegnum lífeyrissjóðakerfið sem að hluta til fara í fjárfestingar á innlendum hlutabréfamarkaði. Fækkun félaga í Kauphöllinni gerir það að verkum að þessir peningar keppast um sífellt færri fjárfestingarkosti. Slíkt er óheppilegt og til þess fallið að skekkja verðmyndun á markaði.

Þegar er ljóst að fleiri fyrirtæki hyggja á skráningu á næstunni. Íslenska flugfélagið Avion Group hefur boðað skráningu í Kauphöllina, auk þess sem færeyskt olíuleitarfélag hyggur á skráningu. Einnig hafa verið í umræðunni innlend félög í smásölu og erlend sjávarútvegsfyrirtæki.

Skráning Mosaic Fashions á markað er spennandi verkefni. Gangi skráningin vel gæti það orðið hvati smærri fyrirtækjum í Bretlandi að leita skráninga hér á landi. Gangi áætlanir Mosaic eftir og ef rekstur þess gengur vel yrði það einnig lyftistöng fyrir íslenskan markað. Áhætta er ævinlega fólgin í fjárfestingum, en um leið tækifæri. Öflugur hlutabréfamarkaður býr til ótal tækifæri. Kynni erlendra fjárfesta af íslenskum markaði í gegnum fjárfestingar í skráðum félögum geta einnig vakið áhuga þeirra á öðrum innlendum fjárfestingum. Íslendingum hefur gengið erfiðlega að laða til sín erlenda fjárfesta, ef frá eru taldar fjárfestingar í stóriðju. Takist að vekja áhuga erlendra fjárfesta gæti það styrkt íslenskt efnahagslíf og örvað nýsköpun og atvinnuuppbyggingu til framtíðar.

bjorgvin@markadurinn.is | dogg@markadurinn.is | eggert@markadurinn.is
haflidi@markadurinn.is | thkjart@markadurinn.is

Teppahreinsun með "Truckmount"

Hin eina sanna "djúphreinsun" nær árangri þegar aðrar aðferðir skilja eftir blettina.




Fyrir öll teppi, Heimili Skrifstofur Stigahús.

Meira afl betra skol styttri þurrktími.

SKÚFUR
Kleppsvegi 152, 104 Rvík.
Sími 568-8813 Gsm 663-0553

# Öflugri hlutabréfamarkaður – þrátt fyrir afskráningar

ORÐ Í BELG



**Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir**
forstöðumaður skráningarsviðs Kauphallar Íslands

Á undanförnum misserum hafa afskráningar fyrirtækja af hlutabréfamarkaði verið áberandi í fréttum. Fyrirsagnir eins og „Flóttinn úr Kauphöllinni“ hafa vakið upp ýmsar spurningar sem fróðlegt væri að staldra aðeins við. Hvernig hefur íslenskur hlutabréfamarkaður þróast og hvernig stendur hann í dag?

Saga íslensks hlutabréfamarkaðar er stutt, en árið 1990 voru fyrstu hlutabréfin skráð. Til gamans má geta þess að sænski hlutabréfamarkaðurinn á sér um 150 ára sögu. Skráningar fyrirtækja á markað fóru fremur hægt af stað en í árslok 1996 höfðu alls 32 fyrirtæki verið skráð. Fjöldi skráðra félaga jókst síðan jafnt og þétt og voru félögin orðin 75 í lok ársins 1999. Árið 2000 gerðist það í fyrsta sinn að félögum fjölgaði ekki, þrátt fyrir nýskráningar, þar sem nokkuð var um sameiningar fyrirtækja. Sú þróun hélt áfram en einnig má rekja afskráningar af markaði til yfirtöku stórra hluthafa. Í dag er 31 félag skráð á innlendum hlutabréfamarkaði. Fjöldi félaga á markaði segir þó ekki nema hálfa söguna. Verðmæti þessara félaga gefur gleggri mynd af stöðu markaðarins. Heildarmarkaðsvirði félaganna í árslok 1999 þegar 75 félög voru skráð var 370 milljónir á meðan verðmæti félaganna 31 sem skráð eru í dag er 1.337 milljarðar króna. Ein meginástæða þess að markaðsvirðið hefur hækkað svo mikið sem raun ber vitni er sú að við margar af fyrrnefndum afskráningum er ekki um að ræða félög sem hverfa alfarið af markaðnum heldur eru þau rekin sem dótturfélög skráðra félaga. Þá er rétt að ítreka að fjölmörg dæmi eru um sameiningu skráðra félaga og jafnframt hafa skráð félög keypt óskráð félög, bæði innlend og erlend. Félögin hafa stækkað mikið og því eflst og innviðir markaðarins verið styrktir með stöðugri þróun í uppbyggingu og eftirliti.

Það eru áreiðanlega ekki mörg dæmi þess að tekist hafi að fullmóta verðbréfamarkað í heiminum á jafn skömmum tíma og hér hefur verið gert. Stærsta skrefið var eflaust stigið þegar Kauphöllin gekk inn í NOREX-samstarfið á árinu 2000 og tók upp nýtt og öflugt viðskiptakerfi síðar sama ár. NOREX er samstarf kauphallanna í Ósló, OMX (sem rekur kauphallirnar í Stokkhólmi, Helsinki, Kaupmannahöfn, Riga, Tallinn og Vilnius) og Kauphallar Íslands. Tilgangur samstarfsins er að auka gæði og hagkvæmni á norrænum verðbréfamarkaði með náinni samvinnu á ýmsum sviðum. Eins og áður segir eiga sumir þessara verðbréfamarkaða sér miklu lengri sögu en sá íslenski. Því gefur auga leið að íslenski markaðurinn hefur hagnast mikið á samvinnu á þessum vettvangi sem hefur tvímælalaust flýtt fyrir þeirri uppbyggingu sem hér hefur farið fram á svo skömmum tíma.

Í dag hefur Ísland upp á að bjóða öflugan hlutabréfamarkað sem styður vel við sín félög og hefur leikið veigamikið hlutverk í sókn íslenskra fyrirtækja á erlendri grund. Skráð félög sóttu alls um 170 milljarða króna á hlutabréfamarkaðinn á síðasta ári eða sem nemur um 16% af virði skráðra fyrirtækja í árslok. Hvergi í Evrópu aflaðist meira fjármagn í hlutfalli við markaðsstærð en fjárhæðin sjálf er þrefalt hærri en skráð fyrirtæki í Ósló sóttu á markað á síðasta ári. Þess má geta að í mörgum þeim útboðum sem fóru fram var um umframeftirspurn að ræða. Annað sem gefur góða mynd af stærð hlutabréfamarkaðarins er að bera hann saman við landsframleiðslu en þá kemur í ljós að markaðurinn er yfir 120% af landsframleiðslu þjóðarinnar. Það gerðist reyndar í fyrsta sinn hér á Íslandi á síðasta ári að þetta hlutfall fór yfir 100% og er það hvergi hærra á Norðurlöndunum.

Ljóst er að fjöldi hlutafélaga á markaði hefur dregist verulega saman en þau félög sem nú eru á markaði eru mun stærri og viðskipti með þau tíðari en áður var, en meðalmarkaðsvirði skráðs félags í dag er um 30 milljarðar. Fjárfestingar í hlutabréfum á Íslandi hafa reynst gjöfular og hækkaði Úrvalsvísitalan um 59% á síðasta ári. Þessi þróun hefur vakið athygli erlendra fjárfesta en þátttaka þeirra hefur aukist á undanförnum misserum. Einnig hefur markaðurinn náð eyrum erlendra félaga og nú þegar hefur erlent félag lýst yfir áformum um skráningu á íslenskan markað. Það er því ljóst að staða íslensks hlutabréfamarkaðar er traust. Slíkt er mikilvægt því öflugur hlutabréfamarkaður er einn af drifkröftum efnahagslífsins. Brýnt er að hlúa að þeim góða grunni sem þegar hefur verið lagður og nýta þá sérstöðu sem hér hefur skapast í framtíðinni.



**„Skráð félög sóttu alls um 170 milljarða króna á hlutabréfamarkaðinn á síðasta ári eða sem nemur um 16 prósent af virði skráðra fyrirtækja í árslok. Hvergi í Evrópu aflaðist meira fjármagn í hlutfalli við markaðsstærð en fjárhæðin sjálf er þrefalt hærri en skráð fyrirtæki í Ósló sóttu á markað á síðasta ári.“**

UM VÍÐA VERÖLD

## *Einkavæðing í Kína*

**Financial Times** | Stjórnvöld í Kína hafa gefið grænt ljós á að halda áfram að selja hlut í fyrirtækjum sem eru í eigu ríkisins. Tveir þriðju hlutafjár í skráðum fyrirtækjum í Kína er í eigu stjórnvalda og því er hlutabréfamarkaðurinn þar mjög óvirkur. Verðmæti eignarhluta stjórnvalda er metinn á um 400 milljarða dollara eða tæpa 25 þúsund milljarða króna. Hlutir ríkisins verður seldur í fáum fyrirtækjum til að byrja með, undir því yfirskini að um tilraunasölu sé að ræða. Ekki hefur verið gefið út hvaða fyrirtæki verða seld. Engar yfirlýsingar hafa heldur verið gefnar um hvaða iðnað áhersla verður lögð á að einkavæða.

## *Gamanópera á Ítalíu*

**The Economist** | Ítölskum stjórnmálum er líkt við gamanóperu í The Economist og kemur það ekki á óvart eftir atburði síðustu vikna. Silvio Berlusconi sagði af sér í síðustu viku og lauk þar með lengstu setu ríkisstjórnar á Ítalíu síðan árið 1945. Í kjölfarið myndaði hann nýja ríkisstjórn.

The Economist segir að þrátt fyrir að það sé ekki augljóst í fyrstu þá sé stjórnarkreppan á Ítalíu lýsandi fyrir baráttuna á milli jafnaðarstefnu Evrópu og markaðshyggju Bandaríkjamanna. Ítalir viti einfaldlega ekki hversu langt þeir eigi að fara í því að innleiða markaðshyggjuna á kostnað jafnaðarstefnunnar.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Björgvin Guðmundsson, Dögg Hjaltalín, Eggert Þór Aðalsteinsson, Þórlindur Kjartansson AUGLÝSINGASTJÓRI: Jónína Pálsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Horfurnar næstu árin

Katrín Ólafsdóttir
**skrifar**

Fjármálaráðuneytið birti nýja þjóðhagsspá í síðustu viku. Fátt kom á óvart í þessari nýju spá. Áfram er gert ráð fyrir miklum hagvexti og auknu ójafnvægi í þjóðarbúskapnum.

Þannig býst fjármálaráðuneytið við að hagvöxtur á þessu ári verði sex prósent. Hagvöxtur hefur því verið yfir fimm prósent að meðaltali árin 2003-2005. Þessi ár hefur mátt rekja hagvöxt að mestu til aukinnar einkaneyslu og aukinnar fjárfestingar.

**ÞJÓÐARBÚSKAPURINN**

Einkaneysla hefur aukist um ríflega sjö prósent á ári og fjárfesting um tuttugu prósent á ári að meðaltali. Þetta er gífurlega hraður vöxtur og veldur því að til lengdar byggist upp ójafnvægi í hagkerfinu sem síðar þarf að leiðrétta. Þetta ójafnvægi kemur fram í því að við eyðum nú langt um efni fram eins og sést á vaxandi viðskiptahalla.

Viðskiptahallinn nálgast nú Íslandsmet, en á árunum 2003-2005 er hann að meðaltali 8,5 prósent af landsframleiðslu. Slíkur viðskiptahalli getur ekki gengið til lengdar enda fylgir honum mikil erlend skuldasöfnun og þrýstingur á lækkun gengis. Þannig voru erlendar skuldir þjóðarbúsins hundrað prósent af landsframleiðslu í lok árs 2002. Þær voru komnar í 130 prósent af landsframleiðslu í lok síðasta árs og gætu farið yfir 140 prósent af landsframleiðslu á þessu ári.

Fjármálaráðuneytið reiknar með áframhaldandi hagvexti á komandi ári, eða 5,7 prósent, en það taki síðan að draga úr hagvexti á árinu 2007 og það ár verði hann 2,4 prósent. Á sama tíma gerir ráðuneytið ráð fyrir að viðskiptahallinn fari niður í sex prósent af landsframleiðslu. Mesta breytingin á því ári liggur í samdrætti í fjárfestingu þegar stóriðjuframkvæmdum lýkur. Einnig er gert ráð fyrir að vöxtur einkaneyslu verði mun minni en nú er og verði innan við eitt prósent.

Þannig spáir ráðuneytið afar mjúkri lendingu eftir kröftuga uppsveiflu. Mikil óvissa fylgir þeirri spá. Það er alveg jafn líklegt að lendingin verði heldur harkalegri og samdráttar gæti á árinu 2007. Þetta veltur að töluverðu leyti á þróun gengis krónunnar á næstu misserum. Flestir eru þeirrar skoðunar að gengi krónunnar sé of hátt skráð um þessar mundir og þrýstingur á lækkun þess eykst. Spurningarnar sem enginn getur svarað í dag er hvenær veikist gengið, hversu hratt gerist það og hversu mikið veikist það.

Því fyrr sem leiðréttingin á sér stað því betra, þar sem því lengur sem við bíðum, þeim mun meiri þarf leiðréttingin að vera. En hvort er betra að leiðréttingin gerist hratt eða hægt? Það fer allt eftir aðstæðum og aðeins tíminn getur skorið úr um það.

**Það er alveg jafn líklegt að lendingin verði heldur harkalegri og samdráttar gæti á árinu 2007.**

**SPÁKAUPMAÐURINN**

# Tíska eða Sími í tísku

Ég skil ekki hvað menn eru að spá í Símann. Umræðan er að verða þannig að líklegast er að sá sem kaupir fyrirtækið borgi allt of hátt verð fyrir það. Maður heyrir endalausar sögur um einhverja nýja sem eru að spá í sig saman um að bjóða í fyrirtækið. Það er eins og fólk hafi ekkert annað að gera. Síminn er of mikið í tísku fyrir minn smekk.

Ég er meira að pæla í að kaupa smávegis í tískukeðjunni EBITDA, hagnaðurinn er 6,3 milljarðar sem er svipað og hjá Símanum og einhvern veginn sé ég ekki fyrir mér að Síminn opni hundrað búðir í Kína eins og Oasis. Konan hefur líka verið að kaupa svolítið í Karen Millen og ég sé það á Vísareikningunum að þetta er sennilega góður bisness. Að vísu vantar Mosaic peninga til að borga skuldsettu yfirtökuna á Karen Millen. Síminn á hins vegar nóga peninga og aðaltrikkið við að kaupa hann er að hirða þessa peninga út úr fyrirtækinu og skuldsetja það almennilega. Svo þarf að fara að reka fólk og stoppa fjárfestingar til þess að ná hagnaðinum upp. Það getur gefið vel af sér, en ég get hugsað mér skemmtilegra starf en að reka fólk sem er búið að mæta í vinnuna stundvíslega í mörg ár, jafnvel þótt að það sé óþarft.

Maður verður að finna eitthvað fyrir peningana að gera. Ég var búinn að ákveða að losa stöðu í KB banka strax eftir uppgjörið til að létta á erlenda láninu. Það var eins gott, því að ríkisstjórnin tók upp á því að borga erlent lán og veikja krónuna. Þeir gerðu síðan bandalag við Hagstofuna til að lækka verðbólguna svo að kjarasamningarnir haldi. Nú er krónan búin að veikjast og KB banki að lækka svo það er aldrei að vita nema að maður kaupi bara aftur. Svo er áfram hægt að veðja á að lætin í Íslandsbanka komi til með að búa til smá pening fyrir mann. Maður hlýtur að finna eitthvert verkefni fyrir peningana. Maður hefur ekki efni á öðru.

Spákaupmaðurinn á horninu







AURASÁLIN

## Er hægt að éta Excel skjöl?

**Eins og allir vita** eru bankar mikilvægustu stofnanir í hverju landi. Þetta má glögglega sjá á umfjöllun fjölmiðla um banka. Það er í bönkum þar sem verðmætin verða til. Einn gamall vinur Aurasálarinnar skilur þetta ekki og hélt því fram við Aurasálina að það væri fáránlegt hversu mikla lotningu fólk sé farið að sýna bankafólki og hversu mikið fjallað væri um bankana í fjölmiðlum.

**„Ef ég tek tíkall** og snú honum í nógu marga hringi – heldurðu þá að hann breytist í fimmtíu kall? Heldurðu það, ha?“ spurði vinur Aurasálarinnar. Og Aurasálin varð kjaftstopp. Auðvitað er þetta hárrétt hjá vini Aurasálarinnar. Þetta er svo augljóst að það þarf ekki einu sinni að gera tilraun en samt er það einmitt þetta sem menn gera í bönkunum. Þar sitja menn fyrir framan Excel skjöl allan daginn þangað til að augun í þeim verða rúðustrikuð.

**Og fyrir þessa Excel** leikfimi fá bankamenn borgað stórfé. Jafnvel milljónir í hverjum mánuði. Á sama tíma og þeir sem framleiða raunveruleg verðmæti – eins og fiskvinnslufólk og bændur fá ekki nema brotabrot af þessari upphæð í laun. Aurasálin hefur aldrei vitað til þess að menn éti Excel skjöl en samt fá menn milljónir fyrir að framleiða þau.

**Eftir að Aurasálin** hafði velt þessu mikla óréttlæti fyrir sér hafði hún samband við kunningja sinn sem vinnur í banka. „Hvernig er það – ertu búinn að smíða mikið í dag?,“ spurði Aurasálin. „Ha. Nei, hvað áttu við?,“ svaraði bankavinurinn. „Allt í lagi. En þú ert þá væntanlega búinn að flaka fisk, rækta tómata eða brugga einhvern landa, er það ekki?,“ spurði Aurasálin áfram. „Nei. Hvaða þrugl er þetta í þér. Ég hef engan tíma fyrir þetta í dag. Það eru að koma þriggja mánaða uppgjör. Heyrðu frekar í mér eftir viku,“ svaraði bankamaðurinn.

**En Aurasálin** gefst ekki upp. „Hvað ertu eiginlega að gera í vinnunni? Þú ert ekki að smíða neitt, rækta neitt, veiða neitt, slátra neinu eða brugga neitt. Eitthvað hlýtur þú að gera.“ Og ekki stóð á svarinu frá vini Aurasálarinnar. „Heyrðu, ég er að vinna hérna að áhættugreiningu og hef engan tíma fyrir þetta kjaftæði.“ „Til hvers,“ spurði Aurasálin. „Til að greina áhættu. Segir það sig ekki sjálft?“

**„Og hvað gerist** ef áhættan er ekki greind,“ spurði Aurasálin – og þá varð bankamaðurinn næstum kjafstopp. „Ég veit það ekki. Það eina sem ég veit er að það þarf að greina hana, til þess er hún.“ Þannig að þetta er semsagt málið. Það þarf að greina áhættu af því að áhættu þarf að greina. En það er ekki hægt að éta áhættugreiningar – það er alveg ljóst. Og ekkert er hægt að byggja úr áhættugreiningum. En samt er verið að borga fólki milljónir fyrir að vinna áhættugreiningar, býtta á hlutabréfum og gera yfirtökusamninga.

**Væri ekki nær** að þetta bankafólk færi að vinna við að grafa skurði og moka aftur ofan í þá? Er það ekki það sem það er hvort sem er að gera? Skapa áhættu, greina áhættu og koma í veg fyrir áhættu? Er þetta ekki sami hluturinn?



Fréttablaðið/GVA

**GÓÐ ÁR Á AKUREYRI** Guðbrandur Sigurðsson var forstjóri Útgerðarfélags Akureyringa í átta ár. Hann segist aldrei hafa skilið goðsögnina um að erfitt sé að kynnast Akureyringum.

# Á kafi í mjólkinni

**Guðbrandur Sigurðsson** stýrir nú stærsta fyrirtæki íslensks mjólkuriðnaðar. Hann réð áður ríkjum í Útgerðarfélagi Akureyringa á breytingartímum. *Hafliði Helgason* ræddi við hann meðal annars um sjávarútveg og landbúnað um leið og síðustu forvöð voru nýtt til að borða á Hard Rock Café í Reykjavík.

Guðbrandur Sigurðsson er við stjórnvölinn í sameinuðu fyrirtæki Mjólkursamsölunnar og Mjólkurbús Flóamanna. Hann stendur með sinni atvinnugrein og pantar sér undanrennu með hamborgaranum á Hard Rock. Hún er ekki til og ekki þýðir heldur að klifra upp eftir fituskala mjólkurinnar. Það eina sem er í boði er G mjólk. Niðurstaðan er því vatn.

Það eru að verða síðustu forvöð að borða á Hard Rock Café í Reykjavík, en í mjólkuriðnaðinum eru framundan spennandi tímar, þar sem gera má ráð fyrir að samkeppni við innflutning fari vaxandi. „Íslenskur mjólkuriðnaður mun keppa með því að vera með góða vöru og góða þjónustu.“

Guðbrandur er matvælafræðingur og hefur ekki farið langt frá þeirri grein. Hann fór í MBA nám til Edinborgar þegar hann vann hjá ÍS og snéri aftur til fyrirtækisins að námi loknu. Þar stýrði hann meðal annars verkefni á Kamtjaka þar sem hópur Íslendinga vann að viðskiptum einungis tengdir við umheiminn í gegnum Telex. „Það var mikill skóli.“

**Guðbrandur Sigurðsson**
Starf: Forstjóri MS og MBF
Fæðingadagur: 2. maí 1961 Maki: Rannveig Pálsdóttir Börn: Anna Katrín f. 1986, Nanna Kristín f. 2000 og Ingi Hrafn f. 2003

### MIKIÐ VÖRUÚRVAL

Hann var síðar ráðinn forstjóri Útgerðarfélags Akureyringa og leiddi félagið í gegnum miklar breytingar, þangað til nýir eigendur komu að félaginu. Nú er það hin stoðgrein Íslendinga gegnum tíðina, landbúnaður, sem á hug hans allan. „Nú er lambakjötssalan að aukast og ég er klár á því að eitt af því sem veldur því er vöruþróun,“ segir Guðbrandur og bendir á að þótt bestu bitarnir séu dýrir, þá sé fólk tilbúið að greiða hátt verð fyrir góða vöru. „Í mjólkuriðnaðinum hafa menn verið mjög meðvitaðir um gott vöruframboð. Ég vann að verkefnum í Noregi og þegar það var í myndinni að ég færi að starfa við mjólkuriðnaðinn, þá fór ég að horfa í mjólkurkælinn í verslunum. Úrvalið af mjólkurvörum er miklu minna þar en hér.“

Guðbrandur stýrði hagræðingu og breytingum hjá ÚA og sama er upp á teningnum í landbúnaði. „Það er búin að eiga sér stað óhemju mikil hagræðing í mjólkuriðnaðinum. Þessi grein er að mörgu leyti hálfopinber. Það er verðlagsnefnd sem ákveður verðið og nú er þriðja árið þar sem menn eru að keyra á sama verði. Það hefur verið stefnan að hafa óbreytt verð á þeim vörum sem eru í boði, en nýjar vörur eru svo kannski verðlagðar á annan hátt sem hefur hvatt til vöruþróunar.“ Vöruþróunina segir hann einnig rekna áfram af nýjungagirni Íslendinga. „Markaðurinn er smár og tiltölulega auðvelt að prófa nýjar vörur.“ Hann segir kröfur um árangur miklar í mjólkurframleiðslunni, bæði í framleiðslunni og á markaðshliðinni. „Eins og ég sé þetta þá er mjólkurframleiðslan á margan hátt hornsteinn landbúnaðarins í dag. Þarna hafa menn verið að ná miklum árangri og mikið er um að vera.“

### HOLLUSTAN Í MJÓLKINNI

Umræður hafa verið um að flytja inn afkastameira norskt kúakyn. Guðbrandur segir að mörgu að hyggja í því. „Einn hluti markaðarins sem við erum að vinna á er þegar við notum mjólkina í efni sem hafa áhrif á heilsuna, eins og LGG sem róar magann og LH fyrir blóðþrýstingsstjórnina. Það er alltaf að koma betur og betur í ljós að mjólkin hefur að geyma alls konar lífvirk efni sem eru holl.“ Uppruni mjólkur getur því skipt miklu. „Ég drekk sjálfur undanrennu og mér finnst sláandi hvað undanrennan er vond í útlöndum.“

Framundan er að búa til eina heild úr tveimur stórum fyrirtækjum í greininni. „Þetta eru fyrirtæki sem hafa átt í nánum samskiptum í áratugi og Mjólkursamsalan hefur verið að selja stóran hluta af framleiðsluvörum Mjólkurbús Flóamanna. Þannig að þetta er þróunarferli sem hefur verið í gangi um langan tíma. Það sem nú tekur við er að spyrja sig hvað við gerum til framtíðar. Ég tel að fyrirtækin hafi góða möguleika á að framleiða góða vöru sem fellur vel að íslenskum markaði. Svo verður bara að koma í ljós hvernig innflutningur þróast. Það er líka ljóst að það verður meiri samkeppni innanlands sem er bara af hinu góða.“

**Einn hluti markaðarins sem við erum að vinna á er þegar við notum mjólkina í efni sem hafa áhrif á heilsuna, eins og LGG sem róar magann og LH fyrir blóðþrýstingsstjórnina. Það er alltaf að koma betur og betur í ljós að mjólkin hefur að geyma alls konar lífvirk efni sem eru holl.**

### RÓLEGUR YFIR EIGENDASKIPTUM

Útgerðarfélag Akureyringa sameinaðist Haraldi Böðvarssyni og Skagstrendingi í Brimi. Stærsti eigandin var Burðarás sem var dótturfélag Eimskipafélagsins og meðan unnið var að því að ná fram hagræðingu í nýju fyrirtæki varð Eimskipafélagið þungamiðja uppstokkunar í viðskiptalífinu. Guðbrandur segist ekki hafa látið það trufla sig. „Ég áttaði mig á því að hugur nýrra eigenda beindist ekki að sjávarútvegi og ekkert við því að athuga. Okkur hafði tekist að láta ÚA vaxa sem einingu um 20 prósent á ári. Ég tók þá afstöðu að vinna vel og að heilindum með eigendunum við að selja þessi fyrirtæki. Burðarás hagnaðist um þrjá milljarða á sölunni.“ Þróunin í sjávarútvegi er honum ennþá hugleikin. „Það gildir ekki bara um þessi fyrirtæki, heldur mörg önnur, að sjávarútvegsfyrirtæki hafa skuldsett sig mjög mikið svo menn eru búnir að taka ákveðið forskot á hagræðingu í greininni sem hlýtur að bitna á möguleikum sjávarútvegs að takast á við ný verkefni.“

Fjölskyldan bjó á Akureyri í átta ár og Guðbrandur segir að þeim hafi liðið vel fyrir norðan. „Við eigum litla íbúð fyrir norðan, því við vildum ekki tapa alveg tengslunum.“ Hann segir að eftir dvölina eigi þau marga góða vini á Akureyri. „Ég hef aldrei skilið þá kenningu að það sé erfitt að kynnast Akureyringum.“ Guðbrandur á þrjú börn og söngdrottningin Anna Katrín, sem náði frábærum árangri í Idolkeppninni, var unglingsárin fyrir norðan. Yngri börnin eru tveggja og fjögurra ára og minnast því ekki fjölskyldulífs á Akureyri. Guðbrandur segir að þegar saman fari erilsamt starf og ung börn þá sé ekki tími fyrir annað. „Ég reyni að verja frítímanum með fjölskyldunni. Þegar maður býr í burtu frá ættingjum þá þarf fjölskyldan að vera sjálfri sér nóg. Maður fær samhentari fjölskyldu fyrir vikið.“

HÁDEGISVERÐURINN

*Með Guðbrandi Sigurðssyni*
*forstjóri sameinaðs félags MS og MBL*

*Hádegisverður fyrir tvo á Hard Rock Cafè*

*Ostborgari með beikoni*

Drykkir

*Coke og vatn*

*Alls krónur 2.980*


Talstöðin
FM 90,9
SÖGUR AF FÓLKI
Í umsjón Róberts Marshall.
Alla laugardaga kl. 13.

FRAMTÍÐIN
Sími 525 8800
www.framtidin.is
VANTAR Í GRAFARVOGI
4RA HERBERGJA ÍBÚÐ
Fyrir fjölskyldu sem er búin að selja. Hringið strax í Óla, sölustjóra í 897-3030 eða beint á skrifstofuna 525-8800. Ekkert skoðunargjald.
Þorsteinn Eggertsson, lögg. fasteigna- og skipasali

Ertu í starfsmannaleit?
Viltu aðstoð?
Höfum mikinn fjölda af hæfu starfsfólki á skrá hjá okkur.
Veitum persónulega og góða þjónustu framkvæmda af fagfólki.
www.radning.is
RÁÐNINGAR ÞJÓNUSTAN
...framtíðin er ráðin
Háaleitisbraut 58-60 • Sími: 588-3309 • Fax: 588-3659
www.radning.is • radning@radning.is

Vilt þú starfa fyrir námsmenn erlendis?

Staða framkvæmdarstjóra SÍNE er laus
Nánari upplýsingar er að finna á www.sine.is
Samband Íslenskra Námsmanna Erlendis

# Verkefnastjórnun

**Heimir og Þorgeir ehf. óska eftir að ráða verkefnastjóra í jarðvinnuverkefnum.**

HEIMIR og ÞORGEIR VERKTAKAR - VÉLALEIGA

**Helstu verkþættir**
- Verkáætlanir og utanumhald verka.
- Efnisnotkun og stýring á aðföngum á verkstað.
- Milli- og lokauppgjör verka.
- Samskipti við verkkaupa.
- Gæðastjórnun.
- Mælingar og magntökur.
- Öryggismál.

**Hæfniskröfur**
- Leitað er að einstaklingi sem hefur tæknilega þekkingu og reynslu til þess að aðstoða verkstjóra, æskilegt er að viðkomandi hafi menntun til þess að vera byggingastjóri.
- Tölvukunnáttu í word og excel. Að auki er æskilegt að viðkomandi hafi grunnþekkingu á forritunum Acad, Microsoft projekt og verkbókhaldsforritinu Navision.
- Viðkomandi þarf að vera réttsýnn, heiðarlegur og sannsögull, sæmilega ritfær og með staðgóða kunnáttu í stærðfræði.
- Hann þarf að eiga gott með mannleg samskipti og hafa prúða framkomu, en vera þó fylginn sér í þeim málum sem honum verða falin og geta tekið á þeim með hagsmuni fyrirtækisins og starfsmanna þess að leiðarljósi.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 7. maí nk. Númer starfs er **4432**.

Upplýsingar veitir Þórir Þorvarðarson. Netfang: thorir@hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum
Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík
Sími 520 4700 • Fax 520 4701
www.hagvangur.is

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

# Sérfræðingar í fjárstýringu

**Sparisjóðabanki Íslands hyggst efla fjárstýringu bankans þannig að hún verði enn betur í stakk búin að sinna lykilhlutverki sínu innan bankans ásamt því að veita sparisjóðum og öðrum viðskiptamönnum framsækna þjónustu. Leitað er að eftirfarandi starfsfólki:**

**a** Sérfræðingi í greiningu. Áhersla er lögð á greiningu á almennu efnahagsástandi og öðrum þáttum sem hafa áhrif á gengisþróun gjaldmiðla og vaxtaþróun. Viðkomandi mun einnig taka þátt í því þróa og kynna einstaka þjónustuþætti fjárstýringar.

**b** Sérfræðingi á millibankaborði fjárstýringar. Meginverkefni á millibankaborðinu snúa að viðskiptum á millibankamarkaði, verðlagningu fjármálaafurða og stöðutöku bankans í gjaldeyri og verðbréfum auk annarra hliðstæðra verkefna. Starfsreynsla er skilyrði.

**c** Sérfræðingum (miðlurum) á söluborði fjárstýringar. Viðkomandi munu annast samskipti við viðskiptamenn fjárstýringar, vera þeim til ráðgjafar í gjaldeyrisviðskiptum og áhættustýringu auk þess að taka þátt í þróun og verðlagningu þjónustuþátta fjárstýringar. Starfsreynsla er skilyrði.

Frekari upplýsingar veitir Kristján Sigurðsson, staðgengill framkvæmdastjóra viðskiptastofu. Sími: 540 4000, tölvupóstfang: **kristjan@icebank.is.**

**Skriflegar umsóknir sendist fyrir 10. maí 2005 til Sparisjóðabanka Íslands, Rauðarárstíg 27, 105 Reykjavík merktar *Laus störf í fjárstýringu* eða á tölvupóstfangið icebank@icebank.is**

Sparisjóðabanki Íslands hf. er viðskiptabanki í eigu allra sparisjóða í landinu og var hann stofnaður 1986. Auk þjónustu og viðskipta við sparisjóði á bankinn margvísleg viðskipti við fjármálafyrirtæki og aðra viðskiptamenn hér á landi og erlendis, þó ekki almenning. Bankinn leggur áherslu á gott starfsumhverfi og staðlaðar mælingar sýna mikla ánægju starfsfólks.

SPARISJÓÐABANKI ÍSLANDS HF.
ICEBANK

# Hjóla í vinnuna

## Yfir fögur hundruð lið frá íslenskum fyrirtækjum taka þátt í hjólaátaki og skilja bílinn eftir heima.

Hjólandi fólk er einn af vorboðunum og stendur átakið Hjólað í vinnuna yfir frá öðrum til þrettánda maí. 242 vinnustaðir um allt land hafa skráð 397 lið til leiks og ríkir mikill keppnisandi hjá fjölmörgum liðunum. Aldrei hafa fleiri lið verið skráð og því mun þátttökumetið falla þetta árið, líkt og áður, en keppnin er nú haldin í þriðja sinn. Ellert B. Schram forseti ÍSÍ opnaði Hjólað í vinnuna formlega og í framhaldinu fluttu Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra, Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri og Ásgeir Eiríksson framkvæmdastjori Strætó BS hressileg ávörp í tilefni dagsins. Anna Elísabet Ólafsdóttir sló síðan botninn í dagskrána með því að færa Hjólað í vinnuna sérsaminn söng frá Lýðheilsustöð. - dh



**HJÓLAÐ AF STAÐ** Þátttaka hefur aldrei verið meiri



**„ÞÚ MEÐ HJÓLREIÐUM HEILSUNA RÆKIR"** Ellert B. Schram, forseti ÍSÍ, Anna Elísabet Ólafsdóttir, forstjóri Lýðheilsustöðvar, Jón Kristjánsson, heilbrigðisráðherra, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, borgarstjóri og Ásgeir Eiríksson, framkvæmdastjóri Strætó BS.

## Hjólað í vinnuna

**Það er hressandi að hjóla í vinnu,**
**hreyfa skrokkinn og liðka í senn.**
**Og í buddunni bata þú finnur**
**því að bensínið hækkar víst enn.**
**Fyrir umhverfið umhyggju berðu**
**og þinn útblástur skaðar ei neitt.**
**Allt í nærmynd í náttúru sérðu**
**og nýtur lífsins, já alveg út í eitt.**

**Þó á hjóli þú ferðist í friði**
**framtaksemin á Netið er skráð,**
**því að nú er sko Ísland á iði,**
**út og suður er baráttan háð.**
**Hvort sem liðið þitt sigurinn sækir**
**er að sjálfsögðu ágóðinn vís.**
**Þú með hjólreiðum heilsuna rækir,**
**og hlýtur veglegan lífstíðarprís.**

Lag: Undir bláhimni.
Texti: Unnur Halldórsdóttir



**HRESSANDI AÐ HJÓLA Í VINNU** Steinunn Valdís Óskarsdóttir, borgarstjóri og Ásgeir Eiríksson, framkvæmdastjóri Strætó BS.


VÍKURVAGNAKERRURNAR
ÞESSAR STERKU



Allar gerðir af kerrum
Allir hlutir til kerrusmíða
VÍKURVAGNAR EHF.
Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is



HÚSIÐ
FYRIRTÆKJASALA
- heilshugar um þinn hag -
Suðurlandsbraut 50 · bláu húsin v/Faxafen · 108 Reykjavík
533 4300
Ingvaldur Mar Ingvaldsson • viðskiptafræðingur
ingvaldur@husid.is

FYRIRTÆKI TIL SÖLU...

**LÍTIL HEILDSALA MEÐ ÁFENGI.** Góð vörumerki á uppleið.

**HÚÐMEÐFERÐARSTOFA,** tilvalið fyrir snyrtifræðing eða hjúkrunarfræðing, góð staðsetning og góð viðskiptavild.

**MATSÖLUSTAÐUR** á mjög góðum stað, góð hugmynd sem hægt er að útfæra enn frekar.

**HÁRSNYRTISTOFA,** 6 stólar, góð rekstrarsaga, upplagt fyrir eina til tvær manneskjur.

**MATSÖLUSTAÐUR,** tveir staðir, lítið mannahald og góðar staðsetningar.

**JÓLATRÉSALA,** gott tækifæri fyrir ungt athafnafólk, stutt vertíð og góð innkoma.

**GRILL OG SÖLUTURN** í eigin húsnæði í úthverfi borgarinnar. Staður í góðum rekstri, 20 ára saga.

**TIL LEIGU GISTIHÚS** utan höfuðborgarsvæðið, 17 herbergi og veitingarrekstur. Áhugaverður kostur fyrir þá sem eru með góðar hugmyndir en vilja lágmarka áhættu.

**GISTIHEIMILI** á góðum stað í höfuðborginni. Er nú í langtímaleigu.

**VIÐGERÐAR- OG DEKKJAVERKSTÆÐI** í fullum rekstri, glæsilegt húsnæði, tvær innkeyrsludyr, góð staðsetning. Fín eining fyrir tvær manneskjur.

SÖLUSKRÁ HÚSSINS ER Á VEF WWW.HUSID.IS
Salómon Jónsson • Löggiltur fasteignasali



Geymslu-
og dekkjahillur



í bílskúrinn, geymsluna, heimilið og fyrirtækið
Þessar hillur geta allir sett saman. Skrúfufrítt og smellt saman.
kr.7.700.-
viðbótareining kr. 5.586.-
Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609
www.isold.is

# Frumsýning á Evrópugerð af Grand Cherokee 2005






2ja ára verksmiðjuábyrgð - Sérhæft þjónustuverkstæði með bilanaleitatölvu sem tryggir vönduðvinnubrögð

**Eigum á lager nokkra Jeep Grand Cherokee árg. 2005, Evrópugerðir með 2ja ára verksmiðjuábyrgð**

## Verð frá kr. 4.680.000.-

**Studiobilar ehf**. Sími: 5400 800 / 540 6700 Fax: 5400 801 Smiðsbúð 2
210 Garðabær - E-mail: studiobilar@studiobilar.is

**www.studiobilar.is**

Opið mánud.-föst. kl.9-18 laugard. kl.12-16

# Reiðufé minnst notað á Íslandi

**Hvað eru margir seðlar í umferð? En margar myntir?**
Í lok marsmánaðar sl. var verðmæti seðla í umferð utan Seðlabankans (SÍ) 9,8 ma.kr. Fjöldi seðla í umferð í lok mars var 5,3 milljónir (án 10, 50 og 100 kr. seðla sem enn eru lögeyrir). Í lok mars var verðmæti myntar í umferð um 1,6 m.kr. Fjöldi mynta í umferð var um 129 milljónir stykkja.

TÖLVUPÓSTURINN

*Til Tryggva Pálssonar, framkvæmdastjóra fjármálasviðs Seðlabankans*



**Hver er algengasti seðillinn í umferð? En myntin?**
1.000 kr. seðilinn er algengasti seðilinn í umferð á Íslandi. Í lok mars voru um 2,2 milljónir 1.000 kr. seðla í umferð. Einna krónu myntin er algengasta myntin. Í lok mars voru 73 milljónir einnar krónu peningar í umferð.

**Hefur aukning á notkun greiðslukorta breytt peningaútgáfu Seðlabankans? Er minni þörf fyrir peninga?**
Greiðslumiðlun á Íslandi er háþróuð en samt hefur þörfin fyrir seðla og mynt haldist síðustu áratugi. Ísland er það land í heiminum sem notar minnst af seðlum og mynt og hlutfall þeirra af landsframleiðslu er aðeins um 1%. Í nágrannalöndum okkar er þetta hlutfall um 2-10%. Svona hefur þetta verið í um 20 ár en hafði lækkað verulega áður, fyrst vegna mikillar notkunar á tékkum og síðan vegna tilkomu greiðslukorta.

**Er vitað hve hátt hlutfall viðskipta fer fram þar sem peningar eru greiðslumiðill?**
Langstærstur hluti viðskipta á Íslandi er gerður með öðrum greiðslumiðlum en seðlum og mynt. Verslanir geta tilgreint hvernig skiptingin er hjá þeim en mér er ekki kunnugt um að slík úttekt hafi verið gerð fyrir þjóðfélagið í heild.

**Hvað kostar mikið að prenta og slá hvern pening? Hver er þessi kostnaður á ári?**
Í skýringum sem fylgja með ársreikningi SÍ má finna upplýsingar um beinan kostnað bankans vegna seðla og myntar. Langstærstur hluti þessa kostnaðar er vegna innkaupa á seðlum og mynt og er hann breytilegur á milli ára. Á árinu 2004 var þessi kostnaður um 129 m.kr. og árið 2003 var hann um 39 m.kr. Það kostar um 11 krónur að prenta hvern seðil og nokkrar krónur að slá hverja mynt.

**Er Seðlabankinn hættur að gefa út 2000 kr. seðla?**
Sá seðill var fyrst settur í umferð árið 1995 en í fyrra setti bankinn um 500 m.kr. af 2.000 kr. seðlum í umferð. Í lok marsmánaðar var verðmæti 2.000 kr. seðla um 2,8% af heildarverðmæti allra seðla í umferð.

**Eru til einhverjar upplýsingar um fjölda falsaðra seðla í umferð á Íslandi?**
Almennt má segja að seðlafalsanir séu fátíðar á Íslandi. Í skýrslunni Afbrotafræði 2003 sem Ríkislögreglustjórinn gaf út í nóvember sl. má finna upplýsingar um fjölda skráðra brota vegna peningafals. Í fyrra voru t.d. 16 skráð brot en árin á undan voru þau fleiri. Seðlagreiningardeild SÍ greinir að jafnaði um 16 milljónir seðla á ári. Í greiningu seðla felst m.a. að leitað er að fölsunum. Á þessu ári hefur greiningardeildin fundið einn falsaðan seðil.

**Hvað er mikið af peningum í seðlageymslum Seðlabankans? Af hverju?**
Í lok marsmánaðar voru 11, 4 m.kr. af seðlum og mynt í umferð fyrir utan SÍ. Seðlar námu um 9,8 m.kr. og mynt um 1,6 m.kr. Nokkrar sveiflur eru í peningum í umferð, mest er af peningum í umferð í kringum stórhátíðir og stórar ferðahelgar. Síðustu ár hafa peningar í umferð á Íslandi aukist um 10% á ári. Á hverju ári eyðir bankinn um 5 milljónum stykkja af ónothæfum seðlum og nokkru magni af ónýtri mynt. Birgðahald bankans miðast við að eiga nægjanlega mikið af seðlum og mynt til að mæta eftirspurn eftir reiðufé.

**Hvað er mikið af gulli í Seðlabankanum? Af hverju?**
Í árslok 2004 nam gulleign bankans um 1,7 m.kr. Gulleignin er tilkomin vegna þess að ákveðinn hluti gjaldeyrisforða bankans er ávaxtaður í gulli. Gulleign SÍ er geymd og ávöxtuð erlendis, fyrir utan lítið magn af minnispeningum úr gulli sem geymdir eru í fjárhirslum bankans.

# Notuðum fisk sem gjaldmiðil

Peningar snerta daglegt líf flestra. **Ásgeir Jónsson** segir í samtali við *Björgvin Guðmundsson* að fyrst hafi verið farið að nota pappírspeninga á Íslandi á 18. öld. Í dag er innan við tíu prósent af öllu peningamagni í umferð í formi seðla og mynta. Fólk notar frekar greiðslukort og millifærir peninga inni í bankakerfinu.



Fréttablaðið/VALLI

**ÁSGEIR JÓNSSON HAGFRÆÐINGUR** „Í gamla daga notuðu menn fisk, sem var okkar helsta útflutningsvara. Það þýddi samt ekki að menn væru gangandi með fisk í vasanum."

„Peningar gegna margvíslegu hlutverki í hagkerfinu," segir Ásgeir Jónsson, hagfræðingur og lektor við Háskóla Íslands. „Samkvæmt skilgreiningum í hagfræðibókum má greina hlutverk þeirra í þrennt: Í fyrsta lagi eru peningar notaðir sem greiðslumiðill. Með þeim er einnig hægt að mæla hlutfallslegt verð; hvað ein vara kostar miðað við aðra. Í þriðja lagi eru peningar notaðir til að geyma verðmæti."

Ásgeir segir að fyrr á öldum hafi Íslendingar notað fisk og álnir vaðmáls sem greiðslumiðil svipað og pappírspeninga í dag vegna skorts á góðmálmum. Þaðan séu gömlu orðtækin *að komast í álnir* og *að vera ekki upp á marga fiska* dregin.

MÁLIÐ ER *Peningar*

Stemmningin á Anfield í gærkvöld var ólýsanleg og leiða má líkur að því að hávaðinn á leikvanginum hafi sjaldan eða aldrei mælst jafn mikill.

Liverpool stillti upp sama liði og í fyrri leiknum nema að Þjóðverjinn Dietmar Hamann kom inn í liðið í stað Xabi Alonso sem var í leikbanni. Damien Duff var úrskurðaður óleikfær skömmu fyrir leikinn og sem fyrr treysti Jose Mourinho Arjen Robben ekki til að vera í byrjunarliðinu. Þar var hins vegar Eiður Smári Guðjohnsen og lék hann í stöðu fremsta miðjumanns.

Það var bersýnilegt að taugatitringurinn í leikmönnum beggja liða var mikill og voru lætin í áhorfendum engu lík. Það var því ekki furða að leikmenn Chelsea hefðu vankast þegar Garcia kom Liverpool yfir strax í upphafi. Markið sló gestina út af laginu en veitti heimamönnum að sama skapi mikið sjálfstraust. Fyrstu 20 mínúturnar var leikur Chelsea ekki svipur hjá sjón og hafði Liverpool nokkra yfirburði. Áhorfendurnir voru sannarlega á við tólfta mann Liverpool því að þeir þögnuðu aldrei og bauluðu meðal annars í hvert sinn sem Eiður Smári snerti boltann vegna spjaldsins sem hann fiskaði á Alonso í fyrri leiknum.

Eftir því sem leið á leikinn komst Chelsea meira inn í hann á meðan leikmenn Liverpool bökkuðu enn frekar. Chelsea saknaði hins vegar sárt manna á borð við Duff og Robben, því að sóknarleikur liðsins var hugmyndasnauður með eindæmum og var Eiður Smári í raun sá eini sem náði að búa eitthvað til.

### Ekkert gekk upp við markið

Chelsea hóf síðari hálfleikinn af krafti og var miklu meira með boltann, en sem fyrr var eins og leikmenn liðsins rækjust á vegg þegar þeir nálguðust vítateigslínuna. Enn einu sinni í Meistaradeildinni var Jamie Carragher að spila eins og engill en hinum megin var Frank Lampard aðeins skugginn af sjálfum sér og munaði þar um minna.

Á 68. mínútu var Robben loksins kynntur til leiks og frískaði hann eilítið upp á sóknarleik Chelsea. Þegar tæpar tíu mínútur voru eftir skoppaði boltinn framhjá þremur sóknarmönnum Chelsea eftir fyrirgjöf Robbens og undirstrikaði það lánleysi gestanna upp við markið.

Á 96. mínútu fékk Eiður Smári síðan færið ótrúlega og á hann væntanlega eftir að dreyma þetta augnablik næstu nætur og velta því fyrir sér hvernig hann fór að því að brenna af.

Carragher, sem lék sennilega sinn besta leik á ferlinum í gær, sagði eftir leikinn að Liverpool hefði ekki enn lokið ætlunarverki sínu. „Ég hef aldrei upplifað annað eins andrúmsloft og ég vona að þessir stuðningsmenn fylgi okkur í úrslitaleikinn."

vignir@frettabladid.is



**Í ÚRSLITALEIKINN** Leikmenn Liverpool réðu sér vart að kæti eftir að flautað hafði verið til leiksloka í leiknum gegn Chelsea í gærkvöldi. Liðið er nú komið í úrslitaleik Meistaradeildarinnar í sjötta sinn í sögu félagsins. Fréttablaðið/AP

Pétur Marteinsson:

## Jafntefli í gær

**FÓTBOLTI** Hammarby og Malmo gerðu 1-1 jafntefli í sænsku úrvalsdeildinni í fótbolta í gærkvöld. Pétur Marteinsson, sem lék allan leikinn fyrir Hammarby, varð fyrir þeirri óskemmtilegu reynslu að viðbeinsbrjóta andstæðing sinn, Niklas Skoog, í leiknum sem var vitaskuld algjört óviljaverk. - esá




Framlengt í Vestmannaeyjum og Haukar geta tryggt sér titilinn á morgun:

## Haukar sigldu áfram á reynslunni



**13 MÖRK** Ásgeir Örn Hallgrímsson átti drjúgan hlut í sigri Haukamanna í gærkvöld og skoraði í leiknum þrettán mörk. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

**HANDBOLTI** Það er að duga eða drepast fyrir Eyjamenn eftir tap fyrir Haukum í öðrum leik liðanna í úrslitarimmu DHL-deildar karla. Svo virtist lengi vel að heimamenn ætluðu að tryggja sér sigurinn en Hafnfirðingum tókst að jafna er fimm sekúndur voru eftir af venjulegum leiktíma. Jón Karl Björnsson, sem tók stöðu markvarðarins og klæddist því vestinu fræga, var þar að verki og skoraði jöfnunarmarkið með lúmsku snúningsskoti úr vinstra horninu.

Þjálfarar beggja liða voru sammála um það eftir leikinn að Vestmannaeyingar höfðu kastað sigrinum frá sér á lokamínútum leiksins. Skrifast það einfaldlega á reynsluleysi þeirra en þeir eru að leika í fyrsta sinn í úrslitum. Haukar sigu fljótlega fram úr í framlengingunni og var sigurinn aldrei í hættu.

Hjá meisturunum var Ásgeir Örn Hallgrímsson yfirburðamaður með sín tólf mörk en þess skal einnig getið að Þórir Ólafsson skoraði fjögur mjög dýrmæt mörk úr hraðaupphlaupum. Birkir Ívar hefur oft leikið betur en hann brást þó ekki í framlengingunni þar sem hann lokaði hreinlega markinu.

Hjá ÍBV voru erlendu mennirnir, Robert Bognar og Tite Kalandaze, atkvæðamiklir þó svo að sá síðarnefndi hefði verið tekinn úr umferð allan leikinn. Þá kom á óvart að unglingalandsliðsmaðurinn Kári Kristjánsson hafi byrjað inn á í stöðu línumanns í leiknum en Svavar Vignisson átti góða innkomu og skoraði alls sex mörk, flest í síðari hálfleik.

Sigurður Ari Stefánsson átti vægast sagt dapran dag og gekk lítið sem ekkert upp hjá honum í leiknum.

„Við sögðum í hálfleik að alveg sama í hverju við myndum lenda í seinni hálfleik yrði barist fram á síðustu mínútu og það gerðum við svo sannarlega," sagði Páll Ólafsson þjálfari Hauka. „Ég var kannski ekki orðinn svartsýnn en manni líður skiljanlega ekki vel þegar liðið er fimm mörkum undir og tíu mínútur eftir."

Birkir Ívar náði svo að loka á Tite í framlengingunni?

„Já, það var kominn tími á að hann tæki einhver skot frá honum en það gerðist sem betur fer á réttum tíma. Þessari rimmu er langt í frá lokið enda þarf þrjá sigra og við bara búnir að vinna tvo. Við þurfum að klára þetta dæmi á næstu 60 mínútum," sagði Páll.

Þriðji leikur í úrslitarimmu Hauka og ÍBV fer fram á Ásvöllum annað kvöld og hefst hann klukkan 19.40.

- esá, - jiá



**EFTIRSÓTTUR** Fjölmörg félög vilja skoða Ólaf Inga Skúlason næstu vikurnar.

Ólafur Ingi Skúlason á ferð og flugi næstu vikurnar:

# Fimm félög í þrem löndum vilja skoða Ólaf Inga

**FÓTBOLTI** Fyrirliði íslenska U-21 árs liðsins, Ólafur Ingi Skúlason, verður á ferð og flugi næstu vikurnar. Hann er að losna undan samningi við Arsenal í sumar og þarf því að finna sér nýtt félag hið fyrsta. Honum ætti að reynast það auðvelt því eftirspurnin er mikil en hann mun heimsækja fimm félög sem hafa lýst yfir áhuga á honum á næstu vikum.

Fyrsta stopp er í Skotlandi en þangað hélt Ólafur Ingi í morgun en hann verður næstu daga til reynslu hjá Hjálmari Þórarinssyni og félögum í Hearts.

Þaðan heldur hann til Hollands þar sem hann mun verða við æfingar hjá Groningen og einnig hugsanlega hjá Feyenoord. Að lokum mun Ólafur Ingi væntanlega halda til Ítalíu en Torino og Perugia vilja ólm skoða Árbæinginn efnilega.

„Þetta verður mikil reisa og gæti tekið allt í fjórar vikur. Þetta er hið besta mál enda þarf maður að halda sér við fyrir landsleikina með unglingalandsliðinu," sagði Ólafur Ingi í samtali við Fréttablaðið í gær. „Það er búið að spyrjast töluvert mikið um mig og það er mjög ánægjulegt."

Ólafur Ingi á ekki von á því að hann komi heim og leiki með Fylki í sumar. Hann ætlar sér að finna lið áður en hann heldur í frí.

„Nú er þetta undir manni sjálfum komið og maður verður að gjöra svo vel að geta eitthvað hjá þessum liðum ef maður ætlar að vera áfram í atvinnumennsku. Ég hef ekkert spáð í hvar ég vilji helst spila. Það sem skiptir mig mestu máli er að fá að spila með aðalliði og að liðið leggi mikla áherslu á að fá mig. Maður vill finna fyrir áhuganum hjá liðunum. Ég vil spila með liði sem hefur alvöru áhuga á að fá mann til sín," sagði Ólafur Ingi Skúlason.

henry@frettabladid.is



**SJÓÐHEITUR** Andriy Shevchenko hefur farið á kostum með Milan í vetur.

Meistaradeild Evrópu:

# Kemst Milan í úrslit?

**FÓTBOLTI** Síðasti leikurinn í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu fer fram í Hollandi í kvöld þegar PSV Eindhoven tekur á móti AC Milan. Ítalska liðið er með vænlega stöðu en þeir unnu heimaleik sinn, 2–0.

Mikil meiðsl herja á herbúðir PSV þessa dagana og ástandið versnaði mikið um helgina þegar framherjarnir DaMarcus Beasley og Jefferson Farfán meiddust. Fyrir voru á sjúkralistanum ekki lakari menn en Wilfrde Bouma og Kóreubúinn Park.

„Við þurfum að tefla djarft og það er aldrei að vita hverju við tökum upp á," sagði töframaðurinn Guus Hiddink, þjálfari PSV. „Það er ljóst að við verðum að sækja og ég er alvarlega að skoða þann möguleika að fækka í vörninni hjá mér."

AC Milan mætir með sitt sterkasta lið til Hollands en ástand liðsins er svo gott að þjálfari liðsins, Carlo Ancelotti, gat leyft sér að hvíla lykilmenn um síðustu helgi er Milan sigraði Fiorentina, 2-1. Andriy Shevchenko skoraði bæði mörk Milan í leiknum og hann verður með í kvöld.

- hbg







# Þrír NM-titlar að verja í Svíþjóð

Fjögur unglingalandslið eru á leiðinni á Norðurlandamót unglinga í körfubolta sem hefst í Stokkhólmi í kvöld. Íslensku keppendurnir munu freista þess að verja þrjá titla frá síðasta móti.

KÖRFUBOLTI Það er nóg að gera hjá efnilegasta körfuboltafólki landsins þessa daganna þrátt fyrir að að körfuboltatímabilinu hér heima sé formlega lokið, því framundan er Norðurlandsmót unglinga í körfubolta sem fer fram í Stokkhólmi og hefst í dag.

Íslensku krakkarnir flugu út í morgun og keppa sína fyrstu leiki í kvöld. Það er ljóst að það verður erfitt að toppa árangur síðasta vors þegar íslensku landsliðin komu heim með þrjár Norðurlandameistaratitla af fjórum mögulegum og skildu hinar Norðurlandaþjóðirnar eftir gapandi yfir því hvernig litla þjóðin í norðri væri gæti tekið þrjú gull á einu og sama mótinu. Að þessu sinni má búast við að stóru nágrannarnir ætli að sýna og sanna styrk sinn.

### Brynjar leikjahæstur

Ingi Þór Steinþórsson þjálfar 18 ára landslið karla en 18 ára landsliðið náði öðru sætinu undir hans stjórn fyrir tvemur árum. Reykjavíkurfélögin Fjölnir (4) og KR (3) eiga flesta menn í tólf manna hópnum en Brynjar Þór Björnsson úr KR er leikjahæstur með 25 leiki og ætti að öllu eðlilegu að jafna leikjamet Gunnars Einarssonar sem lék 30 landsleiki í drengja- og unglingalandsliðinu. Brynjar er auk þess einn af sex leikmönnum sem urðu Norðurlandameistarar með 16 ára liðinu í fyrra en aðeins einn nýliði er í hópnum, Skagamaðurinn Vésteinn Sveinsson.

Ágúst Björgvinsson þjálfar 18 ára landslið kvenna en Ísland hefur ekki náð að vinna leik í þessum árgangi undanfarin tvö ár en það má búast við það breytist í ár enda liðið sterkt og vann meðal annars A-landsliðið í æfingaleik fyrir mótið.

Átta leikmenn liðsins urðu Norðurlandameistarar með 16 ára liðinu í fyrra og sex koma úr liði Hauka sem endaði í öðru sæti á óopinberu Norðurlandamóti félagsliða í vetur þar sem fyrirliðinn Helena Sverrisdóttir, körfuknattsleikkona ársins í 1. deild kvenna, var valin besti leikmaður mótsins. Helena er leikjahæst í liðinu með 38 leiki fyrir yngri landsliðin en Keflvíkingurinn María Ben Erlingsdóttir kemur næst með 33 leiki. Aðeins einn nýliði er í hópnum, Sigrún Ámundadóttir úr Haukum.

### Njarðvíkurstrákarnir sterkir

Einar Árni Jóhannsson þjálfar 16 ára landsliðið en hann gerði 18 ára landsliðið að Norðurlandameisturum í fyrra. Fimm leikmenn komu úr hinum geysisterka 1989-árgangi úr Njarðvík sem hefur ekki tapað leik í fjögur ár og varð tvisvar óopinber Norðurlandameistari félagsliða á Scania Cup 2003 og 2004. Tveir leikmenn Njarðvíkurliðsins, Hjörtur Hrafn Einarsson og Ragnar Ólafsson hafa verið valdir Scania-kóngar sem bestu leikmenn síns árgangs. Hjörtur Hrafn og Þröstur Leó Jóhannsson úr Keflavík urðu Norðurlandameistarar með 16 ára liðinu í fyrra og eru þeir einu sem eiga landsleiki að baki. 16 ára landslið karla hefur unnið 8 af 10 leikjum sínum á Norðurlandamóti unglinga síðustu ár og það eru bundnar væntingar til strákanna í liðinu nú enda mynda þeir sterkt lið

Hlynur Skúli Auðunsson þjálfar 16 ára landslið kvenna sem hefur það stóra verkefni að fylgja á eftir Norðurlandameistaratitli 16 ára liðsins í fyrra. Skúli er kominn með mikla reynslu af þessu Norðurlandamóti enda á leiðinni út þriðja árið í röð. Stærsti hluti liðsins kemur úr þremur liðum, Grindavík (4), Haukum (3) og Hamri/Selfoss (3) en aðeins einn leikmaður hefur leikið landsleiki áður en það er Njarðvíkingurinn Margrét Karla Sturludóttur sem varð Norðurlandameistari með 16 ára landsliðinu í fyrra.

Norðurlandamótið hefst í dag og stendur fram á sunnudaginn þegar úrslitaleikir um sæti fara fram. ooj@frettabladid.is






LANDSLIÐIN FJÖGUR Í SVÍÞJÓÐ Hér má sjá alla 48 leikmenn íslensku unglingalandsliðanna sem verða í eldlínunni á Norðurlandamótinu í Svíþjóð sem hefst í kvöld. Fyrir ofan eru 18 ára landsliðin og fyrir neðan eru 16 ára landsliðin. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR Ó. JÓNSSON

Reynir Stefánsson ráðinn þjálfari handboltaliðs KA til næstu tveggja ára:

# Ákveðin viðurkenning fyrir mig

HANDBOLTI Reynir Stefánsson sem hefur verið aðstoðarmaður Jóhannesar Bjarnasonar hefur verið ráðinn þjálfari KA til næstu tveggja ára. Ásamt því að vera aðstoðarmaður Jóhannesar undanfarin 3 ár þá hefur Reynir þjálfað 2. flokk félagsins með góðum árangri.

Fréttablaðið náði tali af Reyni og spurði hann hvort þetta væri ekki viðurkenning fyrir það góða starf sem hann hefur unnið fyrir félagið.

„Þetta er vissulega ákveðin viðurkenning fyrir mig, það er ekki hverjum sem er hleypt hér að. Ég er búinn að þjálfa síðan ég var 16 ára og unnið með mönnum eins og Heimi Ríkharðssyni, Guðmundi Guðmundssyni og Atla Hilmarssyni og ég tel mig í stakk búinn fyrir þetta starf.“

Reynir sagðist enn fremur ekki búast við miklum breytingum á leikmannahópi liðsins.

„Það er komið á hreint að það verða allir leikmenn liðsins áfram og það er mikið ánægjuefni og svo stefnum við á að styrkja liðið um 2-3 leikmenn fyrir næsta vetur og þar er örvhent skytta efst á forgangslistanum,“ sagði Reynir Stefánsson nýráðinn þjálfari KA.

- gjj



REYNIR TEKINN VIÐ KA Aðstoðarmaður Jóhannesar Bjarnasonar, Reynir Stefánsson, hefur verið ráðinn sem aðalþjálfari handboltaliðs KA.

Jónatan Magnússon:

## Leikmenn mjög sáttir

HANDBOLTI Fréttablaðið náði tali af fyrirliða KA, Jónatani Magnússyni, en hann hefur ákveðið að skrifa undir nýjan samning við KA enda mjög ánægður með nýja þjálfarann.

„Það er bara formsatriði að ganga frá samningnum og ég mun skrifa undir fljótlega,“ sagði Jónatan glaður í bragði í gær. „Leikmenn eru verulega ánægðir með þessa ráðningu og voru í raun að vonast til þess að Reynir yrði ráðinn enda toppmaður þar á ferð sem við treystum fullkomlega.“

Opið hús hjá SVFR
Föstudaginn 6. maí

- Sverrir Kristinsson segir sögur m.a. af Einari prentara
- Myndagetraun - gestir spreyta sig á að þekkja veiðistaði
- Veiðisögur - Páll Magnússon lætur nokkrar góðar flakka
- Veiðistaðalýsing - Stóra Laxá I og II í umsjón Lofts Atla Eiríkssonar
- Vísubotnakeppni
- Bjarni töframaður galdrar og sprellar
- Happahylurinn hefur sjaldan verið pakkaðri og er nú í boði Veiðihornsins.

Veitingar á vægu verði og heitt á könnunni.
Húsið opnar klukkan 20.00

Nýju „stelpurnar“ í skemmtinefndinni

SVFR VEIÐIHORNIÐ

DYNAPAC
Traustur tækjabúnaður




Valtara Jarðvegsþjöppur Malbikunarvélar Fræsarar

KRAFTVÉLAR
Dalvegi 6-8 · 201 Kópavogur
Sími 535 3500 · Fax 535 3509
www.kraftvelar.is




*Byggjum upp vímulausa framtíð*
í samstarfi við ...

**Reykjavík**
Aðalblikk ehf
Dreifing ehf
Eignamiðlunin ehf
Endurvinnslan hf
Faxaflóahafnir sf
Feró ehf
Félagsbústaðir hf
Formaco ehf
Fönix ehf, heimilistækjaverslun
Gítarskóli Ólafs Gauks
Guðmundur Jónasson ehf
Hagaskóli
Húsasmiðurinn ehf
Internet á Íslandi  Isnic
Íþróttafélagið Fylkir
Kaþólska kirkjan á Íslandi
Kemis ehf
Kennarasamband Íslands
Knattspyrnufélagið Víkingur
Knattspyrnusamband Íslands
Kveikur ehf
Rafstilling ehf
Rimaskóli
Rolf Johansen & Co ehf
RST Net ehf
Seljakirkja
Skotfélag Reykjavíkur
Skúli H Norðdahl FAÍ
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs
SORPA
Taxis lögmenn ehf
Trésmiðjan Kompaníið hf
Úti og inni sf
Verðbréfaskráning Íslands hf
Verðbréfastofan hf
Verzlunarmannafélag Reykjavíkur
Vélamiðstöð ehf

**Kópavogur**
ALARK arkitektar ehf
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf
Byggðaþjónustan ehf
Íslandsspil sf
KB Ráðgjöf
Kópavogskirkja

**Garðabær**
Garðasókn
Kjarnavörur hf

**Hafnarfjörður**
Ás, fasteignasala
Hafnarfjarðarkirkja
Hársnyrtistofan Fagfólk ehf
Knattspyrnufélagið Haukar, Íþróttam.st. Ásvöllum
Myndsaumur
Pace Ísland ehf
VBS-verkfræðistofa ehf

**Bessastaðahreppur**
Bókasafn Álftaness, Álftanesskóla

**Keflavík**
Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Keflavíkurkirkja
Tannlæknastofa Einars og Kristínar
Varmamót  ehf
Verkfræðistofa Suðurnesja hf
Verslunarmannafélag Suðurnesja

**Keflavíkurflugvöllur**
Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli

**Grindavík**
Ungmennafélag Grindavíkur

**Sandgerði**
Sandgerðisbær

**Garður**
Sveitarfélagið Garður

**Mosfellsbær**
Gylfi Guðjónsson, ökukennari, sími 6960042

**Akranes**
Hjólbarðaviðgerðin sf
Íþróttabandalag Akraness
Runólfur Hallfreðsson ehf
Straumnes ehf, rafverktakar
Sýslumaðurinn á Akranesi

**Borgarnes**
Borgarbyggð
Hvítársíðuhreppur
Safnahús Borgarfjarðar

**Snæfellsbær**
KG Fiskverkun ehf

**Búðardalur**
Dalakjör hf, matvöruverslun

**Ísafjörður**
Hamraborg ehf
Ísafjarðarbær
Kjölur ehf
Krossnes ehf
Lögsýn ehf

**Bolungarvík**
Vélvirkinn sf

**Patreksfjörður**
Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði

**Hólmavík**
Sýslumaðurinn á Hólmavík

**Blönduós**
Sveinsstaðahreppur

**Skagaströnd**
Höfðahreppur

**Sauðárkrókur**
Kaupfélag Skagfirðinga
Verslun Haraldar Júlíussonar

**Varmahlíð**
Akrahreppur Skagafirði

**Fljót**
Kvenfélagið Framtíðin, Ökrum

**Akureyri**
Egill Jónsson hf, tannlæknastofa
Félag málmiðnaðarmanna Akureyri
Greifinn eignarhaldsfélag hf
Vaxtarræktin Akureyri, Íþróttahöllinni við Skólastíg
Vélsmiðjan Ásverk ehf
Ösp sf, trésmiðja

**Dalvík**
Dalvíkurskóli

**Húsavík**
Bókasafnið á Húsavík
Húsavíkurbær
Rúnar Óskarsson ehf

**Laugar**
Framhaldsskólinn á Laugum
Kvenfélag Reykdæla
Norðurpóll ehf

**Kópasker**
Öxarfjarðarhreppur

**Þórshöfn**
Þórshafnarprestakall

**Vopnafjörður**
Hvítasunnukirkjan Vopnafirði

**Egilsstaðir**
Egilsstaðakirkja
Hitaveita Egilsstaða og Fella
Verslunarmannafélag Austurlands

**Eskifjörður**
Heilbrigðisstofnun Austurlands

**Neskaupstaður**
Fjarðabyggð

**Breiðdalsvík**
Héraðsdýralæknir Austurlandsumdæmis syðra

**Höfn**
Skinney - Þinganes
Sýslumaðurinn á Höfn

**Selfoss**
Fjölbrautaskóli Suðurlands
Jeppasmiðjan ehf
Set ehf, plaströraverksmiðja

**Hveragerði**
Heilsustofnun NLFÍ
Hveragerðiskirkja
Litla kaffistofan, Svínahrauni

**Þorlákshöfn**
A.K. flutningar ehf

**Stokkseyri**
Hólmaröst ehf

**Flúðir**
Hrunaprestakall, Hruna

**Hella**
Verkalýðsfélag Suðurlands

**Kirkjubæjarklaustur**
Kvenfélag Kirkjubæjarhrepps

**Vestmannaeyjar**
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
Frár ehf
Landakirkja
Vinnslustöðin hf

SKÍFAN | HITAVEITA SUÐURNESJA HF | SFUGL | LÝÐHEILSUSTÖÐ | actavis | Námsflokkar Reykjavíkur | Góa Góa-Linda | spron
ELDING | SECURITAS | KÓPAVOGUR | TENGI | KAUPTHING BANK | KFC Reykjavík • Hafnarfirði • Selfossi Kópavogi • Mosfellsbæ | Lögreglan í Reykjavík | Nú | ICELANDAIR www.icelandair.is

Þetta erum við
www.iut.is

ÍUT
- ungt fólk í forvörnum
ALL YOU NEED IS LOVE...

veldu lífið




# STUÐ MILLI STRÍÐA : Blómasafi Borghildar blaðlúsar

**BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR** RIFJAR UPP GAMLAR BARNABÓKAPERSÓNUR.


MYND: HELGI SIGURÐSSON

Nú eru víst tuttugu og fimm ár liðin frá því að bækurnar um Einar Áskel voru útgefnar fyrst. Þegar ég heyrði þetta fylltist ég nostalgíutilfinningu. Einar Áskell var mikill vinur minn þegar ég var lítil og ég átti margar bækur um afrek hans. Ég átti líka litla Einars Áskels dúkku sem ég fann niðri í geymslu um daginn og upplifði svo mikla fortíðarþrá að ég ákvað að bjóða honum aftur inn í herbergið mitt. Ég hafði reyndar gleymt því að teygjan á buxunum hans er ónýt og buxurnar girðast sífellt niðurum hann. Einar Áskell-inn minn er því pínu perralegur og alltaf þegar ég kem að honum í rúminu mínu er hann búinn að girða niður um sig.

Þær eru margar barnabækurnar sem mér þykir gaman að hugsa til. Emma Öfugsnúna var mikið lesin á mínu heimili og einnig notuð í uppeldið. Ef ég var með einhver skrílslæti, sem gerðist mjög sjaldan, þá spurðu foreldrar mínir hvað Emma Öfugsnúna væri að gera þarna og hvar Hilda væri. Þetta þótti mér hrikalega slæmt. Ég elskaði líka Barbapapa bækurnar og vildi að sjálfsögðu vera Barbafín.

Oft dreymdi mig um að rekast á sögu þar sem sögupersónan bæri sama nafn og ég. Vinkonur mínar sem báru algengari nöfn en ég lentu iðulega í þessu og mér fannst það rosalega spennandi.

Einn góðan veðurdag gaf móðir mín mér bók sem lét draum minn rætast. Bókin hét Blómasafi Borghildar Blaðlúsar. Gat nú verið. Blaðlús. Bókin fjallaði um hrikalega ljóta og feita blaðlús sem bjó til blómasafa. Ég hefði nú frekar kosið lukkulegri nöfnu, áhugaverðan stúlkuskörung sem lenti í ævintýrum eða einhverja ofurhetju kannski, „Borghildur bjargar heiminum gæti sagan heitið“. Aðalpersónan gæti líka heitið Undra-Bogga eða Hilda-Til-Hjálpar. En jú, jú, blaðlús er nú svosum betra en ekkert. ■

## myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Överli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### PÚ OG PA

Eftir SÖB




### KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




### BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott







Glæný smálúðuflök

Skötuselur beinlaus og flottur

Humar - nýveiddur allar stærðir

Risarækjur 1990,-

Fiskbúðin Vör – Fiskikóngurinn –

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70


LATI BÆR
Regnjakki
bleikur, blár
st. 80-130
Nýjar vörur
2.499 kr
Regnbuxur
m/smekk og án
bleikar, bláar
st. 80-130, 100-130
Nýjar vörur
1.999 kr
Sandalar
bleikir, bláir,
st. 22-33
Nýjar vörur
2.499 kr
Sportskór
bláir, bleikir,
st. 22-35
Nýjar vörur
2.999 kr
Með ljósum
Sportskór
bláir, bleikir,
st. 22-35
Nýjar vörur
3.499 kr
Stígvél
bleik, blá,
st. 25-35
Nýjar vörur
2.999 kr
PÓSTVERSLUN
www.hagkaup.is
grænt númer
800 6680
sími
568 2255
HAGKAUPA
Gildir á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

! **Kl. 12.00**
*Bergþór Pálsson baritónsöngvari verður gestur Antoniu Hevesi píanóleikara á síðustu hádegistónleikum vetrarins í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar. Þau ætla að flytja vorljóð úr ýmsum áttum og nefna tónleikana „Vorið kemur að hugga“.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Lúðrasveit í endurnýjun

Lúðrasveit Reykjavíkur heldur sína árlegu vortónleika í Neskirkju í kvöld undir stjórn Lárusar Halldórs Grímssonar. Á þessum tónleikum syngur Andrea Gylfadóttir nokkur lög með sveitinni.

Efnisskráin verður öll í líflegri kantinum, en þar á meðal eru syrpur með lögum Stevie Wonder og Blood Sweat and Tears hópsins, básúnueinleiksverkið Poeme a la Carte þar sem einleikari er Sigurbjörn Ari Hróðmarsson og Anna Lilja Karlsdóttir leikur einleik í verki Antonio Carlos Jobims Wave.

Undanfarin ár hefur Lúðrasveit Reykjavíkur gengið í gegnum mikla endurnýjun. Á meðan eldri meðlimir hafa verið að hverfa af vettvangi einn og einn hafa ungir félagar fyllt skörðin og er aldursbreiddin nú allt frá 11 ára upp í 78 ára.

Lárus Halldór hefur leitt Lúðrasveit Reykjavíkur frá 1998 og hefur tekist vel að leiða saman þessar tvær ef ekki þrjár kynslóðir, þannig að



tónlistarlegur árangur hefur verið með afbrigðum góður og yngri sem eldri hljómsveitarmeðlimir hafa fengið að njóta sín og haft mikla ánægju af starfinu.

## EKKI MISSA AF…

… útskriftarsýningu Listaháskóla Íslands sem verður opnuð á Kjarvalsstöðum á laugardaginn. Þar verða sýnd verk nemenda úr myndlistardeild og hönnunar- og arkitektúrdeild skólans.

… málþingi um Jean Paul Sartre sem haldið verður á Akureyri á laugardaginn í tilefni þess að Sartre hefði orðið hundrað ára á þessu ári.

… heljarmikilli kántríhátíð sem verður haldin á Grand Rokk á föstudags- og laugardagskvöld. Þar koma fram íslenskar hljómsveitir sem helga sig kántrítónlist af óhefðbundnu tagi.


**Apótekarinn eftir Haydn**
**Óperustúdíó Íslensku óperunnar og Listaháskóla Íslands**

8. maí kl. 20 - 4. sýn
10. maí kl. 20 - 5. sýn - **Lokasýning**
**Ath. Aðgangur ókeypis**

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200** | ÍSLENSKA ÓPERAN
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
**GRÆNA LANDIÐ**
**LEIKFÖR TIL AKUREYRAR**
**FÖS. 13/5 OG LAU. 14/5!**

■ **Stóra sviðið kl. 20.00**
**DÍNAMÍT** - *Birgir Sigurðsson*
4. sýn. fim. 5/5 **örfá sæti laus**, 5. sýn. fös. 6/5 **örfá sæti laus**, 6. sýn. mið. 11/5 **örfá sæti laus**, 7. sýn. lau. 21/5 **nokkur sæti laus**, 8. sýn. fim. 26/5 **nokkur sæti laus**.
**EDITH PIAF** - *Sigurður Pálsson*
Lau. 7/5 **uppselt**, fim. 12/5 **uppselt**, fös. 13/5 **uppselt**, fös. 20/5 **örfá sæti laus**, sun. 22/5 **nokkur sæti laus**. **Sýningum fer fækkandi í vor.**
**MÝRARLJÓS** - *Marina Carr*
Sun. 8/5 **uppselt**. **Síðasta sýning. Aukasýning fim. 19/5!**
**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR** - *Ævintýraheimur H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.*
Sun. 8/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 22/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, lau. 28/5 kl. 14:00 **nokkur sæti laus**.
■ **Smíðaverkstæðið kl. 20.00**
**GRJÓTHARÐIR** - *Hávar Sigurjónsson*
Fim. 5/5 **nokkur sæti laus**. **Allra síðasta sýning á Smíðaverkstæðinu.**
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!
■ **Litla sviðið kl. 20.00**
**KODDAMAÐURINN** - *Martin McDonagh*
Fim. 5/5 **uppselt**, fös. 6/5 **uppselt**, mið. 11/5 **nokkur sæti laus**.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!
Sýningin hentar ekki viðkvæmu fólki og börnum.
■ **Samkomuhúsið á Akureyri kl. 20.00 - Leikför**
**GRÆNA LANDIÐ** - *Ólafur Haukur Símonarson*
Fös. 13/5, lau. 14/5. Miðasala hjá Leikfélagi Akureyrar - www.leikfelag.is - sími: 4600200.

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is**
Þriðjudaginn **3. maí** og miðvikudaginn **4. maí** verður miðasalan opin **frá kl. 16-18.**
Hægt er að senda miðapantanir á netfangið **midasala@leikhusid.is**
**Þjóðleikhúsið sími 551-1200**


# Forsíðufrétt í listheiminum

Sýningin á verkum Dieters Roth, sem verður á Listahátíð Reykjavíkur nú í vor, hefur vakið töluverða athygli nú þegar fyrir utan landsteinanna. Sagt er frá sýningunni á forsíðu nýjasta heftis hins virta listatímarits ArtReview og umfjöllun um sýninguna er á tveimur opnum inni í blaðinu.

Greinin um Dieter Roth er eftir Jessicu Morgan, sem er sýningarstjóri ásamt Birni Roth, syni Dieters. Á forsíðu blaðsins og inni í því er myndin Keller-Duo og á annarri opnu eru myndirnar Floor, Gólf og Reykjavík Slides.

Á síðasta ári var stór yfirlitssýning á verkum Dieters Roth í nútímalistasafninu Museum of Modern Art í New York. Að hluta til eru sömu verk á sýningunni í Reykjavík, en hér verður þó lögð meiri áhersla á tengsl Roths við Ísland, en hér á landi bjó hann lengi vel allt frá sjötta áratug síðustu aldar.

Þessi stóra yfirlitssýning á verkum Roths er stærsta verkefni Listahátíðar í ár. Hún verður haldin á þremur stöðum dagana 14. maí til 21. ágúst í sumar, í Listasafni Íslands og Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu, og einnig í sýningarsal Orkuveitu Reykjavíkur.

Þetta er í fyrsta sinn sem Listasafn Reykjavíkur og Listasafn Íslands standa saman að slíku stórvirki en verkin sem verða til sýnis eru um 400 talsins og koma frá Þýskalandi, Spáni og Hollandi.

Meðal þess sem sýnt verður eru nokkrar af þekktustu innsetningum listamannsins, bókverk, grafísk verk og málverk.

Meðal annarra alþjóðlegra listamanna sem taka þátt í sýningunni eru Fischli & Weiss og meðlimir Dieter Roth akademíunnar. Boekie Woekie bókabúðin mun hafa bækur Dieters Roth a boðstólum og auk þess setja upp söludeild í tengslum við sýninguna. ■




**DIETER ROTH Á FORSÍÐUNNI** Sýning Listahátíðar Reykjavíkur á verkum Dieters Roth er forsíðuefni ArtReview.


**BORGARLEIKHÚSIÐ**
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

***STÓRA SVIÐ***

**DRAUMLEIKUR**
*e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ.*
Fö 6/5 kl 20, Fö 20/5 kl 20, Fö 27/5 kl 20
***Síðustu sýningar***

**HÍBÝLI VINDANNA**
*leikgerð Bjarna Jónssonar eftir Vesturfarasögu Böðvars Guðmundssonar*
Su 8/5 kl 20, Fö 13/5 kl 20
Su 22/5 kl 20, Fi 26/5 kl 20
- ***Síðustu sýningar***

**HÉRI HÉRASON**
*e. Coline Serreau*
Lau 7/5 kl 20, Lau 21/5 kl 20, Lau 28/5 kl 20
- ***Síðustu sýningar***

**KALLI Á ÞAKINU**
*e. Astrid Lindgren*
*Í samstarfi við Á þakinu*
Fi 5/5 kl 14 - **UPPSELT,** Lau 7/5 kl 14 - **UPPS.**
Su 8/5 kl 14 - **UPPSELT,** Lau 14/5 kl 14,
Su 22/5 kl 14 - **UPPSELT**

**PURPURI - TÓNLEIKAR FABULU**
*Margrét Kristín Sigurðardóttir*
Fi 12/5 kl. 21:00

***NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN***

**TERRORISMI**
*e. Presnyakov bræður*
Fi 5/5 kl 20, Fi 12/5 kl 20, Fö 20/5 kl 20

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
*Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.*
Mi 4/5 kl 20 - **UPPS.,** Fi 5/5 kl 20 - **UPPS.,**
Fö 6/5 kl 20 - **UPPS.,** Lau 7/6 kl 20 - **UPPS.,**
Su 8/5 kl 20, Fi 12/5 kl 20 - **UPPS.,**
Fö 13/5 kl 20 - **UPPS.,** Lau 14/5 kl 20
Fi 19/5 kl 20, Fö 20/5 kl 20

**SVIK**
*eftir Harold Pinter*
*Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA*
Fi 12/5 kl 20 - ***Aukasýning***

**RIÐIÐ INN Í SÓLARLAGIÐ**
*e. Önnu Reynolds.*
*Í samstarfi við leikhópinn KLÁUS.*
Lau 7/5 kl 20, Fö 13/5 kl 20
- ***Síðustu sýningar***

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna**
- gildir ekki á barnasýningar

**Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is**
**Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is • Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:**
**10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga**
**12-20 laugardaga og sunnudaga**



**Sunnan yfir sæinn breiða...**



Vortónleikar Kyrjanna
í Seltjarnarneskirkju
fimmtudaginn **5. maí kl. 17:00**

Á efnisskrá eru lög eftir Burt Bacharach,
Atla Heimi og dægurlög úr ýmsum áttum

**Stjórnandi: Sigurbjörg Hv. Magnúsdóttir**
**Píanóleikari: Halldóra Aradóttir**

Miðaverð er kr. 1300. Frítt fyrir börn yngri en 12 ára.


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

1 2 3 **4** 5 6 7

**Miðvikudagur**

### FYRIRLESTRAR

☐ 16.15 **Loftur Guttormsson**, prófessor í sagnfræði við Kennaraháskóla Íslands, flytur fyrirlestur undir yfirskriftinni **Barnakennarar á Íslandi 1910-1940 í félagsfræðilegu ljósi**. Fyrirlesturinn verður haldinn í Skriðu, fyrirlestrarsal Kennaraháskóla Íslands við Stakkahlíð.

### FUNDIR

☐ 20.30 Í kvöld fer af stað ný starfsemi í Hinu húsinu. **Forma** er samvinna tveggja einstaklinga á batavegi eftir **átröskun** á alvarlegu stigi. Í boði eru 10 vikna hópmeðferðir án endurgjalds fyrir 18 ára og eldri. Þetta verður haldið á miðvikudagskvöldum.

### SAMKOMUR

☐ 17.00 **Ritlistarhópur Kópavogs** efnir til **ljóðahátíðar** í Café Borg, Hamraborg 10, í tilefni af fimmtíu ára afmæli Kópavogsbæjar.

☐ 21.00 **Spunakvöld** verður í Klink & Bank. Undirbúningsfundur verður að þessu sinni hluti af formlegri dagskrá og verður þar með partur af gerningnum. Eftir hlé er ferlið endurtekið. Aðgangur ókeypis.

## TÓNLEIKAR

☐ 12.00 **Bergþór Pálsson** barítón og **Antonía Hevesi** píanóleikari flytja vorljóð úr ýmsum áttum í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar.

☐ 17.00 Karlakórinn **Eldri Þrestir** og **Gaflarakórinn** í Hafnarfirði verða með sameiginlega tónleika í Víðistaðakirkju í Hafnarfirði.

☐ 20.00 **Dómkirkjukór Gautaborgar** syngur á tónleikum í Norræna húsinu.

☐ 20.00 **Þuríður Helga Ingadóttir** píanóleikari heldur burtfarartónleika frá Tónlistarskóla Kópavogs í Salnum, Tónlistarhúsi Kópavogs.

☐ 20.00 Söngsveitin **Víkingar** heldur í Samkomuhúsinu í Sandgerði fyrri tónleika sína í kvöld í tilefni 10 ára afmælis söngsveitarinnar. Stjórnandi Víkinganna er **Sigurður Sævarsson**.

☐ 20.00 **Söngfélag Skaftfellinga** og **Mánakór** halda tónleika í Háteigskirkju. Stjórnandi kórsins er **Violeta Smid**.

☐ 20.00 **Steinunn Soffía Skjenstad** sópran heldur í íslensku óperunni útskriftartónleika sína frá tónlistardeild Listaháskóla Íslands.

☐ 20.30 Vortónleikar **Kórs Átthagafélags Strandamanna** verða haldnir í Seljakirkju. Þar syngur kórinn undir stjórn **Krisztinu Szklenár**.

☐ 20.30 **Lúðrasveit Reykjavíkur** heldur sína árlegu vortónleika í Neskirkju undir stjórn **Lárusar Halldórs Grímssonar. Andrea Gylfadóttir** syngur nokkur lög með sveitinni.

☐ 20.30 **Mosfellskórinn** heldur árlega vortónleika sína í Bæjarleikhúsinu í Mosfellsbæ. **Páll Helgason** stjórnað kórnum frá upphafi.

☐ 23.00 Hljómsveitin **Rætur**, hið nýja reggíband Hjálma, spilar á Grand Rokk.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.



















VEITINGASTAÐURINN
KÍNA HÚSIÐ
LÆKJARGÖTU 8, 101 REYKJAVÍK


FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## *Skemmtilega öðruvísi*

**Hvernig er stemmningin?** Það er nánast eins og maður komi í annan heim þegar Kína húsið er heimsótt. Staðurinn er innréttaður að kínverskum sið með tilheyrandi innanstokksmunum. Rauði liturinn er mjög einkennandi fyrir staðinn sem er svolítið gamaldags. Auðvelt er að fá á tilfinninguna að maður sé kominn 20 ár aftur í tímann. Gestalisti Kína hússins er afar fjölbreyttur. Það er bæði hægt að heimsækja staðinn hversdags og spari. Það fer allt eftir stemmningunni hverju sinni.

**Matseðillinn:** Hann státar af kínversku þema og bragðast maturinn þar æði vel. Hann er vel úti látinn og fjölbreyttur. Gaman er að smakka sitt lítið af hverju. Djúpsteikar rækjur og ýmsar gerðir af vorrúllum bragðast mjög vel ásamt núðluréttum.

**Vinsælast:** Fjölbreytileikinn ræður ríkjum á Kína húsinu og eru blandaðir réttir einna vinsælastir.

**Réttur dagsins:** Réttir dagsins eru misjafnir frá degi til dags.


## EGILS PREMIUM:
## Fæst nú í flestum Vínbúðum

Egils Premium er nýr bjór frá Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni þar sem saman fer besta fáanlega hráefni, þar á meðal íslenskt bygg, og aldagamlar aðferðir við bruggun. Úr verður bragðmikill gullinn úrvalsbjór með mýkt og góðri fyllingu. Alúðin sem fer í bruggun Egils Premium endurspeglar þann metnað sem verið hefur aðalsmerki Ölgerðarinnar í heila öld. Aðferðin tekur mið af bruggun í upprunalandi gullna lagerbjórsins, Tékklandi. Bruggunarferli Egils Premium er lengra en annarra bjóra. Bjórinn er tvímeskjaður og gerjunin hægari. Besta fáanlega hráefni er notað við bruggunina, þar á meðal íslenskt bygg. Allt þetta skilar sér í lagerbjór með sterkum karakter og mýkt í bragði og fyllingu. Íslenskt bygg virðist fá góðan hljómgrunn hjá Íslendingum því að bjórinn hefur selst afar vel og hefur söluaukningin orðið til þess að hann fæst nú í flestum Vínbúðum.

**Verð í Vínbúðum 216 kr. í 500 ml dós og 159 kr. í 330 ml flösku.**






FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Ragna Ingimundardóttir leirlistakona er listakokkur.

# Ískaka með dönsku ívafi

Ragna Ingimundardóttir leirlistakona er mikill matgæðingur. Mataráhugi hennar kviknaði á námsárunum þegar hún stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands. „Í skólanum var alltaf verið að tala um mat. Ég held að allir sem fara í gegnum myndlistarskóla séu duglegir að elda. Samnemendur mínir voru líka óhræddir við að prófa eitthvað nýtt. Á þessum árum var ég í stanslausum matarboðum,“ segir Ragna. Þegar hún fór í framhaldsnám í Listaháskóla í Amsterdam héldu matarveislurnar áfram. Í hennar bekk var jafn vinsælt að skiptast á mataruppskriftum og glerúngsuppskriftum. Áhugi á eldamennsku endurspeglast í listsköpun hennar. Ragna er fræg fyrir fallegu leirskálarnar sínar sem eru allar eldfastar og því afar hentugar ef þarf að stinga réttum inn í ofn. Þó hún eldi mikið dagsdaglega finnst henni alltaf jafn skemmtilegt að bjóða fólki í mat. Uppáhaldsmaturinn hennar er góð lambasteik með öllu tilheyrandi. Ragna er ekki bara góður kokkur heldur bakar hún heimsins bestu tertur og brauð. Í stað þess að fara með vinkonum sínum á kaffihús bakar hún með þeim bollur og ýmsar kræsingar. Þær eiga það til að taka heilan dag frá, baka, tala og hlusta á Megas.

Aðspurð um að því hvað hún þurfi að eiga í eldhússkápunum til að geta búið til góða máltíð er svarið einfalt.

„Ég þarf ekki að eiga neitt. Það er alltaf hægt að búa til eitthvað úr engu,“ segir hún og brosir. Uppskriftin af ístertunni er ættuð frá Danmörku. Fyrir nokkrum árum var Ragna stödd í brúðkaupi hjá vinkonu sinni þar sem þessi ísterta var í desert.

„Ég var svo heppin að sitja við hlið mannsins sem bjó til desertinn og linnti ekki látum fyrr en hann lét mig fá uppskriftina,“ segir hún.

**BOTNINN**
**300 gr hýðislausar möndlur**
**200 gr flórsykur**
**5 eggjahvítur**
**1/2 teskeið lyftiduft**

Möndlurnar eru hakkaðar í blandara. Flórsykri og lyftidufti er síðan blandað við möndlukurlið. Eggjahvíturnar eru stífþeyttar og þeim blandað varlega út í möndluhræruna. Klæðið tvö smelluform með smjörpappír og hellið deiginu út í. Botnarnir eru bakaðir í 20-25 mínútur við 190°, fylgist vel með botnunum meðan þeir eru í ofninum.

**MARSÍPANÍS**
**3 eggjarauður**
**50 gr sykur**
**80 gr marsípan**
**4 dl rjómi**

Eggjarauður þeyttar með sykrinum. Rjóminn er þeyttur og settur útí. Marsípanið er rifið og sett út í hræruna.

**SÚKKULAÐIÍS**
**3 eggjarauður**
**50 gr sykur**
**200 gr suðusúkkulaði**
**4 dl rjómi**

Nota skal sömu aðferð og með marsípanísinn.

Möndlubotnar eru kældir og smurðir með þunnu lagi af brómberjamarmelaði eða góðri sultu. Annar botninn er lagður í smelluform án botns, gott er að setja það á kökudisk sem kakan verður borin fram á. Marsípanísinn er settur ofan á og hinn botninn þar ofan á og súkkulaðiísinn efst. Þetta er fryst yfir nótt. Best er að láta ískökuna standa í 20 mínútur áður en hún er borin fram. Það má setja rjóma yfir hana þegar hún kemur úr frystinum ef maður vill og skreyta með jarðaberjum eða kiwi.

MATGÆÐINGURINN ÞORSTEINN GUÐMUNDSSON

## *Kaupi undanrennu vegna umbúðanna*

**Hvaða matar gætir þú síst verið án?** Ég gæti síst verið án ávaxta, sérstaklega vínberja því mér finnst þau svo góð. Þetta ástfóstur á vínberjum gerir það að verkum að mér finnst rúsínur mjög góðar og þar af leiðandi finnst mér rauðvín mjög gott.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** Ég hef ekki komist inn í þetta sushi dæmi, mér finnst það hálf ógeðslegt. Í mínum huga er sushi í sama flokki og þorramatur.

**Fyrsta minningin um mat?** Ég man vel eftir því hvað mér fannst gaman að kaupa nammisígarettur. Ég hef áreiðanlega verið fimm eða sex ára en bróðir minn fór með mér út í sjoppu. Við erum á svipuðum aldri og gerðum nánast allt saman. Mér fannst mjög flott að vera með svona nammisígarettur en það stafar að því að mamma og pabbi reyktu og því fannst mér það flott.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?** Við hjónin vorum í Lundúnum um daginn og droppuðum óvart inn á ítalskan veitingastað í Notting Hill. Á boðstólum var frekar venjulegur ítalskur matur en alveg óskaplega bragðgóður. Ég pantaði mér kjöt og pasta sem var bara alveg sérstakt. Ég get ekki lýst því nánar.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum?** Til tíu ára aldurs lifði ég á Nesquik kókómalti sem ég blandaði í nokkra dropa af mjólk. Þegar ég hrærði þessu saman kom út þetta fína súkkulaðikrem. Þessi lífnaðarháttur hefur komið niður á vaxtarlagi mínu í seinni tíð. En það er víst ekki hægt að hafa allt í jafnvægi.



**Hvað borðar þú þegar þú þarft að láta þér líða betur?** Ég reyni að borða ekki mikið til að hugga sjálfan mig. Núna er ég byrjaður að borða létta ab mjólk með haframjöli og rúsínum út á í morgunmat. Ég verð alveg stálsleginn af þessu.

**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?** Við erum stór fjölskylda og eigum því alltaf mjólk. Upp á síðkastið höfum við hinsvegar keypt ógrynni af undanrennu en það er bara af því hún er í bleikum umbúðum sem er uppáhaldslitur dóttur minnar. Svo eigum við alltaf ólífur, ost og ávexti.

**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvaða rétt myndir þú taka með þér?** Ég myndi taka með mér gott lasagna og rauðvín.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?** Ánamaðka, en þá borðaði ég sem barn.





Glerfínar gluggafilmur
– aukin vellíðan á vinnustað





Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6565
sala@rv.is • www.rv.is

# PETER LEHMANN: Trompunum spilað út á áströlskum dögum



Ástralskir dagar hófust í síðustu viku í Vínbúðunum og hafa fjölmargir vínunnendur nýtt sér að þar má gera hörkugóð kaup í gæðavínum. Meðal þeirra vína sem fást á kynningarverði eru fjögur vín frá meistara Peter Lehmann, einum kunnasta víngerðarmanni Ástralíu. Einnig er vert að benda á að fleiri vín frá Lehmann hafa lækkað í verði nýlega vegna aukinnar sölu hérlendis og hagstæðari innkaupa. Peter Lehmann er einn kunnasti vínframleiðandi Ástralíu, oft nefndur baróninn af Barossa. Lehmann-vínin hafa notið gífurlegra vinsælda um allan heim og er Ísland þar engin undantekning. Ein vinsælasta vínlínan frá Peter Lehmann nefnist Wildcard enda þykir Lehmann mikill „gambler“, tók mikla áhættu við uppbygginguna hátæknivædds víngerðarhúss síns og þótti því viðeigandi að nefna fyrirtækið eftir söguhetjunni Sky Masterson, fjárhættuspilaranum mikla úr bókum bandaríska smásagnahöfundarins Damon Runyons. Síðar var nafninu breytt í Peter Lehmann Wines en spil eru enn áberandi í skreytingu flöskumiðanna sem eru auðþekkjanlegir og hefur hönnun og útlit verið margverðlaunað ekki síður en innihaldið. Þar eru konur í aðalhlutverki og drottningin aðaltrompið. Auk þeirra vína sem hér eru kynnt er vínið Peter Lehmann Barossa Cabernet Sauvignon einnig á kynningarverði og kostar 1.390 kr, lækkar um 200 kr.

**Peter Lehmann Wildcard Chardonnay**

Afar góð ræktunarskilyrði eru fyrir chardonnay-þrúguna í Suður -Ástralíu. Vínið hefur ferskan ávaxtaríkan karakter með smá suðrænum blæ þar sem greina má melónur og ferskjur ásamt hunangsvotti. Vínið er einstaklega vel samstillt með hreint og ferskt eftirbragð. Hentar vel með flestu sjávarfangi og ljósu kjöti.

**Kynningarverð á áströlskum dögum 990 kr.**



**Peter Lehmann Wildcard Shiraz**

Vín úr shiraz-þrúgunni eru sennilega þekktustu vínafurðir Ástrala, allt frá skemmtilegum neyslutegundum upp í gríðarstór og mikil vín. Berjasprengja af bestu gerð, kryddaður karakter en engu að síður er fínleiki og mýkt í fyrirrúmi og jafnvægið gríðarlega gott.

**Kynningarverð á áströlskum dögum 1.090 kr.**



**Peter Lehmann Barossa Semillon**

Sérlega ferskt og ávaxtaríkt vín unnið úr semillonþrúgunni við bestu aðstæður í Barossa-dalnum. Ávöxtur vínsins einnkennist af sítrusávöxtum með keim frá blómum og hunangi. Kjörið vín með fiskfangi og austurlenskumÝréttum. Vinsælasta vín sinnar tegundar í Ástralíu.

**Kynningarverð á áströlskum dögum 1.190 kr.**



# Ástralskir dagar fara vel af stað

Í síðustu viku hófust ástralskir dagar í Vínbúðunum sem standa næstu þrjár vikurnar. Þar eru 19 hvítvín og 40 rauðvín á kynningarverði og eru þau kynnt í í handhægum og fróðlegum bæklingi í Vínbúðunum. Viðtökur neytenda hafa verið einkar góðar fyrstu vikuna og margir vínunnendur gert sér ferð í Vínbúðirnar til að gera kjarakaup í góðum vínum. Ástralar eru kunnir fyrir sérlega góð hvítvín og lítum við hér á þrjár þrúgur og einkenni þeirra.

**Chardonnay vinsæl**

Chardonnay er eflaust þekktasta og vinsælasta hvítvínsþrúga heims og hefur átt sinn þátt í vinsældum ástralskra vína. Í Ástralíu gefur þrúgan af sér ávaxtarík vín með meðalfyllingu til vína með góða fyllingu. Hafa þau oft merkjanlega sætu sem kemur frá háu alkóhóli (13 til 14,5%), gerjun og þroskun á eik, auk þess að í hitanum fær þrúgan meiri og sætari ávöxt. Yfirleitt eru vínin mjúk með greinilega eik og ber ávöxturinn keim af suðrænum ávöxtum eins og t.d. mangó, papaya og ananas, einnig má oft finna kókos og hunang. Vínin henta með steiktum fiskréttum sem innihalda sætt meðlæti, t.d. ávöxtum og grillaðri papriku, grilluðum glasseruðum kjúkling eða fiskisúpu með austurlensku ívafi. Mikið eikuð vín geta jafnvel gengið með kjötréttum, t.d. önd, og eru því um leið góður valkostur fyrir þá sem ekki vilja rauðvín með kjötinu.




**Hin olíukennda riesling**

Riesling er ásamt chardonnay talin ein besta hvítvínsþrúga heims. Vínin eru létt til meðalfyllt, þurr með ferska sýru og hafa ávöxt sem ber keim af sítrus, eplum og jafnvel ferskjum. Oft má finna svolítinn olíukeim. Einnig eru framleidd sæt eðalmygluvín úr riesling-þrúgunni. Þurru vínin henta vel sem fordrykkur, með fiskréttum, kjúkling og mörgum austurlenskum réttum. Einnig má hafa þau með söltum og reyktum mat.

**Léttleikandi sauvignon blanc**

Sauvignon Blanc gefur af sér vinsæl hvítvín. Létt til meðalfyllt vín, grösug, ilmrík og fersk með keim af sólberja- og rifsberjarunna, spergli, sítrus og suðrænum ávextum. Hafi sauvignon blanc komist í kynni við eik er það oft kallað Fumé Blanc. Gott sem fordrykkur, hentar vel með gufusoðnum og ofnbökuðum fiskréttum, einnig skelfiski, reyktum fiski og salati. Hafi einhver eik komið nálægt víninu passar það betur með steiktum eða grilluðum fiski og ljósu kjöti.









*„There's a difference between not liking one's brother and not caring when some dumb Irish flatfoot drops him out of a window.“*

- Jeremy Irons er í hefndarhug í Die Hard: With a Vengeance og er tilbúinn til að láta Bruce Willis finna til tevatnsins fyrir að hafa kálað Hans Gruber í Die Hard.

# bíó

bio@frettabladid.is

## *Eðalleikari á réttri leið*

Það hefur ekki borið mikið á breska skapgerðarleikaranum **Jeremy Irons** undanfarið en nafn hans var ákveðinn gæðastimpill á kvikmyndum á síðustu áratugum nýliðinnar aldar. Irons er þó að sækja í sig veðrið eftir nokkur mögur ár en árið 2004 lék hann í *Kaupmanninum frá Feneyjum*, ásamt ekki minni mönnum en **Al Pacino** og **Joseph Fiennes**, og *Being Julia*. Hann er svo mættur til leiks í risastórmynd **Ridley Scott**, *Kingdom of Heaven* sem er frumsýnd í dag. Jeremy John Irons fæddist á Englandi 19. september árið 1948 og reyndi fyrir sér sem götuspilari áður en hann fór í leiklistarnám. Hann fékk fyrsta stóra tækifærið sitt í söngleiknum *Godspell* þar sem hann lék **Jóhannes skírara** á móti **David Essex**. Árið 1981 lék hann aðalhlutverkið í sjónvarpsþáttunum *Brideshead Revisited* og á móti **Meryl Streep** í kvikmyndinni *The French Lieutenant's Woman*. Irons fékk svo tvær BAFTA tilnefningar fyrir þessi hlutverk sín ári síðar. Irons stóð sig svo með mikilli prýði á móti **Robert De Niro** í *The Mission* árið 1986 og vann tvöfaldan leiksigur tveimur árum síðar í *Dead Ringers*, eftir **David Cronenberg**, en þar lék hann á móti sjálfum sér þegar hann túlkaði eineggja tvíburana **Beverly** og **Elliot Mantle** með miklum tilþrifum. Irons hreppti svo Óskarsverðlaunin árið 1991 fyrir túlkun sína á **Claus von Bülow** í *Reversal of Fortune*. Hann var svo í bulland dramatík í *Damage* árið 1992 en síðan fór að halla undan fæti. Hann var til dæmis hálf ráðvilltur sem **Esteban Trueba** í *Húsi andanna* og *Stealing Beauty* (1996) og *Lolita* (1997) gerðu ekki mikið fyrir feril hans. Hann sýndi hins vegar fína skúrkatakta í *Lion King* þar sem hann talaði fyrir **Skara** og var á léttu nótunum sem illmenni í **Die Hard: With a Vengence.**



## EKKI MISSA AF...

... hinum frábæru myndasögum Franks Miller um líf og dauða morðingja, vændiskvenna og harðsoðinna töffara í Sin City bókaflokknum. Bækurnar eru sjö talsins en Robert Rodriguez styðst við þrjár þeirra, That Yellow Basdard, The Hard Goodbye og The Big Fat Kill, í mynd sinni Sin City sem verður án efa ein vinsælasta mynd ársins. Sin City bækurnar hafa sumar verið ófáanlegar um nokkurt skeið en þær hafa allar verið endurútgefnar í tilefni af frumsýningu myndarinnar.



## FRUMSÝNDAR Í DAG

(DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM)



| | |
|---|---|
| **Hitchhiker's Guide to the Galaxy** | |
| Internet Movie Database | 7,1 / 10 |
| Rottentomatoes.com | 61% / Fresh |
| Metacritic.com | 7 / 10 |
| **Kingdom of Heaven** | |
| Internet Movie Database | 7,7 / 10 |
| Rottentomatoes.com | 60 % / Fresh |
| Metacritic.com | 8,5 / 10 |






# Krossfari og puttaferðalangur

Það eru tvær stórmyndir frumsýndar í dag. Kingdom of Heaven gerist á tímum krossfaranna en The Hitchhiker's Guide to the Galaxy er byggð á samnefndri Sci - Fi sögu Douglas Adams.

**Krossferðunum gerð skil**

Kvikmyndarinnar Kingdom of Heaven hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu. Bæði er leikstjóri myndarinnar, Ridley Scott, einn virtasti kvikmyndagerðarmaður Hollywood og svo hefur myndin mjög sterka tilvísun til okkar tíma en átök múslima og kristinna eru í forgrunni.

Það var Urban páfi II sem hvatti riddara til þess að frelsa kristna menn undan múslimum og ná Jerúsalem á sitt vald í predikun árið 1095. Krossfararnir náðu Jerúsalem á sitt vald fyrst 1099 en hún var þá talin vera miðja alheimsins. Þegar Urban páfi lýsti yfir ferðunum á hendur múslimum var það í fyrsta skipti sem að það var gert í nafni Jesú. Með réttu mætti því kalla krossferðirnar heilagt stríð og krossförunum var lofuð eignavernd og jafnvel syndaaflausn.

Sögusvið Kingdom of Heaven er tíminn fyrir þriðju krossferðirnar en þá réðu riddararnir yfir Landinu helga sem og Jerúsalem. Járnsmiðurinn Balian hefur misst fjölskylduna sína og er við það að ganga af trúnni. Franski konungurinn Godfrey af Ibelin sannfærir hann um að koma til landsins helga og þjóna Baldvin I. sem hefur krýnt sig konung Jerúsalemar. Það ríkir hins vegar brothætt vopnahlé milli múslima og kristinna sem leysist fljótlega upp vegna græðgi og afbrýðissemi hinna krossfaranna.

Það er Orlando Bloom sem fer með hlutverk Balian. Bloom vakti heimsathygli þegar hann lék álfinn Legolas í Hringadróttinssögu Peter Jacksons. Ásamt Bloom leika þeir Jeremy Irons og Liam Neeson auk þess sem Edward Norton fer með hlutverk Baldvins konungs.



**ORLANDO BLOOM OG DAVID THEWLIS** Kingdom of Heaven gerist á tímum krossferðanna og lýsir baráttu kristinna og múslima.

**Heiminum tortímt vegna hraðbrautar**

Hitchhiker's Guide to the Galaxy er byggð á samnefndri sögu Douglas Adams. Upphaflega var Hitchhiker's guide to the galaxy útvarpsleikrit sem leikið var á BBC. Það vakti strax mikla lukku og var gefið út í fimm bindum sem skáldsaga.

Bækurnar höfðu mikil áhrif á poppmenninguna, og voru gerðir sjónvarpsþættir byggðir á ævintýrunum. Adams dreymdi engu að síður um að kvikmynd yrði gerð eftir bókinni og reyndi í tuttugu ár að skrifa handrit. Það var ekki fyrr en tuttugu árum seinna sem að hann gaf öðrum leyfi til þess að reyna við þetta verkefni en þegar Adams loksins skilaði uppkasti að handriti lést hann úr hjartaáfalli.

Hitchhiker's Guide to the Galaxy segir frá Arthur Dent sem á óvenju vondan dag í uppsiglingu. Það á að rífa niður húsið hans, vinur hans reynist vera geimvera og til þess að toppa allt mun jörðin eyðast innan fárra mínútna vegna þess að hún stendur í vegi fyrir hraðbraut um geiminn. Arthur Dent er bjargað af vini sínum, ferðast um himingeiminn og kemst að því að handklæði er besti hluturinn sem að mannskepnan getur borið. Hann kemst einnig að tilgangi lífsins og að svörin við öllum spurningunum er að finna í rafrænni bók, The Hitchhiker's Guide to the Galaxy.

Það er Martin Freeman sem fer með hlutverk Arthur Dent en hann ættu aðdáendur sjónvarpsþáttarins Office að kannast við en hann lék Tim Canterbury. Það er síðan stórleikarinn Stephen Fry sem er sögumaður. ■



**ZAPHOD, FORD OG ARTHUR BRENT** Þeir félagar lenda í ýmsum ævintýrum á ferð sinni um alheiminn






# Bloom kjaftar frá sjóræningjum

Breska kvikmyndatímaritið Empire stillti Orlando Bloom upp við vegg á dögunum og fékk hann til að segja aðeins frá framhaldsmyndunum tveimur sem verið er að gera á eftir The Pirates of the Carribean. Framhaldsmyndirnar eru teknar upp báðar í einu og Bloom segist vera búinn að leika í atriðum fyrir þriðju myndina án þess að vera búinn að fá handrit í hendurnar. Hann má vitaskuld ekki segja mikið um myndirnar en fékkst þó til að staðfesta að persóna hans, Will Turner, þurfi að leggjast í leiðangur til þess að bjarga unnustu sinni Elizabeth sem Keira Knightley leikur sem fyrr. „Ég er að reyna að vinna áfram með persónuna og þróa hana í spennandi áttir. Við erum ekki bara að endurtaka sama leikinn,“ segir Bloom og fullyrðir að það hafi verið gríðarlega gaman að hitta Keiru og Johnny Deep aftur og halda áfram í sjóræningjaleik.



**ORLANDO OG KEIRA** Þau leika kærustuparið Will og Elisabet í tveimur myndum sem koma í kjölfar Pirates of the Carribean.

Bloom staðfestir einnig að eitthvað sé til í því að Rollingurinn Keith Richards muni leika föður sjóræningjans Jack Sparrow en Johnny Deep segist hafa byggt persónu Jacks á gamla rokkhundinum. Þá mætir Stellan Skarsgard til leiks í hlutverki Bootstrap Bill Turner, föður Blooms, en á honum hvílir bölvun þannig að hann hefur þurft að ganga um á botni sjávar lifandi dauður í lengri tíma. ■


FURÐULEGASTA ÆVINTÝRI ALHEIMSINS HEFST ÞEGAR JÖRÐIN ENDAR
DON'T LEAVE EARTH WITHOUT IT
THE HITCHHIKER'S GUIDE TO THE GALAXY
BYGGÐ Á EINNI VINSÆLUSTU BÓK ALHEIMSINS EFTIR DOUGLAS ADAMS
TOUCHSTONE PICTURES SPYGLASS ENTERTAINMENT BARBER/BIRNBAUM HAMMER AND TONGS EVERYMAN PICTURES "THE HITCHHIKER'S GUIDE TO THE GALAXY"
SAM ROCKWELL MOS DEF ZOOEY DESCHANEL MARTIN FREEMAN BILL NIGHY ANNA CHANCELLOR JOHN MALKOVICH TODD ARNOW CAROLINE HEWITT JOBY TALBOT SAMMY SHELDON NIVEN HOWIE
JOEL COLLINS IGOR JADUE-LILLO DOUGLAS ADAMS ROBBIE STAMP DEREK EVANS GARY BARBER ROGER BIRNBAUM NICK GOLDSMITH JAY ROACH JONATHAN GLICKMAN
DOUGLAS ADAMS DOUGLAS ADAMS KAREY KIRKPATRICK GARTH JENNINGS
4. MAÍ
ÁLFABAKKI KL. 3.45 - 6 - 8.15 - 10.30 LÚXUS VIP KL. 3.45 - 6 - 8.15 - 10.30
AKUREYRI SÝND KL. 6 - 8 - 10
HÁSKÓLABÍÓ SÝND KL. 5.45 - 8 - 10.15
KRINGLAN SÝND KL. 4-5.45-8-10.15
KEFLAVÍK SÝND KL. 8 - 10.10
5. MAÍ
ÁLFABAKKI KL. 1.50 - 3.45 - 6 - 8.10 - 9.20 - 10.30 LÚXUS VIP KL. 3.45 - 6 -8.15 - 10.30
AKUREYRI SÝND KL. 4-6-8-10
HÁSKÓLABÍÓ SÝND KL. 5.45 - 8 - 10.15
KRINGLAN SÝND KL. 4.20 - 6.20 - 8.40 10 - 11.15
KEFLAVÍK SÝND KL. 3.40 - 5.50 8 - 10.10
FRUMSÝND Í DAG!
REYKJAVÍK • KEFLAVÍK • AKUREYRI
Háskólabíó
Kiss FM 895
SAMBÍÓIN
















# Yfirskilvitleysa

**[ KVIKMYNDIR ]**

**UMFJÖLLUN**

Adrien Brody leikur Jack Speer, 27 ára gamlan hermann í fyrra Íraksstríði. Jack er skotinn í höfuðið af stuttu færi. Sem betur fer hæfir kúlan engin mikilvæg líffæri. Jack missir þó minnið við höfuðskotið og ráfar um Bandaríkin í leit að sjálfum sér. Hann verður vitni að morði á lögreglumanni og er aftur skotinn.

Jack er þó með eindæmum seigdrepandi og er á endanum dæmdur til betrunarvistar á stofnun fyrir geðsjúka glæpamenn, fyrir morðið á löggunni. Á geðsjúkrahúsinu tekst Jack með aðstoð úlpu nokkurrar, sem hann klæðist meðan hann dvelst í þröngri líkskúffu, að sjá fyrir óorðna atburði.

Sterkustu þættir myndarinnar eru í upphafi þegar spilað er á innilokunarkennd og ofsóknarbrjálæði, auk þess sem myndin er frábærlega tekin og vel unnin að öllu leyti tæknilega. Sagan er hins vegar með eindæmum ótrúverðug og klén og tímaflakkið verður tilgerðarlegt og ekki til að renna stoðum undirfrásögnina. Adrien Brody og Keira Knightley gera sitt besta en hafa úr litlu að moða því persónusköpunin ristir grunnt.

**Einar Árnason**



**THE JACKET**

**LEIKSTJÓRI:** JOHN MAYBURY

**AÐALHLUTVERK:** ADRIEN BRODY, KEIRA KNIGHTLEY, KRIS KRISTOFFERSO

**NIÐURSTAÐA:** Sagan er með eindæmum ótrúverðug og klén og tímaflakkið verður tilgerðarlegt og ekki til að renna stoðum undir frásögnina.













■ TÓNLIST



**DURAN DURAN** Popphljómsveitin fornfræga er á leiðinni hingað til lands.

# Uppselt í Osló

Uppselt er á tónleika Duran Duran í Osló þann 27. júní en miðasala á tónleika sveitarinnar hér á landi í Egilshöll 30. júní er ekki enn hafin. Fjölmargir Íslendingar bíða vafalítið spenntir eftir því að tryggja sér miða á tónleika þessarar fornfrægu bresku hljómsveitar.

Tónleikaferðin sem Duran Duran verður á er hún kemur hingað til lands nefnist World Tour 2005 en ekki Summer Sonic Festival eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær. World Tour 2005 er farin til að fylgja eftir nýjustu plötu sveitarinnar, Astronaut, sem kom út í október á síðasta ári. Eftir að tónleikaferðinni um Evrópu lýkur 2. júlí heldur Duran Duran um miðjan ágúst til Japans til að spila á tónlistarhátíð sem nefnist einmitt Summer Sonic Festival. ■












# VIÐ TÆKIÐ

## Endursýningar bestu þáttanna

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** NEYÐIST TIL AÐ PASSA UPP Á MÁNUDAGSKVÖLDIN SÍN

Endursýningar á þáttum eru mjög viðkvæmt dagskrárefni sem getur farið út í öfgar. Dagskrá sjónvarpsstöðva á ekki að vera byggð upp á tómum endursýningum. Skjár einn hefur verið einstaklega duglegur við að endursýna þætti og þjónusta þannig áhorfendur sem af einhverjum ástæðum misstu af uppáhaldsþættinum sínum. Mörgum þykir þó nóg um endursýningarnar á Skjá einum og finnst þær einoka dagskrána, það þurfi jafnvel að hafa fyrir því að finna þátt sem ekki er endursýndur.

RÚV hefur tekið til sýningar tvo þætti sem hafa á skömmum tíma eignast stóran aðdáendahóp, annars vegar Lost og hins vegar Desperate Housewives. Hvorugur



**AÐÞRENGDAR EIGINKONUR** Þetta er einn vinsælasti þátturinn á Íslandi en hann er ekki endursýndur sem því miður er ekkert nýtt hjá RÚV.

þessara þátta er endursýndur og því þurfa aðdáendur þeirra að gæta þess að ekkert komi upp á þau kvöld sem þeir eru sýndir. Félagi minn, sem er mikill aðdáandi Lost, gerði einu sinni þau mistök að missa af einum þætti og þau gerir hann ekki aftur í bráð.

Það hefur verið lenska hjá Ríkissjónvarpinu að endursýna ekki vinsælustu þættina, þó að sumir komi aftur á dagskrá að hálfu ári liðnu. Dæmi um þetta eru Fraiser, Sex and the City og Sopranos. Þau Fraiser, Carrie og Tony áttu mjög stóran aðdáendahóp sem nánast grét sig í svefn ef einn þáttur fór forgörðum.

Að endursýna vinsælustu þættina án þess að þeir raski hefðbundinni dagskrá er sjálfsögð þjónusta sem RÚV hefur ekki sinnt sem skyldi. Það að Spaugstofan skuli vera endursýnd klukkan korter yfir ellefu á mánudagskvöldum er óskiljanleg ákvörðun þar sem hún er fjölskylduþáttur. Væri þá ekki betra að endursýna Desperate Housewives?



**20.55** *Gaman*

**Little Britain. Grínistarnir Matt Lucas og David Walliams gera grín að samlöndum sínum.**



**22.00** *Drama*

**Strong Medicine. Þáttur um tvo ólíka kvenlækna sem berjast fyrir bættri heilsu.**



**21:00** *Raunveruleiki*

**America's Next Top Model. Nú eru aðeins fjórar stúlkur eftir og þeim er kennt á tískuna í Tókýó.**

### SJÓNVARPIÐ

**16.05** Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva (2:4) **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Stjáni (19:26) **18.23** Sígildar teiknimyndir (31:42)

**18.30 Sögur úr Andabæ (5:14)** (Ducktales)

**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljósið**
**20.10 Bráðavaktin (22:22)** (ER)
**20.55 Í einum grænum (1:8)** Ný garðyrkjuþáttaröð þar sem tekið er á því helsta sem lýtur að fegrun garða. Umsjónarmenn þáttanna, Guðríður Helgadóttir og Kristinn H. Þorsteinsson, gefa áhorfendum hagnýt ráð við umhirðu garða og skipulagningu þeirra. Framleiðandi er Sagafilm. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
**21.25 Litla-Bretland (5:8)** (Little Britain)
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Ístölt í Egilshöll 2005** Samantekt af keppni bestu knapa landsins í ístölti og gæðingakeppni á stóðhestum á ís. e.

**23.00** Formúlukvöld **23.30** Hart á móti hörðu (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 12 ára) **1.00** Kastljósið **1.20** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið **12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi **13.00** Sjálfstætt fólk **13.40** Að hætti Sigga Hall (e) **14.15** The Osbournes (e) **14.50** Whose Line is it Anyway **15.15** Summerland (e) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)
**20.00 Strákarnir**
**20.30 Medium (8:16)** (Miðillinn)Allison DuBois er þekktur miðill í Bandaríkjunum. Hún sér það sem aðrir sjá ekki. Bönnuð börnum.
**21.15 Kevin Hill (5:22)** (Making The Grade)Nýr myndaflokkur um lögfræðing í tónlistariðnaðinum.
**22.00 Strong Medicine 3 (1:22)** (Samkvæmt læknisráði 3) Þáttaröð um tvo ólíka en kraftmikla kvenlækna sem berjast fyrir bættri heilsu kynsystra sinna.
**22.45 Oprah Winfrey** (Look 10 Pounds Thinner-Instantly!)

**23.30** Strange Planet (Bönnuð börnum) **1.00** Medical Investigations (4:20) **1.45** Mile High (4:26) (Bönnuð börnum) **2.30** Fréttir og Ísland í dag **3.50** Ísland í bítið **5.50** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SKJÁREINN

**7.00** Everybody loves Raymond (e) **7.30** Fólk – með Sirrý (e) **9.10** Þak yfir höfuðið (e) **9.20** Óstöðvandi tónlist

**17.55** Cheers – 2. þáttaröð (17/22) **18.20** Innlit/útlit (e)

**19.15 Þak yfir höfuðið** Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
**19.30 Everybody loves Raymond (e)**
**20.00 Fólk – með Sirrý** Sirrý tekur á móti gestum í sjónvarpssal og slær á létta jafnt sem dramatíska strengi í umfjöllun sinni um það sem hæst ber hverju sinni.
**21.00 America's Next Top Model** Fjórar stúlkur eru eftir. Þeim er kennt á tískuna í Tókíó. Yaya mætir of seint til keppni og hlakkar þá í hinum.
**22.00 Law & Order: SVU** Atburður í fortíð Munch verður til þess að hann hellir sér út í rannsókn á fósturfræðingi sem er ásakaður um að hafa greitt fyrir sjálfsmorði þunglyndrar konu.
**22.45 Jay Leno** Jay Leno tekur á móti gestum af öllum gerðum í sjónvarpssal.

**23.30** Queer Eye for the Straight Guy (e) **0.15** One Tree Hill (e) **1.00** Þak yfir höfuðið (e) **1.10** Cheers – 2. þáttaröð (17/22) (e) **1.35** Óstöðvandi tónlist

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Relative Values (Bönnuð börnum) **8.00** Legally Blonde **10.00** Just Looking **12.00** Anger Management **14.00** Elling **16.00** Legally Blonde **18.00** Just Looking **20.00** Relative Values (Bönnuð börnum) **22.00** How High (Bönnuð börnum) **0.00** Anger Management **2.00** Elling **4.00** How High (Bönnuð börnum)

### OMEGA

**8.00** Ron P. **8.30** Ísrael í dag **9.30** Joyce M. **10.00** Daglegur styrkur **11.00** Miðnæturhróp **11.30** Um trúna **12.00** Freddie F. **12.30** Dr. David **13.00** Daglegur styrkur **14.00** Joyce M. **14.30** Mack L. **15.00** Vatnaskil **16.00** Daglegur styrkur **17.00** Sherwood C. **17.30** Maríusystur **18.00** Joyce M. **18.30** Ron P. **19.00** Daglegur styrkur **19.30** Ron P. **20.00** Ísrael í dag **21.00** Gunnar Þorsteinsson **21.30** Joyce M. **22.00** Daglegur styrkur

### AKSJÓN

**7.15** Korter **20.30** Aksjóntónlist **21.00** Níubíó **23.15** Korter

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**17.00** Table Tennis: World Championship China **18.00** Rally: World Championship Italy **19.15** Equestrianism: World Cup Las Vegas United States **20.15** Golf: U.S. P.G.A. Tour Zurich Classic of New Orleans **21.15** Golf: the European Tour Bmw Asian Open **21.45** Sailing: Vendée Globe **22.45** All Sports: Wednesday Selection **23.00** All Sports: Casa Italia **23.15** News: Eurosportnews Report

**BBC PRIME**
**12.00** Monarch of the Glen **12.50** Teletubbies **13.15** Tweenies **13.35** Fimbles **13.55** Balamory **14.15** Step Inside **14.25** Teletubbies Everywhere **14.35** The Really Wild Show **15.00** The Weakest Link **15.45** Bargain Hunt **16.15** Ready Steady Cook **17.00** Doctors **17.30** EastEnders **18.00** Location, Location, Location **18.30** A Place in France **19.00** Diarmuid's Big Adventure **20.00** Living the Dream **21.00** Spooks **21.50** Murder in Mind **23.00** Renaissance **0.00** Great Writers of the 20th Century **1.00** Biology Form and Function

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Dogs with Jobs **12.30** Totally Wild **13.00** Frontlines of Construction **14.00** Marine Machines **15.00** Born Wild **16.00** Battlefront **17.00** Air Crash Investigation **18.00** Dogs with Jobs **18.30** Totally Wild **19.00** Born Wild **20.00** Frontlines of Construction **21.00** Megastructures **22.00** The Search for Kennedy's PT-109 **23.00** Forensic Factor **0.00** Frontlines of Construction

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Wildlife Specials **13.00** Ferocious Crocs **14.00** Animal Cops Detroit **15.00** The Planet's Funniest Animals **15.30** Amazing Animal Videos **16.00** Growing Up... **17.00** Monkey Business **17.30** Keepers **18.00** Great Elephant Rescue **19.00** Journey of the Giant **20.00** Miami Animal Police **21.00** The Life of Birds **22.00** Pet Rescue **22.30** Breed All About It **23.00** Wildlife SOS **23.30** Aussie Animal Rescue **0.00** Killer Whales **1.00** Growing Up...

**DISCOVERY**
**12.00** Building the Ultimate **12.30** Massive Engines **13.00** Weapons of War **14.00** Junkyard Wars **15.00** Rex Hunt Fishing Adventures **15.30** Buena Vista Fishing Club **16.00** Channel Tunnel **17.00** A Bike is Born **18.00** Mythbusters **19.00** Conspiracies on Trial **19.30** Storms of War **20.00** The Colour of War VII **21.00** Hitler in Colour **22.00** Forensic Detectives **23.00** Extreme Machines **0.00** Reporters at War

**MTV**
**13.00** SpongeBob SquarePants **13.30** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** Hit List UK **18.00** MTV Making the Movie **18.30** Making the Video **19.00** The Osbournes **19.30** Jackass **20.00** Top 10 at Ten **21.00** MTV Mash **21.30** Pimp My Ride **22.00** The Lick **23.00** Just See MTV

**VH1**
**15.00** So 80s **16.00** VH1 Viewer's Jukebox **17.00** Smells Like the 90s **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** Kajagoogoo **20.00** One Hit Wonders **21.00** VH1 Rocks **21.30** Flipside **22.00** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** Power Food **12.40** The Race **13.30** Hollywood One on One **14.00** Cheaters **14.45** Girls Behaving Badly **15.10** Lofty Ideas **15.35** Retail Therapy **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** The Race **17.40** Retail Therapy **18.05** Matchmaker **18.30** Hollywood One on One **19.00** Girls Behaving Badly **19.25** Cheaters **20.10** More Sex Tips for Girls **20.45** Ex-Rated **21.10** Men on Women **21.35** Sextacy **22.00** In Your Dreams **22.25** Crime Stories **23.10** Art and Soul **23.40** Cheaters **0.25** City Hospital **1.25** Fashion House

**E! ENTERTAINMENT**
**12.00** E! News **12.30** Life is Great with Brooke Burke **13.00** The E! True Hollywood Story **14.00** Style Star **14.30** Gastineau Girls **15.00** Jackie Collins Presents **16.00** 101 Reasons the '90s Ruled **17.00** Fashion Police **17.30** Behind the Scenes **18.00** E! News **18.30** Life is Great with Brooke Burke **19.00** E! Entertainment Specials **20.00** Dr. 90210 **21.00** E! Entertainment Specials **22.00** Love is in the Heir **22.30** Gastineau Girls **23.00** E! News **23.30** Extreme Close-Up **0.00** Dr. 90210

**JETIX**
**12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon **14.15** Digimon **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**CARTOON NETWORK**
**12.20** Samurai Jack **12.45** Foster's Home for Imaginary Friends **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** Codename: Kids Next Door **14.00** Hi Hi Puffy Amiyumi **14.25** The Cramp Twins **14.50** The Powerpuff Girls **15.15** Johnny Bravo **15.40** Megas XLR **16.05** Samurai Jack **16.30** Tom and Jerry **16.55** Looney Tunes **17.20** The Cramp Twins **17.45** Ed, Edd n Eddy **18.10** Codename: Kids Next Door **18.35** Dexter's Laboratory

**MGM**
**12.30** Cool Change **14.00** Vampire and the Ballerina **15.30** Adventures of Gerard **17.00** Eureka **19.10** Sweet Lies **20.45** First Power **22.25** Bikini Shop **0.05** Wisdom **1.55** Straight Out of Brooklyn

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

### Í EINUM GRÆNUM *Sjónvarpið* kl. 20.55

*Þetta er þriðja þáttaröðin af Í einum grænum.*

### Paradís í skjóli kletta

Í kvöld hefst garðyrkjuþátturinn Í einum grænum þriðja sumarið í röð. Nú eru landsmenn eflaust margir hverjir farnir að huga að garðverkunum og því ekki seinna vænna en að læra allt það helsta um fegrun garða. Umsjónarmenn þáttanna eru sem fyrr Guðríður Helgadóttir og Kristinn H. Þorsteinsson og gefa þau áhorfendum hagnýt ráð við umhirðu garða og skipulagningu þeirra. Í fyrsta þætti er meðal annars komið við í paradís sem hvílir í skjóli kletta og hraundranga.



Guðríður Helgadóttir og Kristinn H. Þorsteinsson.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða bíómynd var sagt:

**„Knowing is the easy part; saying it out loud is the hard part."**

**Svar:** Tim Booker úr kvikmyndinni The Horse Whisperer frá árinu 1998.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Morgunútvarpið – Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir og Sigurjón M. Egilsson. **9.03** Margrætt með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur. **10.03** Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni.

**12.15** Hádegisútvarpið – Umsjón: Sigmundur Ernir Rúnarsson. **13.01** Hrafnaþing – Umsjón: Ingvi Hrafn Jónsson.

**14.03** Er það svo – Umsjón: Ólafur B. Guðnason. **15.03** Allt og sumt með Hallgrími Thorsteinsson og Helgu Völu Helgadóttur.

**17.59** Á kassanum – Illugi Jökulsson.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Slæðingur **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Á þjóðlegu nótunum **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.50** Auðlind **13.05** Orð skulu standa **14.03** Útvarpssagan: Karlotta Lövenskjöld **14.30** Miðdegistónar **15.03** Tónaljóð **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.15** Sáðmenn söngvanna **21.00** Út um græna grundu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Allt skal frjálst, allt skal jafnt

**23.00** Fallegast á fóninn

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **20.00** Útvarp Samfés **21.00** Konsert **22.10** Geymt en ekki gleymt

**0.10** Glefsur **1.10** Ljúfir næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00**Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju.

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

**12.25** Meinhornið (endurfl. frá laug.) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR

**15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** TÖLVUR & TÆKNI **18.00** Meinhornið (endurfl) **19.40** Endurflutningur frá liðnum degi.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**18.30** *Íþróttir*

**Meistaradeild Evrópu. Nú er komið að beinni útsendingu frá síðari undanúrslitaleik PSV Eindhoven og AC Milan.**

## SÝN

**7.00** Olíssport

**17.45** David Letterman

**18.30 UEFA Champions League** (PSV Eindhoven – AC Milan)Bein útsending frá síðari undanúrslitaleik PSV Eindhoven og AC Milan. Mílanóliðið þykir sigurstranglegra í kvöld en enginn skyldi samt afskrifa Hollendingana sem hafa komið töluvert á óvart í Meistaradeildinni.

**21.00 US PGA 2005 – Monthly** Hvað gerðist í bandarísku mótaröðinni í síðasta mánuði? Upprifjun á eftirminnilegum augnablikum á golfvellinum.

**22.00 Olíssport** Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis. Það eru starfsmenn íþróttadeildarinnar sem skiptast á að standa vaktina.

**22.30 David Letterman** Það er bara einn David Letterman og hann er konungur spjallþáttanna. Góðir gestir koma í heimsókn og Paul Shaffer er á sínum stað.

**23.15** UEFA Champions League (PSV Eindhoven – AC Milan) **0.55** World Series of Poker

## POPP TÍVÍ

**7.00** Jing Jang **17.45** Fríða og dýrið **18.45** I Bet You Will **19.15** Tvíhöfði (e) **19.45** Game TV **20.15** Sjáðu **20.45** Ren & Stimpy 2 **21.18** Jing Jang **21.55** Real World: San Diego

**TCM**

**19.00** Objective, Burma! **21.20** Kissin' Cousins **22.50** Hot Millions **0.35** The Two Mrs Carrolls **2.10** Somewhere I'll Find You

**HALLMARK**

**12.45** The Last Chance **14.15** To Dance With The White Dog **16.00** Early Edition **16.45** Dinotopia **18.30** Taking Liberty **20.00** Law & Order Vi **20.45** Five Days To Midnight **21.30** Sioux City **23.15** Five Days To Midnight **0.00** Law & Order Vi **0.45** Taking Liberty **2.15** Sioux City

**BBC FOOD**

**12.00** Tyler's Ultimate **12.30** Ready Steady Cook **13.00** The Hi Lo Club **13.30** Kitchen Takeover **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** A Cook On the Wild Side **15.30** Ready Steady Cook **16.00** Capital Floyd **16.30** Sophie's Sunshine Food **17.00** The Italian Kitchen **17.30** Rick Stein's Fruits of the Sea **18.30** Ready Steady Cook **19.00** The Hi Lo Club **19.30** Chefs at Sea **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** Street Cafe **21.30** Ready Steady Cook

**DR1**

**12.50** Mit ¢mme punkt **13.20** Den nye have **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Boogie **15.00** Braceface **15.30** Konfirmanderne **16.00** Peter Plys **16.20** Gurli Gris **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Nyhedsmagasinet **17.30** Rabatten **18.00** DR Dokumentar: Afrikas b¢rn **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.35** Se til venstre, der er en svensker **21.05** Onsdags Lotto **21.10** Trubadurens aften **22.00** Den lysende rytter **23.55** Boogie

**SV1**

**12.20** Se dig om i vrede **14.00** Rapport **14.05** Plus **14.35** Familjen Anderson **15.00** Sverige! **15.30** Krokodill **16.00** BoliBompa **16.01** Myror i brallan **16.30** Sagoberättaren **17.00** Rea **17.30** Rapport **18.00** Djursjukhuset **18.30** Mitt i naturen **19.00** The One **20.35** Cirkeln som slutade läsa **21.05** Rapport **21.15** Kulturnyheterna **21.25** Inför ESC 2005 **22.25** En röst i natten **23.15** Sändningar från SVT24






## HRÓSIÐ

*...fær Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri fyrir að vera góð fyrirmynd og taka þátt í átaki Íþróttasambands Íslands og hjóla í vinnuna.*

## ÞRÍR SPURÐIR

HVERNIG LÍST ÞÉR Á INGVAR E. SIGURÐSSON Í HLUTVERKI ERLENDS Í MÝRINNI?



*Kristinn Kristjánsson foringi Hins íslenska glæpafélags.*

**Ekki nógu feitur**
Nú er stórt spurt! Mér líst bara vel á það, þótt mín persónulega upplifun á persónunni Erlendi gefi mér tilefni til að telja Ingvar alls ekki nógu feitan í hlutverkið. Ingvar er auðvitað frábær leikari og passar held ég ágætlega aldurslega því Erlendur er ekki nærri eins gamall og hann lítur út fyrir að vera. Þetta er því fínn aldur og Ingvar mun taka sig vel út í hlutverki Erlends með sín börn á snemmþrítugsaldri.



*Dröfn Þórisdóttir útgáfustjóri hjá Eddu útgáfu.*

**Spennandi Erlendur úr Ingvari**
Mér líst bara vel á það. Ingvar er afbragðs leikari. Ég hafði að vísu gert mér Erlend í hugarlund sem bæði eldri og þreknari náunga, en það verður spennandi að sjá hvernig þeir ná að gera Erlend úr Ingvari. Aldur er auðvitað afstæður og þetta verður alltaf spurningin um að geta leikið. Ég treysti Baltasar til að gera eitthvað flott úr þessu.



*Súsanna Svavarsdóttir, bókmenntafræðingur í San Fransisco.*

**Feitur, lúinn og lífsleiður**
Mjög vel. Ingvar er frábær leikari – sem er það eina sem skiptir máli fyrir hvaða hlutverk sem er. Mér hefur alltaf þótt Erlendur sérlega óáhugaverð sögupersóna; feitur, lúinn og lífsleiður. Ingvar getur áreiðanlega skilað karaktereinkennum hans en hefur nægan sjarma til þess að gera hann áhugaverðan. Að horfa á alvöru leikara vinna er eins og að horfa á listaverk sem maður verður aldrei leiður á.



**Lárétt:** **2** áfall, **6** jökull, **8** fugl, **9** ílát, **11** sjúkdómur, **12** jafnaðarmann, **14** feril, **16** ekki, **17** mjúk, **18** vendi, **20** í röð, **21** orm.
**Lóðrétt:** **1** hársveip, **3** drykkur, **4** handsamaðir, **5** lofttegund, **7** stefnan, **10** mál, **13** verkfæri, **15** svara, **16** hestur, **19** ólíkir sérhljóðar.

**Lausn.**
**Lárétt:** **2** dögg, **6** ok, **8** lóa, **9** kút, **11** ms, **12** krata, **14** slóða, **16** ei, **17** lin, **18** sný, **20** rs, **21** snák.
**Lóðrétt:** **1** lokk, **3** öl, **4** gómaðir, **5** gas, **7** kúrsinn, **10** tal, **13** tól, **15** ansa, **16** ess, **19** ýá.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1 Um 76 prósent.
2 Fyrirtækið tapaði rúmlega milljarði króna.
3 Jónasi frá Hriflu.






**MÝRIN:** KOSTAR 170 MILLJÓNIR

# Stór mynd á íslenskan mælikvarða

Það var Ingvar E. Sigurðsson, mörgum að óvörum, sem hreppti hlutverk Erlendar í kvikmyndinni Mýrinni sem er byggð á skáldsögu Arnalds Indriðasonar. Undanfarið hálft ár hefur mikið verið rætt um hver gæti leikið þennan snjalla rannsóknarlögreglumann. Elva Ósk Ólafsdóttir mun leika Elínborgu og Björn Ingi Haraldsson fer með hlutverk Sigurðar Óla.

Valið á Ingvari verður að teljast nokkuð óvænt, því hann hefur ekki verið talinn líklegur kandítat í hlutverkið. Frekar var talið að mun eldri leikari hreppti það. „Við fórum í gegnum nánast alla leikarastéttina og tókum okkur góðan tíma til þess að velja í hlutverkið," segir Baltasar Kormákur, framleiðandi myndarinnar. Hann segir það hafa ráðið úrslitum hversu vel Ingvar höndli hlutverk af þessari stærðargráðu á hvíta tjaldinu. „Þá komu hingað til lands aðilar frá þýska fyrirtækinu Bavaria sem tekur þátt í framleiðslunni. Þeim leist mjög vel á hann en höfðu þó ekki séð hann í öðrum kvikmyndum," segir Baltasar og telur það sýna hversu góður leikari Ingvar er. „Hann gerir allt sitt mjög fagmannlega," bætir hann við.

Hvað aldur Ingvars varðar segir Baltasar að hann hafi „aldurslaust" yfirbragð auk þess sem hann sé 42 ára og geti því vel átt átján ára dóttur eins og Erlendur. Hann vildi ennfremur ekkert gefa út á það hvort þessi „ungi" aldur Ingvars benti til þess að fleiri myndir væru í burðarliðnum. „Ég á eingöngu réttinn að Mýrinni en ef vel tekst til þá er ég mjög spenntur fyrir því. Það er hins vegar alveg ótímabært að ræða slíka hluti."

Mýrin verður mjög stór mynd á íslenskan mælikvarða ef tekið er mið af því að hún er ekki á ensku og ekki með víkingum. Kostnaðurinn við gerð hennar verður um 170 milljónir íslenskra króna og segir Baltasar að hún verði af svipaðri stærðargráðu og Hafið. Nýlega voru skoðaðir tökustaðir, í Norðurmýrinni og á Reykjanesi. „Mér finnst Grindavík vera mjög spennandi staður, ber og flottur," segir hann. Það er Edward Martin Weinman sem er að leggja lokahöndina á handritið en hann aðstoðaði Baltasar við handritið að Little Trip to Heaven. Jón Atli Jónasson mun síðan íslenska það.

Reynir Lyngdal leikstýrir myndinni og segist Baltasar treysta honum fullkomlega, þrátt fyrir að þetta sé fyrsta myndin hans í fullri lengd. „Reynir hefur gert mikið af auglýsingum og stuttmyndum þannig að hann þekkir þennan miðil mjög vel." Mýrin fer væntanlega í tökur í haust.

freyrgigja@frettabladid.is



**ER ÞETTA ERLENDUR?** Valið á Ingvari E. Sigurðssyni verður að teljast nokkuð óvænt því hingað til hefur verið talið að mun eldri leikari hreppti hlutverk Erlends.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Með fréttum síðustu viku um meint samband **Ölmu Guðmundsdóttur**, söngkonu í Nylon, og **Óskars Páls Sveinssonar** upptökustjóra er ljóst að stelpan ætlar sér að ná langt. Hún er að gera nákvæmlega það sama og **Celine Dion** gerði á sínum tíma þegar hún byrjaði með upptökustjóranum sínum og umboðsmanni, **Rene Angelil.** Það þarf ekki að tíunda söguna því stjarna Dion hefur skinið skært síðan hún hnaut um Angelil. Þetta bragð, að ná sér í einn eldri og reyndari, er þó alls ekki nýtt af nálinni og hægt væri að skrifa heila bók um slík sambönd. **Jane Fonda** byrjaði með leikstjóranum **Roger Vadim** og eftir það fór hennar ferill að ganga mun betur og sama má segja um Sophiu Loren þegar hún byrjaði með leikstjóranum **Carlo Ponti.** Það verður því spennandi að vita hvort Ölmu tekst jafn vel upp með Óskar Pál.





Í Fréttablaðinu á föstudag var ranglega sagt að blaðið *Orðlaus* væri hætt að koma út. Hið rétta er að útgefendur blaðsins hafa tekið höndum saman með **Sigurði G. Guðjónssyni, Karli Garðarssyni** og fleirum í kringum *Blaðið* sem er væntanlegt í hús á föstudag. Orðlaus mun koma út í óbreyttri mynd nema hvað útgöfudögum verður fjölgað og er áætlað að það komi út í byrjun hvers mánaðar. **Steinunn Jakobsdóttir**, ritstjóri Orðlausrar, mun einnig skrifa í Blaðið sem og **Magnús Björn Ólafsson** sem hefur skrifað í blaðið undanfarið. Annars hafa þær **Halldóra Þorsteinsdóttir**, fyrrum ritstjóri *Vamm*, og **Erna Kaaber**, fyrrum fréttakona af *Stöð 2*, ráðið sig til starfa á Blaðinu.






TÓNLIST

# Mugison fær góða dóma

Tónlistarmaðurinn Mugison, sem er á tónleikaferð erlendis um þessar mundir, fær góða dóma í breska tímaritinu Uncut og dagblaðinu The Times fyrir síðustu plötu sína Mugimama is this monkeymusic?

Platan fær fjóra af fimm mögulegum í Uncut. Þar er Mugison sagður vera undir áhrifum frá tónlistarmönnunum Tom Waits, Will Oldham og Beck. Í The Times fær platan fullt hús, eða fjóra af fjórum mögulegum. Þar er Mugison einnig líkt við Tom Waits, sem hlýtur að teljast mikill heiður fyrir Ísfirðinginn knáa. Gagnrýnandi The Times er hæstánægur og segir meðal annars: „Mugison hefur selt meira en Björk í heimaladi þeirra, Íslandi, og ástæðan er ekki sú að tónlistin svamli um í meginstraumnum. Mugimama snýr skrýtinni sýn Bjarkar á poppið í 90 gráður."

Tónleikaferð Mugison um Evrópu lýkur í París þann níunda maí. Í lok júní fer hann síðan til Danmerkur til að spila á Hróarskelduhátíðinni víðfrægu. ■



**MUGISON** Tónlistarmaðurinn Mugison fær góða dóma í breskum fjölmiðlum. Þar er honum meðal annars líkt við hinn virta tónlistarmann Tom Waits.

# • • Veldu þann sem þér þykir bestur!

4Mb/s extra ADSL V16

## V16 extra

- • • 4 Mb/s hraði
- • • 2GB erlent niðurhal
- • • 3 póstföng
- • • 1,99 kr. MB umfram erlent niðurhal

! Afnot af þráðlausum beini
! Mánaðaráskrift á tónlist.is

Allt þetta á aðeins

**3.890 kr.**

á mánuði allt innifalið!

6Mb/s extra ADSL V20

## V20 extra

- • • 6 Mb/s hraði
- • • 5 póstföng

! Afnot af þráðlausum beini
! Mánaðaráskrift á tónlist.is

Allt þetta á aðeins

**5.490 kr.**

á mánuði allt innifalið!

• • Ótakmarkað niðurhal!

8Mb/s extra ADSL V24

## V24 extra

- • • 8 Mb/s hraði
- • • 5 póstföng

! Afnot af þráðlausum beini
! Mánaðaráskrift á tónlist.is

Allt þetta á aðeins

**5.890 kr.**

á mánuði allt innifalið!

• • Ótakmarkað niðurhal!

BT

TÓNLIST.IS



*Kíktu við í næstu BT verslun og fáðu þér áskrift eða hringdu í síma 588-1234 og við sendum þér búnaðinn forstilltann og tilbúinn til notkunar þér að kostnaðarlausu!*

## • • hafðu hraðann á taktu fleiri bita!

BTNET

www.btnet.is.

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



Síðan 1991
Þakviðgerðir Pace®
Málarameistari sér um þakið
555 7500




BAKÞANKAR
SIGURJÓNS M. EGILSSONAR

# Letipillur

Fátt er verra en latt fólk og mikil lifandis skeflingar ósköp væri nú fínt ef til væru pillur við leti. Að hugsa sér þá dásemd að letingjar gætu tekið inn pillur, skömmu eftir að þeir hafa haft sig í það afrek að druslast á fætur, og yrðu á eftir hið mætasta fólk. Engar stunur og engin vorkunn þó þurfi að skafa snjó af bíl, hlaupa á eftir vagninum eða þó eitthvað annað óvænt komi uppá. Að hugsa sér ef allir letingjar þessa lands segðu þegar þeir vakna til nýs dags: „Enginn er verri þó hann vakni“.

**EITT ER VERRA** en vera örþreyttur, en það er að vera úthvíldur og hafa ekkert að gera. Þetta sagði einn af þeim duglegustu sem ég þekki þegar mikil vinna var að baki og ekki minni var óunnin. Þeim manni leið alltaf vel, hann var ekki verkfælinn, ekki kvíðinn erfiði og þess vegna var hann alltaf hress og kátur. Gekk glaður til allra verka. Svo eru það hinir, þeir sem engu nenna og finna mikið til með sjálfum sér. Finnst þeir eiga bágt.

**UNGLINGAR ERU** oft ótrúlega latir. Þannig var ég og þannig voru bræður mínir. Samt verð ég að segja að það var ekki sama hvert verkefnið var. Latastir vorum við við heimilisstörf og sáum reyndar ekki alltaf tilganginn með þeim. Til dæmis að læra heima. Enda sagðist mamma ekki skilja í okkur að burðast með þungar skólatöskurnar fram og til baka. Hún taldi eðlilegast að við geymdum þær bara í skólanum. Sama var að segja um tiltektir í eigin herbergjum. „Ef þið mynduð ekki anda ósjálfrátt köfnuðuð þið allir úr leti,“ sagði hún einu sinni.

**SEM BETUR FER** held ég að þetta hafi lagast með árunum, veit reyndar að það gerði það. En það væri fínt fyrir það fólk sem er enn eins latt og það var á unglingsárunum að geta tekið pillu með morgunmatnum og allt yrði eins og best er kostur. Svo berast fréttir af því að Íslendingar hafi sett heimsmet í að gefa börnum geðlyf. Ekki er nokkur ástæða til annars en að viðurkenna að til eru börn sem lifðu vondu og kannski óbærilegu lífi ef þau fengju ekki lyfin sín. Hins vegar er allt í lagi að spyrja hvort ástæða sé til að eiga heimsmet í þessu. Getur verið að letingjar hafi fundið ráð til að sleppa frá óþekkt og uppátækjum barna sinna með því að gefa þeim pillur, pillur sem betur færu í þá sem ekki nenna?


GULLVILD
- vertu góðu vanur




**Þinn ávinningur:**
- 200 fríar debetkortafærslur
- 6% endurgreiðsla vaxta
- Ókeypis gulldebetkort
- Ókeypis greiðsluþjónusta
- 50% afsláttur af gullkreditkorti
- Betri vaxtakjör

*GULLVILD ÍSLANDSBANKA* er heildarþjónusta sem hentar jafnt einstaklingum sem fjölskyldum og skilar drjúgum ávinningi í formi afsláttar og endurgreiðslu. Auk þess standa þér ýmsir þjónustuþættir til boða þér að kostnaðarlausu.

*Fáðu nánari upplýsingar um Gullvild hjá þjónustufulltrúum okkar, í þjónustuveri í síma 440 4000 og á isb.is.*

ÍSLANDSBANKI | 100%

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 2885



BRIDGESTONE Firestone FREMSTIR MEÐAL JAFNINGJA



SUMAR DEKK

**Bridgestone D694**
eru frábær jeppa- og pallbíladekk, mjúk og gripmikil. Flott dekk sem vekja athygli. Heilsársdekk.

**Firestone F590** er að öllum líkindum **langódýrasta ALVÖRU fólksbíladekkið** sem þér stendur til boða í sumar.

VERÐDÆMI:
13" frá kr.: 4.590.-
14" frá kr.: 6.990.-
15" frá kr.: 7.990.-




BRÆÐURNIR ORMSSON

**LÁGMÚLA 9** (ekið inn af Háaleitisbraut) · **SÍMAR 530-2846 / 530-2842 / 530-2800**